FORNLEIFAR Í SUNNANVERÐUM LAXÁRDAL:

FORNLEIFASKRÁNING Á BRETTINGSSTÖÐUM, LJÓTSSTÖÐUM, HAMRI OG HÓLKOTI



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: BIRNA LÁRUSDÓTTIR OG ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

REYKJAVÍK 2013

FS516-10101

Forsíðumynd er af heillegum vegg í bæjarrúst Ljótsstaða, SÞ-219:001

Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

©2013

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
FAX: 551 1047
NETFANG: fsi@instarch.is
www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. Inngangur 5

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 7

III. Skráningaraðferðir 9

IV. Fornleifaskrá 11


SÞ-219 Ljótsstaðir 11
SÞ-220 Brettingsstaðir 88
SÞ-221 Hamar 169
SÞ-221b Hólkot 191

V. Niðurstöður 197

Heimildaskrá 207

I. Inngangur

Fram til þessa hefur lítið verið vitað um eðli, umfang og ástand minja í Laxárdal í Þingeyjarsveit. Fyrstu skrefin til að safna upplýsingum um menningarlandslag á dalnum voru tekin 2002. Þá fjármagnaði Fornleifastofnun aðalskráningu á jörðunum Hamri og Hólkoti, sem eru syðst í austanverðum dalnum, en fjármagnið var takmarkað og því voru niðurstöðurnar aldrei gefnar út.[1] Sumurin 2011-2012 tók Hið þingeyska fornleifafélag við og kostaði skráningu á Brettingsstöðum og Ljótsstöðum og saman hafa stofnunin og félagið kostað úrvinnslu skráningarinnar og skýrslugerð. Með útkomu skýrslu þessarar er skráningu á um þriðjungi Laxárdals lokið en samtals hafa verið skráðar á þriðja hundrað minjar á svæðinu. Fyrstu niðurstöður benda til þess að dalurinn gæti verið afar hentugt svæði til kynningar á menningararfinum en ekki síður að hann gæti hentað vel til margvíslegra fornleifarannsókna. Áfram er unnið að því að leita fjármagns svo að unnt sé að halda skráningu á dalnum áfram.



Suðurhluti Laxárdals í Þingeyjarsveit, merktur með rauðum kassa. Dalurinn er allsum 27 km langur frá Brúum í norðri að Helluvaði í suðri. Loftmynd fengin á vef Landmælinga Íslands

Fornleifaskráninguna í Laxárdal voru skráðar af fornleifafræðingunum Birnu Lárusdóttur og Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og sá Elín um skýrsluskrif, uppsetningu og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Elínu eða Birnu nema að annað sé tekið fram.

[1] Þetta skýrir þann mun sem er teikningum fornleifa á þessum tveimur jörðum og myndgæðum ljósmynda, þ.e. þær myndir sem gerðar voru 2003 og birtast í skýrslunni eru oftast í lakari upplausn en það myndefni sem safnað var 2011-2012.

Í tengslum við skráninguna efndi Hið þingeyska fornleifafélag til kynniskvölda (Fornra fimmtudaga) á svæðinu árin 2011 og 2012. Þar kynntu skrásetjarar minjar á dalnum fyrir gestum og gangandi. Í bæði skipti var vel mætt og var sérlega gaman að sjá mikinn fjölda heimamanna á svæðinu. Samhliða skráningu á dalnum buðu skrásetjarar og Hið þingeyska fornleifafélag einnig upp á stutt vettvangsnámskeið fyrir nemendur á unglingastigi við Litlu-Laugaskóla sem talið var takast mjög vel.

Við skráninguna nutu skrásetjarar leiðsagnar heimamanna sem veittu margvíslegar upplýsingar um minjar á dalnum. Skrásetjarar vilja þakka öllum þeim fjölmörgu heimamönnum sem lögðu þeim lið, þeim nemum sem tóku þátt í vettvangsnámskeiði og þeim sem sýndu verkefninu áhuga og komu á kynniskvöld um það. Þeir vilja einnig færa Árna Einarssyni, líffræðingi, kærar þakkir fyrir afnot af myndefni og félagsmönnum Hins þingeyska fornleifafélags fyrir margvíslega hjálp og gott samstarf.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafli þar sem skráningarkerfi Fornleifastofnunar er útskýrt (kafli 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna sem skreytt er teikningum og ljósmyndum og í fimmta kafla og síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Allra aftast er að finna heimildaskrá, sérheitaskrá í stafrófsröð, hnitaskrá á landshnitaformi og kort.

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar

hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.


III. Skráningaraðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SÞ-220:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar: auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti minjastaðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 5 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan




Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

IV. Fornleifaskrá

SÞ-219 Ljótsstaðir



Heimatún Ljótsstaða. Uppdrátturinn byggir í grunninn á túnakorti sem gert var af heimatúninu árið 1919 en við hann hefur verið aukið og eru allar minjar sem skráðar voru á svæðinu sýndar.

1712: Jörðin metin á 15 hdr. "Varastaðir heitir örnefni hjer í landinu skamt frá heimajörðinni. Þar sjást tvær tóftarústir fornar og ekki önnur byggingamerki, ..." JÁM XI, 206.

1318: Grenjaðarstaðareign; DI II, 433.

1919: Tún 2,7 ha. sléttun túnsins er óskýr á túnakorti.

1965: Jörðin fór í eyði. Jörðin er í eigu niðja síðustu ábúenda.

Landshættir og landgæði

„Engjar öngvar, nema það lítið sem hent verður í úthögum. Úthagar er nægir," segir í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 um gæði jarðar (JÁM XI, 206). „Ljótsstaðaland er vel gróið og all stórt mýra og mólendi til heiðarinnar, en syðst í landinu er mikill skógur,"




Heimatúnið á Ljótsstöðum, séð úr lofti. Gamli bærinn var þar sem trjágróðurinn sést ofarlega í túninu en yngri bærinn er sunnar í túninu. Ljósmynd FSÍ

segir í Byggðum og búum í Suður-Þingeyjarsýslu (BBSÞ, 432). „Brekkan á milli bæjanna [Auðna og Ljótsstaða] er brött að hrauni og lítið graslendi með ánni. En í kringum Ljótsstaðabæinn er talsvert undirlendi milli hrauns og hlíða og mikið túnstæði. Ofan við

er lág en snarbrött brekka að heiðarbrún, en ofan við brúnina er víðáttumikil heiðarmýri, sem var aðalengi jarðarinnar," segir í Lýsingu Þingeyjarsýslna (LÞ I, 282).

SÞ-219:001 *Ljótsstaðir* bæjarhóll bústaður 65°41.202N 17°12.197V

Bæjarhóllinn á Ljótsstöðum er ofarlega (vestarlega) í miðju gamla heimatúninu. Úr



Gamli bærinn á Ljótsstöðum SÞ-219:001

gamla bænum var flutt á fyrri hluta 20. aldar og nýtt íbúðarhús byggt um 330 m sunnar. Gömlu bæjarrústirnar standa enn ennþá lítt raskaðar Samkvæmt Jóni Benediktssyni var flutt úr gamla torfbænum árið 1939 en jörðin fór í eyði 1965.

Gamli bærinn er ofarlega (vestarlega) í gömlu túni í órækt sem hallar aflíðandi til austurs, að Laxá. Túnið er grasi gróið en þýft. Fast sunnan við bæ er dautt birkitré en fast ofan (vestan) við bæjarrústina er röð (norður-suður) af ræktarlegum birkitrjám. Bæjarhóllinn er um 47 x 40 m og snýr austur-vestur. Hann er fremur ógreinilegur nema helst fyrir framan (austan) bæjarrústina og þar sem hann nær lengst til vesturs. Hæð bæjarhólsins er mest 0,4-0,6 m. Bæjarrústin er vestarlega á hólnum. Hún er um 23 x 21

m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin skiptist í sex hólf (A-F) og kálgarð sem er byggður við bæinn að vestan og sunnan (G). Allra fremst eða austast í tóftinni er stórt hólf sem gæti hafa verið einhvers konar baðstofa (A). Fyrir framan (austan) það liggur hluti af þili sem hefur verið fyrir einhverjum hluta bæjarins, líklega umræddu hólfi enda er veggurinn þar fyrir mjög lágur að austan og reyndar er norðurveggurinn líka fremur lágur þó að vel sjáist í ágætar grjóthleðslur þar (hæð mest 0,5 m). Hólfið er 7 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op hefur líklega verið á miðjum austurvegg en annað einnig inn í bæjargöngin, B á miðjum suðurvegg sem er um 0,8 m á hæð. Vesturveggur hólfsins er frekar þykkur og grasigróin þó að glitti í grjóthleðslur á 1-2 stöðum. Hann er um 1 m á hæð. Bæjargöngin B, eru víðast um 1,5 m á breidd og liggja í gegnum allan bæinn austur-vestur, frá austurhlið bæjar og alveg inn í botn bæjar þar sem hólf D er. Göngin eru því samtals um 11 m löng. Þar sem gengið hefur verið inn í bæjargöngin að austan hefur hrunið um 2 m breitt stykki úr veggnum og það er nú gróið og lokar göngunum eiginlega alveg til austurs. Áður en bæjargöngin enda í hólf D eru þrír inngangar inn í þau úr hólfum beggja vegna gagnanna. Ef bæjargöngin eru gengin til vesturs frá bæjardyrum er fyrst komið að inngangi á norðurhlið yfir í hólf A sem áður er getið. Þessi inngangur er að hluta til fylltur af hruni ofan í bæjargöngin austast. Aðeins vestar en til móts við þennan inngang er mjög víður inngangur (um 2 m á breidd) á suðurhlið bæjarganganna og yfir í hólf F sem er nokkuð óljóst. Um 3,5 m ofan (vestan) við inngang í hólf A er annar inngangur til norðurs, yfir í hólf C. Þar er mikið hrun og erfitt að átta sig á lagi hólfsins. Það hefur þó snúið norður-suður og verið nálega 3,5-4 x 3 m að innanmáli en bæði austur- og vesturveggir eru nær alveg hrundir. Suðurveggur er tæpur 1 m á hæð en norðurveggur er mjög stæðilegur. Þar eru grjóthleðslur í botninn (4-5 umför - 0,4 m á hæð) og þar ofan við er strengjahleðsla, samtals um 2 m á hæð. Torfið er þykkara neðst en þökurnar verða þynnri eftir því sem ofar dregur. Þessi veggur mjókkar upp í eins konar mænisás. Úr þessu hólfi hefur líklega verið inngangur á vesturvegg allra syðst yfir í hólf E og ekki virðist hafa verið inngangur í það annars staðar. Inngangur á milli E og C er næstum alveg horfinn í hrun og í raun er hólf E mjög illgreinanlegt vegna hruns. Þakið hefur alveg hrunið inn, timbur og toppþekja liggja ofan í tóftin gróin og því er nærri því ógjörningur að greina lag veggja eða stærð hólfs en norðvesturhorn hólfsins er þó enn stæðilegt og 1,5-2 m á hæð. Gróflega má þó ætla að það 3,5-4 x 3 m að innanmáli og það hefur snúið eins og hólf C, norður-suður. Hólf D er sunnan við hólf C og við enda bæjarganganna. Þar hefur þekjan einnig fallið ofan í hólfið

sem er gróið og sigið þó enn megi vel greina lag þess. Hólfið er það sem stendur hæst í bæjarrústin og örlítill halli er frá því og til austurs, út bæjargöngin. Allra vestast er bærinn líka mikið niðurgrafinn. Veggirnir eru þar allt að 2,5 m frá gólfi en hæð þeirra utanfrá er einungis um 0,5 m. Hleðslurnar í hólfinu eru allt að 2,5 m á hæð og nærri því eingöngu úr grjóti þó að í norðurvegg sé grjóthleðslan aðeins upp í 1,2 m hæð en strengjatorf þar ofan á í um 1 m. Hólfið er 4 x 3,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Þakið er hlaðið inn, sérstaklega um miðbik hússins að vestan. Hólf F sem er suðaustast í bæjarþyrpingunni er mun lægra og óljósara en önnur hólf. Norðvesturhorn hólfsins er skýrt (upp við bæ sem er þar 2 m á hæð) en aðrir veggir eru lágir og suðurveggur úr torfi, 0,4-0,5 m hár. Hólfið minnir meira á gerði en hólf undir þaki. Það er 7-8 x 3 m að



Tóftir gamla bæjarins á Ljótsstöðum SÞ-219:001. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs en á hægri mynd er það norðurveggur í hólfi C sem er myndefnið og er horft til norðvesturs

innanmáli og snýr austur-vestur. Frá norðausturhorni gengur um 2 m löng grjóthleðsla sem virðist nýleg og ekki er augljóst í hvaða tilgangi hefur verið hlaðin. Sunnan við suðurvegg F tekur við slétt svæði sem er 0,2-0,3 m hærra en umhverfið og austast í því stendur stæðilegt en steindautt tré. Þessi hæð nær um 5 m til suðurs frá suðurvegg F og alveg upp að vesturvegg kálgarðs sem er ofan (vestan) við bæinn. Kálgarðurinn G, markast af vesturhlið bæjar að austan og umræddri brún að sunnan en stæðilegur grjótveggur, um 20 m langur hefur markað vesturhlið hans og um 5-6 m löng torfhleðsla að norðan. Fast innan (austan) við grjótgarðinn stendur röð af birkitrjám. Garðurinn hefur því verið um 20 x 6 m stór og snúið norður-suður. Vel má vera að einhvers konar kálgarður hafi einnig verið sunnan við bæ í þeirri upphækkun sem þar er lýst.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919

SÞ-219:002 *Kúahlöðuhóll* tóft hlaða 65°41.222N 17°12.204V

"Norður af gamla bæ [001] er Kúahlöðuhóll," segir í örnefnaskrá. Húsið er merkt inn á túnakort frá 1919 um 25 m norðan við bæ 001. Tóft þess sést enn. Tóftin er ofarlega (vestarlega) í gömlu túni í órækt sem hallar aflíðandi til austurs, að Laxá. Túnið er grasi gróið en þýft.



Tóft Kúahlöðunnar SÞ-219:002. Á ljósmynd er horft til austurs

Tóftin er 8 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Hún er einföld og að mestu niðurgrafin. Mögulegt er að op hafi verið á austurvegg en nú er alveg hrunið fyrir það. Tóftin er alveg grjóthlaðin og djúp, mest 1,9 m djúp. Talsvert hefur hrunið inn í hana úr norðurvegg og eitthvað úr austurvegg. Tóftin er um 3,5 m á kant að innanmáli en einhvers konar útskot, 2 x 1,5 m að stærð, virðist hafa verið á austurvegg syðst. Talsvert ræktarlegur og hár hóll er undir húsinu og er hann a.m.k. 1 m á hæð. Ekki er útilokað að hóllinn sé Smiðjuhóll (sjá 024) þó að þar hafi verið sagt hesthús áður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919 og Ö-Ljótsstaðir,4

SÞ-219:003 tóft hesthús 65°41.279N 17°21.183V

"Næst er að tala um túnið. Það hefur tekið miklum stakkaskiptum...Yzt í túninu var hesthús og Hesthúslaut. Norðan hennar hét Hesthúsleiti en sunnan hennar Hesthúshóll...Hesthúsmelur heitir neðan til í brekkunni, norður og upp af hesthúsinu, 10-15 m í þvermál, nú gróandi," segir í örnefnaskrá. Hesthústóftin sem umrædd örnefni

draga nafn af var allra nyrst í gamla túninu og um 130 m norðan við bæ 001. Tóftin er enn greinileg 30-40 m sunnan við túngarð 017. Húsið er merkt inn á túnakort frá 1919. Tóftin er ofarlega (vestarlega) og allra nyrst í gömlu túni í órækt sem hallar aflíðandi til austurs, að Laxá. Túnið er grasi gróið en þýft.

Tóftin er 11 x 11 m stór. Hún skiptist í tvö hólf, A og B. Gengið er inn í hólf A norðan við miðju á austurvegg. Hólf A er um 6,5 x 2,5 m stórt og snýr norður suður. Hæð veggja er víða tæpir 2 m en vesturveggur, sem er á milli hólfa A og B er talsvert hrunin



Hesthústóft SÞ-219:003. Á ljósmynd er horft til suðurs

og ekkert op er greinilegt á milli hólfanna. Meðfram vesturvegg er enn hægt að greina leifar jötu. Hólf B hefur líklega verið hlaða og það er svipað að stærð og hesthúsið eða 6,5 x 3 m og snýr eins. Það er talsvert niðurgrafið þannig að hæð innri brún veggja frá tóftarbotni er allt að 3 m en hæð ytri brún veggja og á jafnsléttu utan tóftar er 0,5 m. Í hlöðunni er veggir hlaðnir úr grjóti í 2 m hæð og ofan á það hefur svo verið hlaðið með strengjatorfi. Suðurveggur hólfsins er mikið hruninn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919 og Ö-Ljótsstaðir, 3-4

SÞ-219:004 *Lækjarhús* tóft fjárhús 65°41.173N 17°12.216V

Fjárhústóft er í túni, 10-15 m sunnan við bæjarlækinn og um 45 m suður af bæjarhól 001. Á þessum stað eru sýnd útihús á túnakorti frá 1919. Þetta eru greinilega Lækjarhús sem sagt er frá í örnefnalýsingu: "Suður af gamla bænum á Ljótsstöðum var fyrst Lækjarhús og Lækjarhúshlaða, og sunnan við það við húsvegginn var hinn forni



Lækjarhús SÞ-219:004. Á ljósmynd er horft til austurs

farvegur Bæjarlækjarins." Þýft óræktartún, þó fremur slétt á þessum stað. Lækur rennur rúmum 10 m norðan við tóftina.

Einföld fjárhústóft með garða og hlöðu, alls um 15 x 6,5 m stór. Tóftin snýr austur-vestur. Fjárhúsið sjálft er um 10 m af heildarlengd tóftarinnar. Dyr snúa í austur en hlaða er í vesturenda. Hlaðan er ekki niðurgrafin meira en húsið en hleðslur í vesturenda suðurveggjar eru mjög háar og veglegar, allt að 3-4 m háar. Garðinn er nær alveg gróinn, um 0,3 m hár. Grjót sést víðast hvar í veggjum en mun minna grjót virðist þó vera í norðurlangvegg en þeim syðri. Hugsanlega hefur niðurgröftur fyrir húsinu náð dýpra þar og minna þurft að hlaða upp.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Ljótsstaðir, 4

SÞ-219:005 *Tvídyrahús* tóft fjárhús 65°41.135N 17°12.232V

Tóft af fjárhúsum er fast við vesturhlið túngarðs um 110 m SSV af bæjarhól 001. Þetta er væntanlega sama hús og um segir í örnefnalýsingu: "Sunnan við Lækjarhússmó var Tvídyrahúshóll. Þar var Tvídyrahús, en um 1929 var þessu húsi breytt og síðan nefnt



Tvídyrahús SÞ-219:004. Á ljósmynd er horft til austurs

Miðhús og Miðhúshóll." Húsið er merkt inn á túnakort frá 1919. Þýft tún í smáhalla mót austri.

Heilleg fjárhústóft með garða en engri hlöðu. Húsin eru um 11 x 6 m stór og snúa austur-vestur. Dyr snúa í austur og þar norðan við dyrnar er torfstabbi á vegg en annars hlaðið úr grjóti að mestu, víða frekar smáu. Besta grjótið, meðalstórir hraunsteinar, eru í austurgaflinum. Líklega var sú hlið hússins hvað sýnilegust. Garðinn er um 0,4 m hár, grjóthlaðinn en alveg gróið yfir hann. Veggir mest 1,7 m á hæð. Töluvert þakjárn og timbur er í tóftinni og norðan við hana. Grjót sést nær allsstaðar í innanverðum veggjum. Einkennileg dæld, hátt í 2 m í þvermál er fast utan við vesturgafl hússins en ekki ljóst hvort hún tengist notkun þess eða seinni tíma raski. Járntunnuleifar eru í suðausturhorni tóftarinnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Ljótsstaðir, 5

SÞ-219:006 *Kvíhús* tóft fjárhús 65°41.099N 17°12.196V

Fjárhústóft er í túni beint upp af fjárhústóft 007, um 160 m SSV af bæjarhól 001. Á þessum stað sést hús á túnakorti frá 1919. Þetta er væntanlega Kvíhús en um það segir í örnefnalýsingu: "Syðst á gamla túninu var Kvíhús. Þar voru ær mjaltaðar í mínu minni, en áður fyrr voru þær mjaltaðar í rétt við vallargarð." Þýft tún í smáhalla mót austri.

Tóftin er af mun stærra húsi en því sem sést á túnakorti frá 1919. Hún er greinilega af fjárhúsum en snýr einkennilega, hér um bil norðvestur-suðaustur, þvert á brekkuna og örlítið skáhallt á hana. Alls er tóftin um 20 x 7-8 m stór og dyr hafa verið á miðjum langhliðum, bæði þeirri eystri og vestari og þannig er líkt og húsið klofni í tvo hluta. Garðaleifar sjást í báðum pörtum en engin hlaða er sjáanleg. Veggir eru töluvert úr lagi gengnir, hafa verið úr torfi og grjóti, en austurlangveggur stendur best. Svo virðist sem suðurgafl hafi verið dálítið bogahlaðinn en norðurgafl vantar - þó mótar fyrir



Kvíhús SÞ-219:006. Á ljósmynd er horft til SSA

kanti þar sem og með norðurhluta vesturhliðar allra nyrst. Þar má vera að hafi verið smáhlaða innan við garðaenda en hún hefur þá verið lítil, um 6 x 2,5 m A-V og lítið sem ekkert niðurgrafin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Ljótsstaðir, 5

SÞ-219:007 tóft fjárhús Samstæðihús 65°41.110N 17°12.177V

Stór fjárhústóft er um 100 m norður af yngra íbúðarhúsinu á Ljótsstöðum og um 150 m suður af bæjarhól 001. Þetta eru að líkindum hús sem getið er um í örnefnalýsingu, eða standa í það minnsta á sama stað: "Mest [svo] við Kvíaból og niður af Kvíhúsi [006] var lambhús." Smáþýft tún mót austri.

Tóftin samanstendur af veglegum garðahúsum með hlöðu og stóru, samföstu mannvirki sem er áfast að norðanverðu, en hlutverk þess er óljóst. Tóftin er alls 18 x 13 m stór og snýr austur-vestur. Garðarnir eru tveir, 3 m á milli þeirra, hvor um sig um 10 m langur. Leifar af steyptri plötu sjást ofan á þeim nyrðri og í austurenda hans er steypt fjárbað. Lág grjóthleðsla aðskilur krær og hlöðu sem er lítið eitt meira niðurgrafin en húsin og með um 3 m háum, grjóthlöðnum vesturvegg sem er hlaðinn utan í niðurgröftinn inn í brekkuna, svo að jafnslétta myndast ofan við. Norðan við og áfast tóftinni er stórt hólf sem er grafið inn í brekkuna, botn í sömu hæð og gólf í fjárhúsum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta hólf hefur gegnt en það er um 8 m breitt og heldur lengra en fjárhústóftin að hlöðunni meðtalinni. Vesturgafl þessa hólfs virðist ekki hafa verið grjóthlaðinn en á hinn bóginn er mikið grjóthrun við vesturenda norðurhliðar. Í



Fjárhústóft SÞ-219:007. Á ljósmynd er horft til vesturs

botni liggur ryðguð tunna. Samkvæmt Jóni Benediktssyni var tunnan á sínum tíma útbúin til að hræra í henni steypu með stigmylluaðferð. Við suðausturhorn tóftarinnar

liggja leifar af tveimur tækjum, annars vegar hjól sem eru líklega undan hestakerru og hins vegar leifar af því sem gæti verið jarðvinnslutæki, hugsanleg til að slóðardraga. Þarna voru tvö hús (þ.e. fjórar kræ r, tveir garðar) undir sama þaki samkvæmt Jóni. Rutt var fyrir viðbót norðan við þau en ekki varð af byggingu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Ljótsstaðir, 5

SÞ-219:008 *Merkjaflötur* heimild um landamerki 65°41.615N 17°12.118V "Neðan...[Merkjaklappa], ofan við hraunið, er milli hrauns og hlíðar Merkjaflötur. Þar eru menjar um fornan garð", segir í örnefnaskrá. Umrædd lýsing er hins vegar ekki rétt samkvæmt Jóni Benediktssyni enda greinir gildandi landamerkjaskrá frá landamerkjunum á öðrum stað. Samvkæmt örnefnaskránni ætti hvammurinn að vera milli hrauns og hlíðar á þessum stað, þar sem nú liggur gamli vegurinn heim að Ljótsstöðum. Þetta er tæpa 800 m norður af bæjarhól 001. Mjög lítið undirlendi er milli hrauns og hlíðar. Engar garðleifar eru á þessum stað.

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,1

SÞ-219:009 *Efri-Brekkustígur* gata leið 65°41.747N 17°12.540V



Efri-Brekkustígar SÞ-219:009. Horft til suðurs

"Götur frá Ljótsstöðum niður brekkurnar heita Efri-Brekkustígur og Neðri-Brekkustígur [063]," segir í örnefnaskrá. "Brekkurnar sunnan...[Mánahjalla SÞ-218:012] heita efst uppi Háaskjólbrekka, og neðan hennar er Skjólbrekka...Í dokk rétt sunnan við hlíðina við efri göturnar, sem liggja norður brekkuna frá Ljótsstaðatúni,..."segir í örnefnaskrá.Efri-Brekkustígur lá frá Ljótsstöðum og til norðurs Laxárdalinn. Liggja um lyngi- og mosavaxna hlíð og móa. Á kafla í hálfgerðri hvilft í landinu.

Göturnar eru ekki umfangsmiklar og víðast er bara einn slóði þó að á stöku

stað sjáist tveir slóðar saman og víða er moldartroðningur í botninn en göturnar eru fremur grunnar, 0,3 m á dýpt og 0,2-0,4 m á breidd. Gatan var rakin nyrst í landi Ljótsstaða og inn í Auðnaland.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir, 23 og 1

SÞ-219:010 tóft hlutverk óþekkt 65°41.568N 17°12.304V

"Brekkurnar sunnan...[Mánahjalla SÞ-218:012] heita efst uppi Háaskjólbrekka, og neðan hennar er Skjólbrekka...Í dokk rétt sunnan við hlíðina við efri göturnar, sem liggja norður brekkuna frá Ljótsstaðatúni, er gömul víði vaxin tóft í laut, og er það í samræmi við það, að forntættur eru víða í dokkum," segir í örnefnaskrá. Fornleg tóft er á lágri hæð í



Tóft SÞ-219_010. A ljósmynd er horft til norðurs

lyngivaxinni hvilft um 680 norðan við bæ 001, í brekku.Lyngi- og kjarrivaxin spilda í brekku sem hallar til austurs, að Laxá.

Rústahóllinn er um 22 x 9 m stór og snýr NNA-SSV. Austast á honum er tóft sem er byggð inn í hólinn. Hún er um 9 m löng en tæplega 1 m á breidd að innanmáli. Ytri brún veggja er mjög óljós. Tóftin er sigin og lyngivaxin og engar grjóthleðslur eru í henni. Tóftin er einföld og kann að hafa verið opin til suðurs. Hún virðist fornleg.

Hættumat: hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,1

SÞ-219:011 varða hlutverk óþekkt 65°41.141N 17°12.945V



Varða SÞ-219:011 horft til VNV

Skófum vaxin varða er um 10 m vestan við garð 096 og um 100 m ofan (austan) við Bæjarmýri/Ljótsstaðamýri. Varðan er um 580 m vestan við bæ 001. Varðan er á mel í hlíðinni sem er talsvert blásinn.

Varðan er skófum vaxin og er um 1 x 0,8 m stór og snýr austur-vestur. Mest sjást 2-3 umför af hleðslu og 0,2-0,3 m á hæð. Varðan er fremur óveruleg. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

SÞ-219:012 *Sjónarhólsvarða* varða hlutverk óþekkt 65°41.278N 17°12.905V



Varða SÞ-219:012, horft til norðurs

"Á Sjónarhól er Sjónarhólsvarða,"segir í örnefnaskrá. Varðan er um 745 m VNV við bæ 001. Varðan stendur á áberandi melhól. Af honum er gott útsýni þvert yfir Laxárdal, og inn eftir dalnum og sæmilega út eftir dalnum líka. Hóllinn snýr norðvestur-suðaustur. Varðan er suðaustast á honum.

Hún er stór og er talsverð uppsöfnun í kringum hana enda mikill fuglaskítur allt í kring og svolítill grasvöxtur. Allt í kring eru lyngivaxnar hlíðar. Annar hóltoppur er um 40 m SSV

Varðan stendur á uppsöfnuðum jarðvegi sem er um 3 x 2 m stórt svæði. Uppsöfnunin sjálf er um 0,5 m á hæð en sjálf varðan þar ofan á 0,4 m á hæð, samtals er því svæðið um 0,9 m hátt. Varðan er sigin og vaxin skófum. Hún er 2-3 umför af hleðslu. Hún er 0,8-1 m í þvermál. Sjálf varðan er gróin en uppsöfnunin blásin. Önnur varða, mjög óveruleg er um 2,5 m frá vörðunni. Hún er um 1 x 0,8 m að stærð en 0,2 m á hæð. Hún er mjög óveruleg. Um 1 m frá stóru vörðunni eru líka þrír steinar í hnappi sem gætu verið vísir að vörðu. Ekki er vitað í hvaða tilgangi vörðurnar voru settar saman þó þær gætu vel hafa vísað á merki sem eru litlu norðar, norðan í Sjónarhóli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,2

SÞ-219:013 heimild um leið 65°42.816N 17°13.203V

"Milli hrauns og hlíðar, þar sem vegurinn liggur, er nefnt Þrengsli. Götur lágu um Þrengslin. Þær voru mjög djúpar, og var kominn stallur neðst í hlíðina eftir forna umferð. Var þessi stallur jafnaður fyrir kerruumferð 1939 og síðan 1947 eða 1948 með jarðýtu fyrir bílaumferð," segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað í sömu lýsingu segir: "Undir [Hvít]hólnum, sem húsið er á, er dokk, sem heitir Hvarf. Upp af því er gömul vegabót, sem kölluð var brúin. Þar voru ræsi mörg úr hrauninu en engin framræsla. Lítill mór er þar hjá, Brúarmór. Þar var vont fyrir hesta og oftast farið hraunið". Þessar götur hafa legið á svipuðum slóðum og núverandi vegur heim að Ljótsstöðum en þó um 20 m ofar eða vestar, í það minnsta þar sem leifar eldri vegar voru skoðaðar. Ekki sáust merki um ræsi við Hvíthól sem voru talin hluti af sama vegi.

Enn mótar fyrir gamla veginum. Hann liggur frá norðri til suðurs í brekkulögginni og er orðinn mjög yfirgróinn og óljós. Hann sést líka norðar, þegar komið er inn í land Auðna.

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir, 2 og 6

SÞ-219:014 heimild um leið 65°41.299N 17°12.446V

"Sunnan við Stóramel er hvilft í brúnina, sem heitir Skál. Eru niður í hana nokkur gil grasi gróin, og þar voru fram yfir 1900 þurrkuð hey úr Bæjarmýri og sennilega í aldir aftur, því götur liggja þangað vestan úr mýrinni, sem löngu er orðið ótræði," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Jóni Benediktssyni heimildamanni er Skálin eiginlega ekki í brúnina eins og segir í örnefnalýsingu heldur gengur hún inn í ásinn ofan hennar og sést ekki einu sinni neðan frá. Þvergarður frá langgarðinum 016 liggur yfir hana en hverfur síðan. Lágin er lyngi- og kjarrivaxin og er framan í brekkunni. Þar sem gatan lág er nú svæði á kafi í kjarri og hefur gróið yfir hana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,3

SÞ-219:015 *Kvíaból* örnefni kvíar 65°41.184N 17°12.252V

"Norðan við túnið er nefnt Klif. Þegar komið var að gamla bænum, var komið að Bæjarlæk...og upp og suður af bæ var önnur dokk, Kvíaból", segir í örnefnaskrá. Af lýsingunni að dæma gæti Kvíaból hafa verið við túngarð um 40-50 m suðvestur af bæjarhól 001. Smálægð er þar við túngarð innanverðan, heldur norðar en bæjarlækurinn.

Engin mannvirki eru sjáanleg. Túngarðurinn er reyndar fremur breiður beint ofan við bæjarhólinn og ekki útilokað að þar sé alveg jarðlægt mannvirki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,3

SÞ-219:016 garðlag hlutverk óþekkt 65°41.144N 17°12.752V

Sigin og fornlegur þvergarður liggur beint til austurs frá langgarði 096, yfir háheiðina og austur hlíðina ofan í Laxárdal, nálega beint ofan við bæ á Ljótsstöðum 001. Götur 097 liggja þvert á garðlagið. Garðurinn er samtals 270 m langur. Hann verður óljóst tæpum 300 m ofan (vestan) við bæ 001. Garðurinn liggur þvert á lyngivaxna heiði og m.a. þvert á Skálina (sjá 014).

Garðlag liggur til austurs frá garðlagi 096 um 110 m norðaustan við norðausturenda 096. Garðurinn liggur frá 096, fyrst til suðausturs en svo í boga og liggur því næst beint til austurs. Garðurinn er talsvert útflattur og mun óverulegri en garðlag 096. Götuslóðar liggja eftir honum miðjum og er hugsanlegt að þær séu hluti af heybandsleið 041. Garðurinn er víðast 0,4 m á hæð en 2-3 m á breidd. Þar sem fer að halla undan fæti á átt að Laxá verður garðurinn óskýr og ekki var hægt að rekja hann lengur en að uppblástursflagi um 300 m ofan (vestan) við bæ 001.



Garður SÞ-219:016 (og 096). Horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

SÞ-219:017 garðlag túngarð 65°41.296N 17°12.200V

"Grjótgarður er frá Laxá upp í brekkulögg yfir Hesthúsleiti," segir í örnefnaskrá. Túngarðar hafa markað af túnin á Ljótsstöðum að vestan, norðan og sunnan en Laxá hefur ætíð markað þau að austan. Ummerki um túngarða sjást nú víða og virðast þau jafnvel vera frá mörgum byggingarstigum en hér eru þessi ummerki skráð undir einu númeri. Innan túngarðs er tún í halla til austurs, í órækt og að verða nokkuð þýft. Utan túns er víða mói.

Einhverjar leifar túngarða fundust á svæði sem er um 420 x 200 m stórt og snýr norður. Hér verður byrjað á því að lýsa garði sem markar af norðurhlið túna og í lýsingunni er nefndur túngarður A. Túngarður A er hlaðinn úr hraungrýti nær allt frá Laxá og er um 120 m langur. Við Laxá er garðurinn kræklóttur upp að heimreiðinni sem nú liggur heim að íbúðarhúsinu á Ljótsstöðum. Ofan við veg verður hann beinni og er víðast hvar nokkuð stæðilegur. Auk þess að vera rofin af núverandi bílvegi er rof í þennan garðpart vestar þar sem götur eða slóði virðist hafa legið inn túnið.

Hraungrýtisgarðurinn A liggur austur-vestur og endar um 120 m ofan við Laxá. 5-10 m suðvestan við enda hans má svo greina annan túngarð sem virðist eldri og er í stefnunni suðvestur-norðaustur en í beinu framhaldi af hraungarðinum. Þessi túngarður, sem hér er nefndur túngarður B, sést efst í túninu, fast neðan við vegarslóða sem þar liggur samsíða því. Þessi garður virðist torfhlaðinn og er siginn. Hann má greina á um 120 m kafla en virðist þar breytast eða fjara út. Þar sem vegurinn beygir virðist hann liggja



Tveir hlutar túngarðs SÞ-219:017. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til austurs á mynd til hægri

þvert yfir garðinn. Framhaldið er í aðra stefnu eða nálega norður-suður og er sá hluti hér nefndur túngarður C. Nokkuð erfitt er að átta sig á túngarðinum um þetta leyti og er eins og megi sjá fyrir tveimur fösum. Annars vegar túngarðshorni sem er aðeins ofar (vestar) en sá garður sem greinilegastur er (þetta horn er um 25 x 45m stórt) og hins vegar garði sem liggur beint til suðurs. Garðurinn sem liggur til suðurs er nokkuð greinilegur á um 130 m kafla þó stundum sé erfitt að greina að fullu milli garðs og upphleðslu undir veg. Óljóst framhald garðsins má greina lengra, og ef allt er talið gæti þessi hlið verið nærri því 300 m löng. Á þessum kafla er túngarðurinn algróinn. Beint ofan við bæ 001 er hann fremur stæðilegur eða 1-1,2 m hár og 1,5 m á breidd neðst en mjókkar upp og er þar 0,3 m á breidd. Garðurinn er hins vegar mjög misskýr ofan við bær og víða eru eyður í hann. Svolitlar leifar garðlags, sem gæti verið suðurhlið túngarðs má greina upp frá Laxá, um

250 m SSA við bæ 001. Garðurinn sést fast ofan (vestan) Laxár og er hann greinilegur á um 40 m kafla en endar þar í gerði 027. Ekkert framhald er greinilegt ofan (vestan) gerðisins en þar eru sléttuð tún og hefur garðurinn líklega horfið í sléttun á þeim slóðum. Garðurinn er rofinn af heimreiðinni að íbúðarhúsinu á Ljótsstöðum. Þessi hluti túngarðsins er svipaður túngarðsparti A, er hlaðin úr hraungrýti og 0,7 m á hæð svipaður á breidd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,4

SÞ-219:018 *Kofabrotshóll* örnefni útihús 65°41.289N 17°12.154V

"Suður af Hesthúslaut var Kofabrotshóll...nú er þetta allt orðið slétt,"segir í örnefnaskrá. Hesthúslaut er áberandi laut beint austan við hesthús 003. Norðvestan við hana er hóll í túninu, fast sunnan við túngarð 017 og um 140 m norðaustan við bæ 001 og er það líklega umræddu Kofabrotshóll. Engin ummerki sjást á eða við hólinn í dag enda var svæðið sléttað í tún á sínum tíma. Norðarlega í gömlu túni í órækt sem hallar aflíðandi til austurs, að Laxá. Túnið er grasi gróið en þýft. Engar tóftir eða dældir sjást í eða við hólinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,4

SÞ-219:019 þúst hlutverk óþekkt 65°41.254N 17°12.228V

Um 100 m NNV við bæ 001 er gróin þúst efst í gamla túninu og um 5 m austan við túngarð 017. Efst (vestast) í gömlu túni í órækt sem hallar aflíðandi til austurs, að Laxá. Túnið er grasi gróið en þýft. Hóllinn er á náttúrulegum hrygg í túninu. Þústin er gróin hæð í túninu. Hún er ræktarlegir en umhverfið og stendur hærra og í henni er nokkuð um dældir.



Óljóst sést móta fyrir þúst SÞ-219:019 á miðri mynd. Horft til ANA

Að samanlögðu má ráða að líklega hafa staðið þarna hús á fyrri tímum og líklega leynast mannvistarleifar undir sverði. Hóllinn er 26 x 16 m stór og snýr NNV-SSA. Í honum er löng dæld sem snýr norður-suður og er um 10 x 3 m að stærð. Eins og áður segir er ekki hægt að fullyrða að þarna hafi staðið byggingar en ummerki virðast þó benda til þess og sökum þess er staðurinn skráður.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:020 þúst útihús 65°41.244N 17°12.280V

Afar óljós þúst er fast ofan við bílslóða sem liggur ofan við (vestan) við tún á Ljótsstöðum. Hún er um 100 m norðvestan við bæ 001. Þústin er neðst (austast) í brattri



Þúst SÞ-219:020. Á ljósmynd er horft til austurs

og lyngivaxinni hlíð sem tekur við fast ofan við veg/túngarð 017.

Þústin er ógreinielg og að hluta til náttúruleg. Hún er 7 x 5 m stór, tvískipt og snýr austur-vestur. Þústin virðist að stóru leyti aðeins vera stungin út úr brekkulögginni en þó er austara hólf hennar skýrara, 2,5 x 1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Vestara hólfið er 2 x 1 m og snýr austur-vestur. Það er að stóru leyti náttúrulegt. Vesturveggur þústarinnar, sá sem er á milli hólfanna tveggja, er 0,4 m á hæð 1-1,2 m á breidd og grasi gróinn. Öruggt virðist að e.k. kofi hafi verið á þessum stað þótt ummerki um hann séu nú að verða ógreinileg. Mögulegt er að annar veggur hafi verið að austan en hann er óskýrari. Ekki er ljóst hvaða tilgangi þetta mannvirki þjónaði en líklega hefur það verið einhvers konar útihúskofi.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:021 heimild um brú 65°41.181N 17°12.191V

"Suður af gamla bænum á Ljótsstöðum var fyrst Lækjarhús og Lækjarhúsahlaða [004], og sunnan við það við húsvegginn var hinn forni farvegur Bæjarlæksins. Áður en vatnsleiðslan kom, var ætíð brú á Bæjarlæknum á veginum, því að vegurinn var færður upp fyrir túnið á 19. öld og túnið girt að mestu með torf-og grjótgörðum. Ræsi og vegir sem voru upphlaðnir, voru kallaðir brýr her áður fyrr. Bæjarlækurinn féll að fornu þvert niður úr Lækjargilinu, en nú er það allt slétt," segir í örnefnaskrá. Brú var á Bæjarlæk hér um bil milli bæjar og Lækjarhúss þar sem enn sjást hjólför að læknum. Það var um 20 m austar en í beina stefnu milli bæjar 001 og Lækjarhúss 004. Grasi gróið túnþýfi.



Meint brú SÞ-219:021, horft til norðurs

Lækurinn rennur her í sveig til suðurs og frá oddanum á tanganum sem myndast við sveiginn og er um 2 m breiður, liggur eitt gamalt tré yfir lækinn, hugsanlega leifar af brú. Annars er lækurinn örmjór og hægðarleikur að stökkva eða klofa yfir hann.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,4

SÞ-219:022 heimild um smiðju 65°41.159N 17°12.204V

"Sunnan við hinn forna farveg, suður og niður af Lækjarhúsinu, hét Lækjarhúsflöt, en þar upp af, upp að brekku, Lækjarhússmór [sjá 004]. Þar var smiðja, eftir að hreindýr komu til landsins, því að þar voru hreindýrshorn í rústunum, þegar yfir var sléttað 1947," segir í örnefnaskrá. Lýsingin er ekki nógu nákvæm til að unnt sé að staðsetja nákvæmlega. Þetta hefur þó verið á svæðinu sunnan við Lækjarhús 004, milli Stórhóls og túngirðingar, en það bil er 50-60 m langt. Enginn staður þarna er tóftalegur umfram annan nema helst Stórhóllinn sjálfur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,4

SÞ-219:023 þúst smiðja 65°41.186N 17°12.114V



Þúst SÞ-219:023, horft til ANA

"Rauðablásturssmiðja hafði og verið neðst í túninu við norðausturhorn Stórahóls. Var þar bæði rauðahrúgur og kola og sandflögugrjót, sem virtist ætlað til að brýna," segir í örnefnaskrá. Stórhóll virðist samkvæmt lýsingu syðstur þriggja hóla sem eru í túninu neðanverðu. Norðausturendi hans er 50-60 m ASA af bæ 001. Túnþýfi. Bæjarlækurinn rennur norðan við hólinn.

Engar minjar sjást greinilega en hóllinn er allur býsn rústalegur og ekki ósennilegt að mannvirki hafi staðið á honum. Alls er hann um 40 x 25 m stór og snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,4

SÞ-219:024 *Smiðjuhóll* heimild um smiðju 65°41.198N 17°12.248V

"Smiðjuhóll var ca. 20 m ofan við gamla bæinn, þar sem hesthúsið er nú [2013: en hesthús þetta er auðvitað löngu horfið]. Hann er allur úr ösku a.m.k. 2 metra niður.", segir í örnefnaskrá. Hér er gengið út frá því að "ofan" þýði vestan. Um 20 m vestan við 001 er reyndar enginn hóll en smáupphækkun fast austan

Lág upphækkun (0,2 m), 10-15 m í þvermál og sker sig lítið úr umhverfi. Ótrúlegt virðist að hér séu 2 m þykk öskulög þótt ekki sé það útilokað. Mun sennilegra Smiðjuhóll hafi verið þar sem tóft 002 var skráð, beint norðan við bæ 001, á háum hól. Þar virtist þó hafa verið Kúahlaða samkvæmt örnefnalýsingu en vel má vera að þar hafi hesthús verið áður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,4-5

SÞ-219:025 *Haughóll* þúst 65°41.209N 17°12.163V

"Hólar voru suður og niður af bæ, yzt var Haughóll, þá Lækjarhóll...," segir í örnefnaskrá. Tveir lágir hólar eru niður (austan) við bæ 001 og er Haughóllinn líklega sá syðri. Hann er fast austan við bæjarhólinn. Fagurgrænn og ræktarlegur en lítt áberandi hóll í túni í órækt sem hallar til austurs, að Laxá.

Mögulegt er að þarna hafi verið öskuhaugur bæjarins (fremur en að örnefnið tengist haugshúsi eða legstað). Haughóllinn er mjög aflíðandi og stór og erfitt að meta hvar honum sleppir. Hann er þó á að giska um 34 x 20 m stór og snýr ANA-VSV. Ekki er ólíklegt að einhverjar mannvistarleifar leynist undir sverði á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,5

SÞ-219:026 þúst hlutverk óþekkt 65°41.180N 17°12.284V

Lítil þúst er um 80 m VSV við bæ 001 og um 10 m ofan (vestan) við túngarð 017. Þústin er neðst (austast í lyngivaxinni, snarbrattri brekku sem tekur við fast ofan (vestan) túngarðs 017.

Þústin er 5 x 5 m stór og er einföld. Hún er að stærstum hluta bara stungin inn í brekkuræturnar. Að innanmáli er hún 2,5 x 1,5 og snýr austur-vestur og er hún opin til



Tóft SÞ-219:026, horft til austurs

austurs. Þar semþústinn er grafin inn í (eða stungin út úr brekkunni) eru ytri brúnir

veggja óskýrar en innri brún veggja er um 0,8 m há. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:027 tóft rétt 65°41.073N 17°12.056V

Rétt er sambyggð túngarði 017 að sunnanverðu. Hún er um 260 m SSA við bæ 001 en tæpum 100 m norðaustan við steinsteypta íbúðarhúsið á Ljótsstöðum. Réttin er vestan í hraunjaðri, á mörkum túna og hrauns. Túngarðurinn 017 hefur verið sléttaður í tún ofan (vestan) réttarinnar en hefur líklega myndað norðurhlið hennar áður.

Réttin er 20 x 14 m stór og snýr austur-vestur. Hún er hlaðin úr hraungrýti og skiptist í þrjú hólf sem eru áþekk að stærð, snúa austur-vestur og eru í röð. Hólf A er syðst og er 12 x 5,5 m að innanmáli. Op er á miðjum austurvegg þess og einnig austarlega á norðurvegg, yfir í hólf B. Hólf B er 13,5 x 3 m að innanmáli og auk opsins yfir í A er annað op, á norðurvegg vestan við miðju, yfir í hólf C. Hólf C má í raun



Rétt SÞ-219:027. Á ljósmynd er horft til ASA

skipta í tvennt. Það er samtals um 16-17 x 4-4,5 m að innanmáli en allra austast í því er lítil upphækkun sem er um 3 x 3 m stór.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:028 hleðsla hlutverk óþekkt 65°41.157N 17°12.085V

Einhvers konar gerði eða aðhald er byggt inn í hraunkraga í heimatúninu á Ljótsstöðum tæpum 100 m SSA við bæ 001. Dokkin er í hraunkraga á milli túna og heimreiðar að Ljótsstöðum.



Dokkin og hleðsla (SÞ-219:028), horft til norðvesturs

Hleðslan fyrir dokkarendanum er um 18 m löng og liggur í boga. Hún snýr norður-suður. Hún markar af svæði sem er 22 x 18 m stórt og snýr austur-vestur. Hleðslan er grasi gróin, 1,5-2 m breið en 0,3 m á hæð. Dokkin er grasi gróin í botninn og fremur slétt en hraunkambur markar hana af til norðurs og suðurs. Ekki er ljóst hvernig svæðið hefur verið aðgreint að austan en þar er aflíðandi halli frá heimreið. Vel má vera að hleðsla hafi verið þar sem vegurinn liggur en líklegra er sjálfsagt að hafi hleðsla markað austurhliðina hefði sú hleðsla verið svolítið vestar en vegurinn. Líklegast hefur svæðið verið aðhald eða nátthagi.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:029 þúst fjárskýli 65°41.102N 17°12.158V

"Ca. 15 metrum neðar [en 006 eða 007] var tóft, sem faðir Helga taldi hafa verið samhlaðna fjárborg," segir í örnefnaskrá. Af lýsingunni er örðugt að átta sig á nákvæmri staðsetningu. Líklega er um að ræða hól sem er um 15 m suður af austurenda Samstæðuhúss 007. Rústalegur hóll og hringmyndaður, 10-12 m í þvermál en ekkert lag á honum, þó er hann kúptur og lítur út eins og mannvistarleifar gætu leynst undir sverði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,5

SÞ-219:030 *Kerlingarklettur* huldufólksbústaður 65°41.235N 17°12.086V

"Niður af gamla bæ, norðanvert við hann, var stór klettur, uppskot úr hrauninu. Þar er kerlingarandlit á honum efst að vestan, ef horft er á hann úr vissri átt, þar af nafnið Kerlingarklettur. Þar átti að búa huldufólk, og þóttust dætur Guðjóns, er hér bjó lengi, hafa heyrt huldufólkið skaka strokkinn í klettunum," segir í örnefnaskrá. Kletturinn er um 100 m ANA af bæ 001 og blasir við þaðan. Hraunrönd meðfram túni. Kletturinn er áberandi og býsna skemmtilegur, hraunstrýta sem rís 3-4 m upp úr hraunröndinni og slútir fram til vesturs.



Kerlingarklettur SÞ-219:029, horf til norðausturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,5

SÞ-219:031 *Brunaklettur* öskuhaugur 65°41.197N 17°12.071V

"Sunnanvert við gamla bæinn í hrauninu er Brunaklettur. Þar var venja að brenna alls konar rusli, sem safnaðist saman yfir árið, þegar vorhreingerning fór fram. Skál var niður í klettinn, sem gerði hann hentugan til þessa," segir í örnefnaskrá. Eini áberandi kletturinn annar en Kerlingarklettur er 40-50 m norður af honum, fast við veginn sem liggur um Ljótsstaðatún. Líklega er það Brunaklettur. Hraunklettur - ekki útilokað að tekið hafi verið úr honum þegar vegurinn var gerður.



Brunaklettur SÞ219:031, horft til norðvesturs

Austan við háklettinn er reyndar ekki skál heldur gjóta og í henni grillir í ryðgað rusl.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,5

SÞ-219:032 tóft geitakofi 65°41.184N 17°12.045V

"Suðaustur af Brunakletti [nr.31], framan við ca. þriggja metra háa klöpp framan í hrauninu, varð áður geitakofi, seinna kinda, og var bjargið einn veggurinn," segir í örnefnaskrá. Geitakofatóftin sést enn, austan undir háum kletti rúma 120 m ASA af bæjarhól 001. Mjór stallur er undir klettinum frá norðri til suðurs en frá honum hallar skarpt að Laxánni. Kletturinn slútir fram yfir tóftina.



Geitakofi SÞ-219:032, horft til suðurs

Tóftin snýr norður-suður og er um 11 x 4-5 m stór og tekur breidd hennar yfir breidd stallsins. Tóftin breikkar til suðurs og þar, uppi á stalli við tóftina virðist hafa verið hlaða eða heytóft, aðskilin með vegg en þó op á milli. Meginhluti tófarinnar, líklega skepnuhúsið, er djúpur og veggir allt að 2 m háir sé staðið inni í henni. Heytóftin stendur mun hærra, þ.e. gólf hennar. Dyr eru á tóftinni syðst og snúa í austur. Ekki sést víða grjót í veggjum sem eru allt að 2 m þykkir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir, 2


SÞ-219:033 *Klifið* heimild um leið 65°41.299N 17°12.088V

"Norðan undir túngarð er Klif, greiðfær stígur yfir hraunið," segir í örnefnaskrá. Hraunið er fremur mjótt fast norðan við túngarðinn á Ljótsstöðum og stór hluti garðsins er í

miklum halla að Laxá. Klifið virðist hafa verið á þessu svæði og hefur líklega legið frá túnjaðri að Laxá. Gróið hraun meðfram Laxá. Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:034 *Ytri-Heygarðar* þúst heygarður 65°41.126N 17°12.889V "Austan í Ljótsstaðamýri er Ljótsstaðahall, sem er talsvert svæði. Austanvert við miðja mýrina, suður og upp af Skál, eru rústir eftir heygarða, sem nefndir eru Ytri-Heygarðar og Syðri-Heygarðar, [042]" segir í örnefnaskrá.Mjög óljós þúst er um 65 m norðvestan



Heystæðisþúst SÞ-219:034, á ljósmynd er horft til VSV

við rúst 042 og 550 m vestan við bæ 001. Þústin er í lyngivöxnum móa í aflíðandi halla til vesturs að Bæjarmýri.

Þústin er mjög óljós en virðist þó of regluleg til að geta verið náttúrusmíði. Hún er 10 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Þústin er mest 0,4 m á hæð. Ekki er greinileg hólfaskipan en svolítil dæld er þó í miðri tóftinni sem er greinilegri að austan og er mögulegt að tóftin hafi verið tvískipt. Engar grjóthleðslur sjást á þessum slóðum. Líklegast er þústin af heystæði, þá Ytri-Heygarður sem getið er í örnefnaskrá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,11

SÞ-219:035 *Aðhald* hleðsla kvíar 65°40.891N 17°11.910V "Þar suður með ánni heita Húsandabjörg...Þar hefur áður verið stekkur, en eyðilagzt vegna dýpkunar á sprungu.", segir í örnefnaskrá og á öðrum stað segir "Syðri [Húsandar]björgin heita Aðhald; þar var ám stíað fram eftir þessari öld, en nú eru hleðslur að hrynja. Það var mikið af smáfugli í björgunum, meðan stíað var, því það fylgdi svo mikill mývargur stíuninni," segir í örnefnaskrá. Tvö mikil og klofin björg ganga fram í Laxá á þessum stað. Í syðra Bjarginu eru mannvirki, líklega stekkur/kvíar í klofanum og austan hans. Mannvirkin eru um 600 m sunnan við bæ 001.

Á þessum stað eru tvö stór og klofin klettabjörg eða hausar. Á milli þeirra hefur legið lækur sem nú er þornaður en sunnan við syðra bjargið rennur enn vatnsmikill lækur nefndur Grundará í Laxá. Mannvirkin eru við syðri klettinn. Ekkert undirlendi er fram af nyrðra bjarginu heldur gengur það þverhnípt út í Laxá. Grasgefið nes gengur hins vegar út í Laxá beint framundan syðra bjarginu og þar eru hleðsluleifarnar, bæði á árbakkanum og í klofanum í klettinum. Klofinn er markaður af tveimur klettaveggjum. Sá klettaveggur sem markar af vesturhlið klofans er um 5 m á hæð en vesturkletturinn er enn hærri. Í Klofanum eru hleðslur á þremur stöðum og mynda þær samtals fjögur hólf. Allra nyrst er hólf sem markað er af klettum á alla vegu nema sunnanverðu en þar



Aðhald SÞ-219:035. Á ljósmynd er horft til suðurs

er 3 m löng grjóthleðsla austur-vestur milli kletta veggjanna. Hún er 0,4 m há. Þetta hólf,

A, 5 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Sunnan við það er hólf B sem gæti hafa verið lambakró. Það er svolítið hærra í klofanum en A. Það er markað af grjóthleðslum að norðan og sunnan og er suðurhleðslan 4-5 m löng og snýr austur-vestur. Op er á henni miðri en nú hefur stór steinn fallið ofan í það. Hún er um 0,4 m á hæð. Hólf B er 3 x 2,5 m að innanmáli, markað af klettaveggjum að austan og vestan. Sunnan við hólf B er hólf C sem hefur líklega verið sjálf réttin. Það markað af hleðslum að norðan og sunnan. Suðurhleðslan er um 2 m löng og liggur frá vesturvegg og 0,5 m löng hleðsla gengur á móti úr austri og á milli er op. Hólf C er markað af klettaveggjum að austan og vestan og er 8-9 x 3-3,5 m að innanmáli. Ekki eru fleiri hólf í klofanum en 5 m sunnan við suðurvegg C er einföld grjóthleðsla D, ofan á lítilli klettanibbu og lokar hún og kletturinn saman fyrir útgöngu úr klofanum en sunnan þeirra lækkar land niður að Grundarlæk. Hleðslan er 0,2 m á hæð og 1-2 m löng og snýr norðaustur-suðvestur. Frá austurhlið austur drangans gengur 7 m löng grjóthleðsla, E, nyrst í átt að Laxá niður brekku og niður á jafnsléttu. Hleðslan snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslan er 0,2 m á hæð. Neðan við brekkurætur, um 18 m suðvestan við hleðslu E er lítil tóft eða þúst (F). Þústin er 3,5 x 2 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Op virðist á miðjum norðausturvegg og tóftin er einföld. Tóftin er algróin og sigin og gæti verið frá öðru byggingarstigi. Gæti verið smalakofi. Allra vestast á svæðinu norðanverðu gætu leynst mannvirki. Þar er einhvers konar sylla en 4 m eru upp af henni og á jafnsléttu. Um 6 m eru niður frá henni niður á jafnsléttu og þar hefur einhvern tíma runnið lækur. Syllan er um 10 x 3 m að stærð og e.k. kragi til suðurs og austurs en annars virðist mannvirkið náttúrulegt. Líklegt er að svæðið hafi eitthvað verið notað þó að aðhaldið sé að stóru leyti náttúrulegt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,6

SÞ-219:036 *Vörðugeiri* varða 65°40.831N 17°13.249V

"Syðstur er Syðstigeiri, öðru nafni Harðigeiri. Upp og suður af honum er há og falleg varða, hlaðin af Jóni br[óður] Helga fyrir 20-30 árum; þarna er gott hleðslugrjót," segir í örnefnaskrá.

Varðan sem fjallað er um í örnefnalýsingu er líklega há og stæðilega varða sem stendur nálægt Grundargili og um 700 m SSV við bæ 001. Varðan er á brúninni í hlíðinni og neðan við hana er brött brekka til austurs.



Varða SÞ-219:036 horft til norðausturs

Varðan er mjög reisuleg og um 1,5 m á kant að neðan. Hún er uppmjó og aðeins um 0,2 m í þvermál í toppinn. Varðan er samtals um 2,2 m á hæð og er mun reisulegri en aðrar vörður á þessum slóðum. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,6

SÞ-219:037 varða hlutverk óþekkt 65°40.960N 17°12.451V

"Þá eru engjateigar þarna uppi í brekkunni [norðan við Húsandarbjörg]. Sá yzti heitir Torfgeiri eða Yztigeiri og stundum nefndur Vörðugeiri. Er þá nafnið dregið af vörðu, sem þar er á stalli uppi í brún, norður af Grundargili,..." segir í örnefnaskrá. Varðan er tæpum 500 m VNV af bæ 001 og um 280 m norðvestan við vörðu 036. Lyngivaxnir móar eru á brúninni en varðan stendur á mel sem er ber í toppinn en gróið er í kringum vörðuna.

Varðan er fremur fornleg. Hún er 0,6 m há og 1,5 m í þvermál en mjókkar upp. Grjótinu hefur verið hrúgað saman í lítinn nabba sem mjókkar upp. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,6

SÞ-219:038 *Ærvað* heimild um vað 65°40.805N 17°12.085V

"Ærvað er á Grundará í miðri hlíð. Götur þær, sem ærnar voru reknar að vaðinu, heita Geirastígar. Virðist þetta hafa verið föst regla í gamla daga," segir í örnefnaskrá. Ekki er nú nákvæmlega vitað hvar vaðið var á Grundará og ekki fundust leifar Geirastíga 039 við vettvangsathugun. Líklega hafa þó göturnar og vaðið verið miðhlíðis enda segir það í lýsingu Geirastíga. Þar var vaðið staðsett og er áin sæmileg yfirferðar á þeim slóðum.
Í grasi og lyngivaxinni brekku.

Ekki er greinilegt vað að sjá á þessum slóðum nú. Í raun koma fleiri staðir til greina (sjá hnit B og C) og er í dag þægilegast að fara yfir Grundará nokkru neðar þar sem hólmi er í henni og hægt er að stika yfir hana þurrum fótum (sjá hnit c).

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,6-7

SÞ-219:039 *Geirastígar* heimild um leið 65°40.811N 17°12.089V

"Ærvað er á Grundará í miðri hlíð. Götur þær, sem ærnar voru reknar að vaðinu, heita Geirastígar. Virðist þetta hafa verið föst regla í gamla daga.", segir í örnefnaskrá. Ekki sáust ummerki um Geirastíga norðan við Grundará en gengið var upp og niður með frá heiðinni þar. Ekki sáust heldur greinileg merki við ánna að sunnan þó svæðið væri ekki þaulgengið þar. Geirastígar lágu að Ærvaði og voru göturnar staðsettar við vaðið en ummerki um hvort tveggja voru lítil sem engin. Í grasi og lyngivaxinni brekku.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,6-7

SÞ-219:040 *Grófarvað* heimild um vað 65°40.708N 17°12.496V

"Grundará kemur úr kvíslum, sem heita Grundarárgrófir, og rennur svo um Grundargil. Þessar grófir eru rétt fyrir ofan brúnirnar, en lækirnir koma langt að sunnan og sumir neðanjarðar. Neðan grófanna efst í gilinu er Grófarvað á ánni, þar sem lækirnir, sem

mynda hana, eru komnir saman," segir í örnefnaskrá. Grófarvað er nokkuð auðfundið eftir lýsingunni, á Grundará ofan við brúnirnar þar sem lækirnir koma saman. Þetta er tæplega 1 km suður af bæjarhól 001. Á þessum stað renna grófirnar saman í eitt og úr verður gil. Vaðið er rétt ofan gilsins, grunnt og reiðfært, enda er Grundaráin ekki mikið vatnsfall, a.m.k. ekki um hásumar. Götur sjást liggja að vaðinu, sjá 066.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,8

SÞ-219:041 heimild um leið 65°41.147N 17°12.807V


"... hluti Nautakílsdýja rennur í læk, sem fyrr um Bæjarmýri um Nautakílsrauðbreysting...Vestan við uppsprettu Litlakíls heitir Litlakílsrauðbreyskingur. Umhverfis uppsprettuna er Litlakílsblettur, engjastykki. Suðaustur frá blettinum er Austariræma, þar var heybandsvegur," segir í örnefnaskrá. Heybandsvegurinn lá til vesturs frá bæ 001, upp hlíðina og yfir að Bæjarmýri, á mjög svipuðum slóðum og fornt garðlag liggur enn. Göturnar hafa legið beint í vestur frá bænum og hafa líklega legið í gegnum/yfir garð 096. Líklegt er líka að Reykjadalsgötur 086 sem lágu meðfram Bæjarmýrinni hafi verið notaðar sem heybandsvegur þaðan. Göturnar eru nú óverulegar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,11

SÞ-219:042 *Syðri Heygarðar* tóft heygarður 65°41.107N 17°12.819V

"Austan í Ljótsstaðamýri er Ljótsstaðahall, sem er talsvert svæði. Austanvert við miðja mýrina, suður og upp af Skál, eru rústir eftir heygarða, sem nefndir eru Ytri-Heygarðar [034] og Syðri-Heygarðar," segir í örnefnaskrá. Undir Syðri-Heygörðum er sæmilega greinileg tóft og mun óljósari þúst skammt frá. Tóftin er næstum á toppi áss þó hún sé í örlitlum halla til vesturs. Hún er um 500 m vestan við bæ 001 en um 65 m VSV við heyþúst 034. Tóftin er nálægt því að vera í ástoppi og umhverfis er lyngivaxið þýfi með hæðum og lágum.



Tóft SÞ-219:042

Tóftin er fornleg, lyngivaxin og einföld. Hún er 10,5 x 8 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hún er 4 x 5,5-6 m að innanmáli og veggir eru allt að 2 m breiðir en 0,6 m á hæð. Ekki er grjót í tóftinni og ekki virðist henni hafa verið skipt niður. Ekki er heldur greinilegt op á henni þó að nálægt suðvesturhorni sé mikill runni sem nær yfir allan veginn og ekki er hægt að útiloka að þar hafi verið op. Tóftin virðist helst til of stór og fornleg til að teljast dæmigert heystæði en vel getur verið að hún sé dæmi um mjög fornt



Syðri-Heygarðar SÞ-219:042, horft til suðurs

heystæði. Um 10 m NNA við tóftina er lá hæð og þar er mikill grasvöxtur sem sker sig úr gróðurfari umhverfis. Ekki er óhugsandi að þar hafi verið þúst eða heystæði en ekki er hægt að fullyrða að ummerkin séu mannvistarleifar. Svæðið er um 20 x 8 m og snýr norður-suður. Ekki er um veggi eða greinilegar leifar að ræða á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,11

SÞ-219:043 *Hringar* tóft+garðlag hlutverk óþekkt 65°41.149N 17°14.511V "Vestur af Mýrarbotni, norðaustan í Ljótsstaðahalli, eru Ytri -Fífulágárás og Syðri-Fífulágaraás...Austan í Syðri-Fífulágaárási eru Hringar eða Þrælagerði með talverðum rústum ofan til og ofan við Hringana. Þar sást fyrir vallendi 1890, en nú allt viði vaxið," segir í örnefnaskrá. Hringar/Þrælagerði er um 1,7 km vestan við bæ 001, fast vestur af Mýrarbotni. Gerðið er utan í lyngivöxnum ás sem hallar til austurs. Veggir gerðisins sjást sæmilega úr fjarlægð úr austri en verða óskýrari eftir því sem nær dregur þar sem svæðið er á kafi í gróðri. Byggt utan í ás,í talsverðum halla. Staðsetningin bendir ekki til að býli hafi verið á þessum stað en erfitt er að átta sig á hlutverki þessara rústa. Fyrir neðan er kjarrivaxin slétta að mýrarsvæði.




Hringar SÞ-219:043, ljósmynd Árni Einarsson



Tóft í Hringum SÞ-219:043, horft til SSA

Gerðið sjálft sem umlykur svæðið er sporöskjulaga og um 118 x 71 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Það er í halla til austurs og innan þessu eru ógreinilegar þústir á tveimur stöðum. Garðurinn er víða 3-5 m breiður og hann er vaxinn lyngi. Sunnan við suðurhlið garðsins

er mikil dæld, 2-3 m á breidd og þar utan við tekur við bakki en ekki er þar eiginleg garðlag. Innan við garðinn er önnur dæld minni, og þar, um 3 m innan við garðinn er svolítill hryggur samsíða honum sem mögulega gætu verið alveg sokknar leifar garðlags. Nyrðri hlið garðsins er mun óskýrari en sú syðri og stundum aðeins 0,2-0,3 m á hæð og á kafla vart hægt að rekja nema að fylgja gróðurfarslínu í landslaginu. Greinilegar tóftir má svo sjá allra efst (vestast) innan gerðis A og fast utan eða ofan þess B. Tóft A er 12 m neðan (austan) við túngarðinn. Hún er mjög óskýr en hún er um 16-18 x 6-7 m að stærð að utanmáli en um 12-13 x 2,5 m að innanmáli. Ekki er hægt að sjá skiptingu innan hennar og ekki er heldur greinilegt op á veggjum hennar. Tóftin er lyngvaxin en gróðurfar inni í henni er öðru vísi en utan hennar. Veggir hennar eru 2-3 m á breidd en 0,2-0,4 m á hæð. Fyrir ofan túngarðinn eru svo mjög óljósar leifar af tóft, B sem er illgreinanleg og er erfitt að ákvarða hvar tóftinni sleppir eða lag hennar. Gróflega má sjá þýfi og mögulegar veggjaleifar á svæði sem tekur við fast ofan við túngarð og er 17-18 x 12-15 m stórt og snýr NNV-SSA. Mögulegt er að í tóftinni hafi verið a.m.k. tvö löng hólf sem snéru sitt á hvað en rústin er nú of gróin og sigin til að hægt sé að fullyrða um það. Tóftirnar og garðlögin minna svolítið á Geldingatóftir/tættur í landi Helluvaðs og Hofstaða í Mývatnssveit.



Uppdráttur af Hringum SÞ-219:043

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,12

SÞ-219:044 *Bóndhóll* tóft skotbyrgi 65°40.847N 17°14.538V

"Suður af Syðri-Fífulágarás er Bóndhóll með vörðu og byrgi," segir í örnefnaskrá. Bóndhóll er um 1,9 km vestan við bæ 001 og um 570 m sunnan við Hringa 043. Bóndhóll er nokkuð áberandi hóll með útsýni til allra átta.

Varðan stendur á háhólnum en skotbyrgi er um 5 m suðaustar, utan í hólnum miðjum. Varðan er skófum vaxin en reisuleg, 0,8 m há og allt að 2 m í þvermál. Hún er

Varða og byrgi á Bóndhól SÞ-219:044



Byrgi og varða á Bóndhól SÞ-219:044. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en á hægri mynd til norðvesturs

hlaðin úr fremur stóru grjóti. Mikil grjótdreif er kringum hana. Byrgið er einnig hlaðið úr stóru grjóti en er byggt úr frekar fáum steinum og samanstanda veggir af 1-2 umförum. Það er um 3 m á kant en vesturvegginn myndar að mestu stórt bjarg. Op er á byrginu í suðvesturhorni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,12

SÞ-219:045 *Ytri-Gunnvarða* varða eyktamark 65°40.036N 17°11.589V "Sunnan til á [Gunnvörðu]ásnum, þar sem hann er hæstur, er hóll, áður með mel, en nú að mestu uppgróinn, er varða, sem heitir Syðri-Gunnvarða [sjá SÞ-220:051]. Norðan til í ásnum, austan Varastaðagrófa, eru melöldur og þar á vörður, nú að miklu hrundar. Þar heitir Gunnvarða. Þar er hádegismark frá Ljótsstöðum," segir í örnefnaskrá. Nyrst á Gunnvörðuás er umrædd varða, um 2 km suður af bæjarhól 001 og sést bærilega þaðan. Hún virðist einnig hafa verið kölluð Ytri-Gunnvarða, til aðgreiningar frá Syðri-Gunnvörðu (SÞ-220:051). Samkvæmt Jóni Benediktssyni var þessi varða ýmist nefnd Gunnvarða eða Gunnuvarða. Hann segir örnefnin Ytri- og Syðri Gunnuvarða ekki annarsstaðar að finna en í Örnefnalýsingu Ljótsstaða sem sé gölluð. Gunnuvarðan eins og hún er nefnd t.d. í landamerkjaskrá Brettingsstaða er merkjapunktur milli Ljótsstaða og Brettingsstaða.. Nyrsti hluti ássins er blásinn og grýttur.

Tvær eiginlegar vörður eru á þessum stað (sjá einnig 093) en ekki alveg ljóst hvor þeirra er „Ytri-Gunnvarða“. Hér syðri varðan skráð auk einkennilegra grjótdreifa sem við hana eru. Þessi varða rís hærra en varða 093. Hún er lítil um sig, ekki eiginleg hleðsla heldur hálfgróin grjóthrúga, skófum vaxin með grónum undirstöðum, lyngblettur í kring. Hún er 0,3-0,4 m há. Um 3 m suðvestur af vörðunni er hér um bil hringlaga grjótdreif sem líklega er gjörð af manna höndum, um 3 m í þvermál. Í henni eru 5 mjög stórir steinar en á milli er jörð alsett mjög smáu grjóti. 2 m suðvestar er þriðja grjótdreifin, rúmlega 2 m löng og snýr hún suðaustur-norðvestur, í henni meðalstórt og smátt grjót.



Grjótdreif við vörður SÞ-219:045, horft til norðurs

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,15-16

SÞ-219:046 náma mógrafir 65°40.056N 17°11.712V

Rúma 100 m suðvestur af rústum 048, norðvestan við norðurendann á Gunnvörðuás, er mikill pyttur í mýrinni. Hann er ákaflega reglulegur og auðsýnilega skorinn til af manna höndum. Blaut mýri og rennur kolmórauður mýrarlækur úr pyttinum og til norðurs.

Pytturinn líkist helst mógröfum en er þó töluvert meiri um sig en flest mógrafasvæði auk þess sem gríðarlegur rauði virðist vera í mýrinni. Þetta vekur grunsemdir um að gryfjan gæti tengst rauðanámi. Alls er pytturinn 50 x 20 m stór og snýr austur-vestur. Hann er mjög blautur og vatnið kolmórautt af mýrarauða. Hann er allt að 2-3 m djúpur. Í miðjum pyttinum er haugur, líkt og gróið uppkast. Skammt frá er 10 x 10 m stór slakki inn í bakkann að norðanverðu þar sem greinilega hefur verið skorinn mór. Mest 2-2,5 m á dýpt, alveg við lækinn. Svæðið er nú þurrt og vaxið kjarri.



Mógrafir SÞ-219:046, horft til vesturs. Mý í forgrunni

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,15-16

SÞ-219:047 *Tjaldlág* örnefni tjaldstæði 65°40.293N 17°14.331V

Tvær Tjaldlágir eru skráðar í landi Ljótsstaða. Annarri er lýst í örnefnalýsingu (sjá 079) en frá hinni sagði Jón Benediktsson á Auðnum. Sú Tjaldlág sem hann þekkti er góðan spöl norður af Kalmannstjörn. Þar er lág austan við Gunnvörðumýri sem kemur vel heim og saman við




Tjaldlág SÞ-219:047, horft til vesturs

lýsingu Jóns. Greinileg lág eða laut milli tveggja lyngi vaxinna ása.

Huggulegasta laut milli tveggja lágra ása, opin til austurs og vesturs. Útsýni til austurs er mjög gott. Lautin er þurrlend og harðlendari en jörð í kring, þónokkur þýfi í botni. Engar tóftaleifar eða annað manngert fannst í lautinni eða við hana.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:048 tóftir hlutverk óþekkt 65°40.179N 17°11.651V "Sunnan í Gunnvörðuás [sjá 045 og SÞ-220:051] er slakki, sem heitir Dokkin. Í grófunum eru nokkrar rústir eftir sel eða annað," segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru um 70 m norðan við vörðu 093 á Gunnvörðuás, rúmlega 1,9 km suður af bæjarhól 001. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftirnar gegndu en þær eru umfangsmeiri en þær rústir sem skráðar voru sem Varastaðir 055, 500-600 m norðar og ekki er hægt að útiloka að nafnaruglingur hafi orðið og þær rústir sem hér eru skráðar kunni að vera hinir eiginlegu Varastaðir en hafi svo verið hefur það líklega gerst fyrir 1700 þar sem Árni og Páll lýsa Varastöðum sem tveimur, óverulegum tóftum sem kemur vel heim og saman við 055. Á hæsta punkti ássins er varðan. Þaðan hallar landi niður mót



Tóftasvæði SÞ-219:048

norðri og í hallanum, hátt uppi í ásnum eru rústirnar. Mishæðótt, aflíðandi brekka, vaxin lágu kjarri og víði sem nær fullorðinni manneskju í mitt lær.

Rústasvæðið er um margt óljóst, einkum vegna mishæða og mikils gróðurs. Þar virðast þó vera garðlög, rústir og kolagrafir á svæði sem er alls um 150 x 60 m stórt frá norðri til suðurs. Lýsingin hefst nyrst. Þar er rúst A, að því er virðist utan garðs. Hún er óljós og veggjabrúnir mjög misgreinilegar. Virðist þó skálalaga, um 16 m löng og 6-7 m breið um miðjuna en mjókkar heldur til endanna. Hún snýr frá norðri til suðurs og



Ein af tóftunum á svæði SÞ-219:048, horft til norðurs

hallar dálítið í norðurátt. Fullt af gróðri er á henni, einkum í syðri helming og líklega dýpri þar. Norðurendi er mun óljósari. Tóftin gæti hafa verið tvískipt en það er óljóst, dyr sjást hvergi á veggjum sem eru mest 0,2-0,3 m háir. Um 10 m suðaustan við tóftina eru tvær kolagrafir (B i og ii) sem eru mjög áþekkar, hvor um sig rúmur 1 m í þvermál og um 0,5 m á dýpt, lyngi vaxnar. Þær eru aðskildar af um 2 m breiðu hafti. Sú eystri (B ii) er örlítið neðar i brekkunni. Garðlag C er um 20 m sunnar en tóft A og ofar í brekkunni. Hann virðist liggja frá litlu gili, sem er vestan við tóftirnar, og 40-50 m til austurs áður en hann sveigir í suðurátt. Þar, skammt sunnan við beygjuna, er hann tvöfaldur á um 30 m löngum kafla, enda annar garður samsíða aðalgarðinum að utanverðu. Á milli garða eru 4-5 m og virðast þeir tengdir með garðstubbi nyrst. Þessi ytri garðbútur fjarar út eftir um 30 m en ekki er útilokað að hann sé einungis á kafi í lyngi og gróðri. Innri garðurinn heldur áfram til suðurs um 40 m til viðbótar en virðist þar fjara út. Þó má rekja óljósa línu í framhaldinu til vesturs, að gilinu. Alls afmarkar þá garðlagið svæði sem er rúmlega 100 x 50 m stórt. Garðurinn er víðast hvar mjög siginn og fornlegur, 2-3 m breiður og

almennt ekki meira en 0,2-0,4 m hár. D er regluleg þúst innangarðs hér um bil fyrir miðju svæði. Hún er um 80-90 m suður af A, 8 x 5 m stór frá norðri til suðurs í halla mót norðri. Beint norðaustur og niður af henni er slétt og reglulegt svæði sem gæti verið manngert þótt ekkert tóftalag sé á. Sömuleiðis er slétt svæði aðeins ofan og sunnan við tóftina en ekkert lag á því heldur. Að lokum er regluleg dæld E innanvert við suðausturhorn túngarðs. Hún er 4-5 m í þvermál en veggir ekki ljósir. Þess má geta að minjar sem gætu staðið í tengslum við þetta svæði er gríðarstór mógröf eða rauðanáma suðvestan við (sjá 046) og garðlag sem liggur um heiðina vestan við en fjarar út í stefnu á rústirnar (sjá 076).

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,16

SÞ-219:049 hellir fjárskýli Flathellir 65°39.669N 17°10.803V "Varastaðafjall heitir svæðið frá Varastaðagrófum milli hrauns og Gunnvörðumýra...Suðaustan í Varastaðafjalli er djúp lág, er heitir Kolalág [sem er í landi Brettingsstaða SÞ-220:026]... Það er fjárhellir efst í hrauninu skammt norðan við neðri kjaft Kolalágar. Annar hellir rétt austar og nafnlaus," segir í örnefnaskrá. Hellir sem líklega á við lýsinguna er fast austan við götuna sem liggur með hraunjaðrinum suður frá bæ, nánar tiltekið 3 km suðsuðaustur af bæjarhól 001. Hellirinn nefnist Flathellir og er á merkjalínunni milli Ljótsstaða og Brettingsstaða. Hellirinn er fast austan við götuna sem liggur með hraunjaðrinum suður frá bæ, nánar tiltekið 3 km suðsuðaustur af bæjarhól 001. Skógi vaxin lág. Dokk sem er græn af teðslu er framan við hellinn.



Hellir SÞ-219:049, horft til norðurs

Hellismunninn snýr mót suðri en hann er op á lágri hraun sprungu sem liggur til norðurs. Hellirinn er mjög lágur, rétt ærgengur, en inni leyndust þrjár kindur með lömbum þegar að var gáð, á flótta undan flugunni. Ekkert manngert sést í hellinum eða við munnann en í honum eru vafalaust þykk taðlög.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,16

SÞ-219:050 *Ranghali/Hringhellir* hellir fjárskýli

"Norður af Lautinni [í Varastaðafjalli] er hjallavottur miðhlíðis. Brött brekka neðan hjallans heitir Hlíðin...Þar norður af, upp við brekkuna í hrauninu, er hellarani, sem nær norður að Varastöðum. Hann heitir Ranghali. Þar eru hellar margir með opum á ýmsa vegu. Þar nálægt miðju ranans eru hellar tveir, sem heita Hringhellir. Munu þeir áður hafa náð saman. Þar var fé hýst stundum á haustin og fram eftir vetri, og taka þeir allt að 200 fjár," segir í örnefnaskrá en það er talsvert ofmat á stærð hellis að sögn Jóns Benediktssonar heimildamanns. Einnig eru til: Hringhellislækur, Hringhellisblettur, Hringhellaskot.

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,17

SÞ-219:051 gryfja kolagröf 65°39.391N 17°13.536V

Kolagrafir eru á holti austur af miðri Kalmannstjörn, 70-80 m norður af Merkjalág. Þetta er rúma 3 km suðvestur af bæjarhól 001. Mjög þýfður lyngmói, gróinn fjalldrapa og víði. Syðsta kolagröfin (A) er dæmigerð, 1,5 x 1 m stór og um 0,8 m djúp. Rúmum 300 m norðvestar er B. Hún er einnig dæmigerð, rúmlega 1 m í þvermál og rúmlega 0,5 m djúp. C er rúma 60 m norðvestur af B og D er aftur rúma 30 m NNA af C. Báðar þessar grafir, C og D, eru litlar og virðist mögulegt að þær hafi verið fylltar. Þær er báðar í brúnum holta, sín á hvoru holtinu og lægð á milli. Hvor um sig er hér um bil 30-40 cm í þvermál og dýptin um 20-30 cm. Kolagröf E rúmum 30 m



Kolagröf SÞ-219:051 C horft til vesturs

norður af D. Hún er nokkuð dæmigerð, rúmlega 1 m í þvermál og um 0,5 m djúp. Kolagröf F er nyrst á svæðinu, rúma 300 m NNV af E. Hún er einnig í meðallagi stór, rúmlega 1 m í þvermál og 0,4-0,5 m djúp. Alls er þá svæðið sem hér hefur verið lýst um 800 x 100 m stórt frá norðvestri til suðausturs. Ekki er ósennilegt að fleiri grafir leynist í holtunum í kring.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,17-18

SÞ-219:052 *Bæjarvað* heimild um vað 65°40.123N 17°11.040V

"Þegar áin er búin að breiða úr sér á urðunum norðan af [Æsufitjar] Fossunum, er vað á ánni sunnanvert við Hamarsvík, sem er lygn vík austan árinnar, sunnan við eyðibýlið Hamar. Það heitir Bæjarvað; er sjaldan farið vegna stórgrýtis og straumhörku," segir í örnefnaskrá. Líklega stundum kallað Bæjarvað á Æsufit. Hamarsvík er býsna augljós gegnt sunnanverðu Hamarstúni, en Hamar er austan við Laxá. Þetta er um 2,2 km suður af bæjarhól 001. Töluverð breidd er á ánni á þessum stað. Engar götur sjást á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,18 og Ö-Halldórsstaðir,25

SÞ-219:053 *Gatan* heimild um leið 65°40.108N 17°11.067V

"Móti Hamarsvík [sjá 052] er ruddur vegur þvert upp yfir hraunið, ætíð nefnt Gatan," segir í örnefnaskrá. Líklega er þetta sami staður og segir um annarstaðar í sömu skrá: "Syðsti hluti Æsufitar [sem mun vera bakki meðfram Laxá, skógi vaxinn] heitir Syðstiblettur. Þar var oft slegið, og var ruddur vegur yfir hraunkambinn til að ná í heyið. Nú er þetta mest viði vaxið." Götunnar var leitað í hraunkambinum meðfram Hamarsvíkinni. Hann er vaxinn mjög þéttum og háum skógi - auk þess er þar mikill lágróður. Vegurinn fannst ekki. Samkvæmt Jóni Benediktssyni á Auðnum lá hann á ská yfir norðurenda bakkans en má heita týndur í skóg og orðinn nokkurnveginn ófær.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,18

SÞ-219:054 tóft heystæði 65°39.887N 17°12.406V

Stök tóft, að líkindum heystæði, er á holti sem teygir sig út í Gunnvörðumýri um 700 m austur af nyrsta enda Gunnvörðuholts. Þurrt, aflangt holt sem liggur frá norðri til suðurs, víðlendar mýrar austan og vestan megin við.

Tóftin er eins og þúst, það er lítil lækkun innan veggja. Hún er 9 x 7 m stór og snýr austur-vestur, sporöskjulaga og um 0,7 m há. Hún er fremur fornleg og engin gróska í veggjum, vaxin víði og fjalldrapa.



Heystæði SÞ-219:054, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,28

SÞ-219:055 *Varastaðir* tóftir býli 65°40.479N 17°11.818V
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir: "Varastader heitir örnefni hver í landinu skamt fram frá heimajörðunni. Þar sjást tvær tóftarústir fornar og ekki önnur byggingamerki, þykir flestum líklegt að þar hafi aldrei búið verið, þó nafnið þyki til þess líklegt." "Varastaðir eru fornt eyðibýli norðan Varastaðafjalls. Bærinn stóð á hjalla nærri neðst í brekkunni, dálítið norðan við mynnið á Tjaldlág [079]. Þar eru talverðar rústir af bæjarhúsum og útihúsum. Þar hafa fundist hvalbein og fiskbein. Norðan við rústirnar rennur lækur úr fjallsbrún, sem heitir Stórudokkarlækur og Langilækur. Honum hefur verið veitt heim að bæ. Neðan rústanna heitir Stóradokk...," segir í örnefnaskrá.

"Nokkuð suður frá bænum tekur aftur við undirlendi milli hrauns og hlíða, þar er gamalt eyðibýli og nokkurt graslendi í kring. Býlisrústin heitir Varastaðir, og Varastaðaskógur í hlíðinni sunnan við...," segir í Lýsingu Þingeyjarsýslna I. Tóftirnar eru á svolitlum stalli í hlíðinni rúmlega 100 m ofan (vestan) við beitarhúsarústir 056. Þær eru um 1,4 km sunnan við bæ 001.

Svæðið er á kafi í birki, víði- og öðrum runnagróðri og því mjög erfitt að greina rústirnar. Syllan í hlíðinni er í raun ekki stór og ekki hefur verið landrými til að byggja stórt býli á þessum stað. Fyrir neðan tekur brekkan aftur við og neðan hennar er svo mýrarsvæði að hrauninu við Laxá. Á þessu svæði virðast vera dokkir og hryggir sem gætu verið garðar og tóftir en svæðið er algjörlega á kafi í gróðri að ekki er hægt að tala um eiginlegar tóftir eða þústir en svæðið sker sig þó verulega úr gróðurfari og á syllunni almennt. Utan í syllunni má svo greina aðeins skýrari mannvistarleifar. Þar eru hryggir í landinu sem minna á signa veggir sem snúa þvert á brekkuna og er í svolitlum halla. Vel má ímynda sér að þarna gæti hafi verið fjós þó að ummerkin séu sannarlega of óljós til að nokkuð sé hægt að fullyrða um það. Svæðið er um 18 x 9 m stórt og snýr austur-



Þústin sem sést best á svæði SÞ-219:055. Á ljósmynd er horft til austurs

vestur. Veggir eru 3-4 m á breidd, dálítið háir (allt að 0,7 m) en lyngivaxinn og dokk í miðjunni. Aðaltóftin er einföld en það gæti hafa verið hólf sunnan við. Það er enn

óljósara en virðist hafa verið styttra (ekki náð eins hátt upp í brekkuna) en gæti hafa verið 7 x 15 m stórt. Öll þessi ummerki eru afar óljós og í raun vart merkjanleg lengur fyrir gróðrinum sem allt umlykur og kaffærir síðustu ummerki minja. Það svæði sem einhverjar mannvistarleifar fundust er um 50 x 50 m stórt.

Hættumat: stórhætta, vegna skógar

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,19; JÁM XI, 206; LÞ I, 282

SÞ-219:056 *Stekkjarlækur* tóftir beitarhús 65°40.467N 17°11.594V "Sunnan við Stórudokk er hálffleytt mýrarstykki, og ofan úr brekkunni fellur lækur niður í stykkið, þar sem hallar til beggja hliða, sem heitir Stekkjarlækur... Neðan til í brekkunni við Stekkjarlæk er hálfdeigjugeiri...Stekkjargeiri.", segir í örnefnaskrá. "Sunnan við Lambahelli [058] var Stekkurinn, nú rifinn. Stekkurinn var kallaður Aðhald, og svæðið í kringum hann bar sama nafn. Mýrin neðan hans Stekkjarmýri og vestan við hann Aðhaldsmór," segir í örnefnaskrá. Tóftir eru á þessu svæði, um 1,44 km sunnan við bæ 001 og um 50 m ofan (vestan) við vegslóða inn Laxárdal. Rústirnar eru 100-120 m austan við Varastaði 055. Stekkjarlækurinn sjálfur gengur úr hlíðinni niður bakkann og endar í litlum polli hjá tóftunum. Ofan við t er mýri til NNV en lyngivaxinn og deiglendur mói til vesturs til NNA og til suðvesturs. Talsvert af kjarri vex á þessum slóðum. Er byggt utan í Ranghala sem er lyngivaxið hraunlendi með hellum í. Tóftirnar eru fagurgrænar og grasi vaxnar. Mýrarpollar eru til norðurs og stakur pollur til suðurs.



Tóftir SÞ-219:056, horft til VSV

Á svæðinu sem er 47 x 23 m að stærð eru tvær tóftir (A og D), þúst (B) og garðlag (C). Þarna voru síðast beitarhús. Tóft A er langstærst. Hún er 17-18 x 7 m stór og snýr

norður-suður. Suðurhluti tóftarinnar virðist endurbyggður og gæti hafa verið beitarhús á síðara stigi. Hann er 7 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á miðjum suðurvegg hólfsins en ekki eru greinileg önnur op. Hraunhellur (0,6 x 0,3 m stórar að meðaltali) eru notaðar til að "fóðra" veggina. Svolítil uppsöfnun virðist í tóftinni miðri. Norðan við suðurhólfið er mun óskýrar hólf. Það er 4,5 x 2-3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir eru 0,3 m á hæð en uppsöfnun undir hólfinu er allt að 0,5 m. Hólfið skiptist í tvennt þar sem í miðju þess er þúfnaröð sem líklega eru leifar veggjar. Hólfið stenst ekki alveg á við suðurhólfið en norðurhólfið er um 0,5 m vestar en suðurhólf. Norðurhólfið gæti verið leifar um eldra byggingarstig en einnig er mögulegt að þarna hafi verið heystæði og því lægri hleðslur. Garðlag, C, er 3 m sunnan við suðurvegg yngsta hluta A. Garðurinn liggur í 4 m til suðurs, beygir þá til vesturs og liggur í um 12 m hlykkjótt samsíða suðurhliðinni en beygir svo með tóftinni til norðurs og liggur áfram í um 4 m . Um 7,5 m ofan (vestan) við tóft A er þúst B. Hún er næstum horfin í mýrina en þó má óljóst sjá móta fyrir útveggjum. Hún er um 7,5 x 5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hægt að sjá neitt tóftarlag á þústinni, op veggi eða annað. Tóft D er syðst á svæðinu, um 20 m sunnan við tóft A og um 1 m sunnan við lítinn vatnspoll sem þarna er. Lítill lækur rennur í sveig framhjá tóftinni. Tóftin er 8 x 4,5 m stór og er einföld. Hún snýr norður-suður. Op er á miðjum suðurvegg hennar en mögulegt er að annað op hafi verið á miðjum austurvegg en mögulegt er að það sé bara hrun/rof. Tóftin er grasi gróin og sigin og engar grjóthleðslur sjást í henni.



Tóftir SÞ-219:056

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,19-20

SÞ-219:057 *Yzthellir* hleðsla fjárskýli 65°40.520N 17°11.601V

"Neðan Stórudokkar eru margir hellar, og voru tveir þeirra notaðir til fjárgeymslu eins og Hringhellir [050]. Yzthellir er nyrzt. Þar var hlaðið sem við fjárhúsdyr og öll göt byrgð, svo að eigi fennti inn. Garður var hlaðinn þvert yfir hellinn að sunnan, svo að féð færi ekki inn í suðurhlutann, sem heitir Yztahellisskot. Þau eru miklu stærri, en verri inngangur," segir í örnefnaskrá. Tveir hellar, mögulega samtengdir, eru um 310 m NNV við grjótgarð 089, um 50 m norðan við tóftir 056 og um 80 m vestan við Laxá. Hann er



Yzthellir SÞ-219:057, horft til SSV að opi C

fremur vestarlega í hrauninu sem er við Laxá á þessum slóðum. Hellirinn er um 1,4 m SSV við bæ 001. Fyrir framan (austan) hellinn er grasflöt en eftir henni miðri liggur nú bílslóði. Grasflötin nær að öðru hraunbelti austar, sem liggur alla leið að Laxá. Suðsuðaustast á grasflötinni er deiglent.

Þarna eru mannvirki og hellar á svæði sem er 17 x 10 m stórt og snýr norður suður. Fyrst er að nefna helli syðst á svæðinu sem hér fær bókstafinn A. Hellisop A er þríhyrnt frá náttúrunnar hendi og til móts við þar sem hellisopið slútir yfir opið er flöt hella í gólfinu. Þegar komið er inn, um 10 cm innar en hellisopið, sleppir hellunni. Hellan er þríhyrnd, 2 m á breidd og 4 m á lengd. Sjálfur hellirinn er 2 x 1,5 m að stærð. Eins og áður segir er hann þríhyrningslaga og endar í inngangi sem úr fjarlægð virðist hlaðinn og

manngerður en er í raun bara náttúrusmíð. Fyrir utan hellisopið markar L-laga hleðsla af lítið hólf. Hleðslan er 3 m austur-vestur en 4 m norður-suður. Hleðslan markar því ásamt klettaveggnum hólf sem er 4-5 x 3 m stórt og snýr norður-suður. Op er á það norðaustast. Hólfið kann að hafa verið notað sem aðhald eða eitthvað slíkt. Um 2 m norðvestan við norðvesturhorn hellis A er e.k. niðurgröftur, B, ofan á hraunbungunni sem hellar A og C eru í. Niðurgröfturinn er ferhyrndur og 4 x 1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Engin ytri brún er greinileg en dýpt þessa er 0,5. Þetta er líklega manngert frekar en náttúrulegt niðurfall enda virðist það of reglulegt til þess. Um 4 m norðan við hleðsluna við A er annar hellir C. Þar er 3-4 m hleðsla sem lokar af hellismunnanum nema allra nyrst. Hleðslan er um 1 m á breidd og 0,3-0,4 út á við en jafnvel 0,8 mælt innanfrá. Hellirinn virðist stór en þyrfti betri ljós og búnað til að kanna betur. Op á hellinum er 8 m vestan við veg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,1

SÞ-219:058 *Lambahellir* hleðsla fjárskýli 65°40.484N 17°11.585V

"Syðst [sunnar en Yzthellir 057] var Lambahellir. Þar voru lömb höfð, þá fært var frá, og umbúnaður sem segir um Yzthelli," segir í örnefnaskrá. Hellir er um 30 m sunnan við helli 057 en er á sérstökum hraunkambi. Hann er um 20 m norðaustan við tóftir 056. Hellirinn er um 1,5 km sunnan við bæ 001. Fyrir framan er mýrarpollur á milli hraunhryggja og vegurinn beygir á þessum slóðum og liggur upp á neðri hraunkambinn og beygir á þessum slóðum.



Hellismuni SÞ-219:058, horft til vesturs

Þarna er hæð eða hólkambur sem er 10 x 9 m að stærð og snýr NNV-SSA. Inn í hann er hellir og eru op á hann á tveimur stöðum. Greinilegra opið er suðvestan í hæðinni. Þar hafa verið hlaðnir upp tveir veggir sem marka inngang að hellinum. Veggstubbarnir sem eru 0,8 m á hæð, eru að norðan og sunnan og á milli þeirra eru dyr sem eru um 1,4 m á hæð og er gengið niður í hellinn um þær, um e.k. inngang sem er 1,5 m á lengd. Í innganginum er eitt þrep eða 0,5 m niður. Inni í hellinum

er steinadreif. Hellirinn er rúmlega 1 m á hæð. Hann nær um 1,5 m til suðurs. Hellirinn sjálfur er þríhyrningslaga og talsvert víður . Mögulega er op á suðurhlið hans.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,20

SÞ-219:059 gryfja kolagröf 65°40.070N 17°11.943V

Tvær samhliða, reglulegar dokkir eru utan í holti 250 m vestur af tóftum nyrst á Gunnuvörðuás, sjá 048. Móaholt sem er þýft á þessum stað, í jaðri mýrar sem er austan við.



Kolagrafir á Gunnuvörðuás SÞ-219:059, horft til austurs

Þessar dokkir eru líklega kolagrafir. Þær eru um 0,4 m djúpar, hlið við hlið í stefnu austur-vestur, hvor um sig um 50 cm í þvermál og um 50 cm breitt haft er á milli þeirra. Fast norðaustan við er heldur stærri dokk, víði vaxin og því ógreinileg, sem gæti líka verið kolagröf.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,20

SÞ-219:060 *Hróhellir* hellir fjárskýli 65°40.371N 17°11.440V

"Þar sunnan hét Hróhellismór...Hróhellismórinn er kenndur við langt hró, sem snýr A-V. Miðhluti þess er fallinn niður, og op er til austurs og hellirinn stundum notaður til fjárgeymslu. Sunnan undir Hróhelli er Hróhelliskinn...," segir í örnefnaskrá. Hróhellir erum 1,7 km SSA við bæ 001 og fast norðan við raflínu sem gengur yfir svæðið frá Laxá á þessum slóðum. Hróið er stakt klettabelti í mýrar- og grasivaxinni sléttu, milli heiðarbrekkna ofar og hraunjaðars við Laxá neðar. Hróið snýr gróflega austur-vestur en sunnan við það er sund á milli þess og annarrar hraunbólu minni.

Hróið er 46 x 22 m að stærð og snýr ANA-VSV og í það eru margar dældir og op en hlaðið hefur verið fyrir tvo lítil op á norðurhlið. Í hróið mitt er talsverð dæld og austan í henni er stærsta opið og er hlaðið beggja vegna við það þó hleðslan að norðan sé mun verulegri. Hellismunninn er 0,8 m og eru 3 m inn í botn hans til austurs en þaðan liggur ranghali til norðurs.



Hróhellir SÞ-219:060. Á vinstri mynd er horft til suðurs en til ASA á mynd til hægri

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,21

SÞ-219:061 *Ytri-og Syðri-Hróhellisskot* hellir hlutverk óþekkt 65°40.385N 17°11.357V

"Ofan til í hrauninu neðan við Hróhelli voru tveir hellar, sem heita Ytra-Hróhellsskot og Syðra-Hróhellisskot. Nyrðri hellirinn var fjárhellir, en sá syðri til að matast í, ef vont var veður. Þar er hella lögð á steina fyrir borð og steinar kring til að setjast á," segir í örnefnaskrá. Hellirinn er um 1,6 km NNA við bæ 001 og um 20 m vestan við vegarslóða sem liggur inn Laxárdal sunnan við Varastaði. Hann er um 40 m norðan við garð 089. Gróið hraunlendi er í kring.

Svæðið er 17 x 8 m stórt og snýr NNV-SSA. Hellirinn hefur verið merktur með vörðubroti sem er skófum vaxið og talsvert hrunið. Í því sjást nú aðeins 3-4 steinar og er það 0,4 m í þvermál og 0,4 m á hæð en 5-6 steinar úr vörðunni liggja norðvestan við hana. Hellisopið er í vesturs (gengið til vesturs inn í hann). Aðalhellirinn (miðjuhellirinn) er aðeins 1,6 m á dýpt en frá honum ganga bæði hellar til norðurs og suðurs. Sjálft hellisopið er um 4 m á breidd og 0,8-1 m hátt en hellirinn lækkar svo inn. Sá hellir sem gengur til norðurs, sá er sagður var fjárhellir, er lágur en opið í hann er fremur vítt, mest um 1,2 m á hæð En lægra op er til suðurs (sá hluti sem matast var í þegar vont var veður) en fyrir þann munna hefur verið reynt að loka með grjóthleðslu sem er í raun L-laga og tæpir 2 m á kant. Hleðslan sem snýr austur-vestur er 0,2 m á hæð en norður-



Ytra- og Syðra Hróhelliskot SÞ-219:061. Horft til VNV.
Ofan á hellinum má sjá glitta í vörðubrot

suður hleðslan er 0,8 m á hæð. Inni í þessum hluta er talsvert af dýrabeinum, líklega kindabeinum. Fyrir framan hellisopið er dæld sem er fagurgræn og grasigróin en allt umhverfis er lyngivaxið og má geta sér til um að fé hafi talsvert verið á beit á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,21

SÞ-219:062 *Skotið* hellir 65°40.524N 17°11.646V

"Við norðausturhorn Stórudokkar er gervigígur opinn til suðvesturs, kallaður Skotið. Þar var og etið í illviðrum.", segir í örnefnaskrá. Skotið er líklega djúp, hringlaga dokk

sem er umgirt klettum nema til suðvesturs og er rúmum 110 m NNV við tóftir 056. Dokkin er um 1,4 km SSA við bæ 001. Undir norðausturhlið dokkirnar er skjólgóður skúti. Svæðið er um 15 m í þvermál og er mjög skjólsælt. Engin mannaverk sjást í dældinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,22

SÞ-219:063 *Neðri- Brekkustígur* gata leið 65°41.635N 17°12.225V "Götur frá Ljótsstöðum norður brekkurnar heita Efri-Brekkustígur [009] og Neðri-Brekkustígur," segir í örnefnaskrá. Neðrigötur eru vel merkjanlegar á löngum köflum í hlíðinni milli Ljótsstaða og Auðna. Þær liggja víðast í hvilft eða syllu í hlíðinni og eru víða 200-400 m ofan (vestan) við núverandi veg. Göturnar liggja um lyngivaxna hlíð sem hallar til austurs, að Laxá. Þær liggja að mestu um lyngi- og skógi vaxna hlíð en eru á kafla í og í jaðri talsvert þétts birkiskógar.

Göturnar eru vel greinilegar norðan við malarnámu sem er rétt norðan við túnjaðar á Ljótsstöðum. Á þessum slóðum sést stakur, nokkuð djúpur slóði sem er mest 1,5-2 m á breidd en víðast um 1 m á breidd. Slóðinn er víða 0,3-0,4 m á dýpt. Slóðin verður ógreinilegur á kafla vegna gróðurs en þó er hægt að rekja hann víða, t.d. þar sem hann lækkar í hlíðinni þegar komið er nærri Auðnum ofan við Hagahraun beggja vegna við þvergarð sem þar liggur að Laxá frá langgarði. Leiðin milli bæjanna hefur verið um 4 km löng.



Neðri-Brekkustígur SÞ-219:063, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna skógar

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,23

SÞ-219:064 tóft rétt/stekkur 65°41.385N 17°12.090V

Lítil rétt eða stekkur er hlaðin fast austan undir heimreiðinni að Ljótstöðum, rúma 350



Tóft SÞ-219:064. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

m norðaustur af bæjarhól 001. Hún er í jaðrinum á hraunkambi.

Klettur undir veginum myndar vesturhlið tóftar en hlaðið er að norðan og austan og op að sunnanverðu. Alls er tóftin um 7 x 3 m stór og snýr norður-suður. Hún er einföld. Veggir ná allt að rúmum 1 m á hæð og eru 4-5 umför grjóts í hleðslum. Garður 084 gæti mögulega hafa legið að tóftinni þótt ekki sé það greinilegt. Hún er að líkindum yngri en garðurinn eða hefur í það minnsta verið lengur haldið við.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SÞ-219:065 *Hallagata* gata leið 65°41.388N 17°13.726V

"Af Reykjadalsgötum [086] lá gata sunnan Sauðhóls og suðvestur í Systralág, Hallagata, sennilega gamall heybandsvegur úr Systralág, því þar var hey þurrkað úr Miðbæjarmýri [ætti að rita mið Bæjarmýri samkvæmt Jóni Benediktssyni]„" segir í örnefnaskrá. Hallagata sést greinilega þar sem hún greinist frá Reykjagötum 086 og liggur sunnan í Sauðhól. Gatan liggur svo áfram til vesturs en verður fljótlega óskýr þó óljóst megi sjá móta fyrir honum á kafla í láginni ofan við (vestan við) Fífulágarása. Gatan liggur utan í þýfðum hól sem er í jaðri mýrarsvæðis og áfram með mýrinni til vesturs.

Slóðinn er einfaldur, varla meira en kindaslóði og er skýrastur þar sem hann liggur norðan í Sauðahól, í móabarði. Slóðinn er yfirgróinn á köflum en virðist á sumum köflum notaður af kindum enn þann dag í dag (2012). Þessi leið virðist ansi langur

heybandsvegur þar sem svo virðist að hafi verið farið í mjög langan krók meðfram austur, norður og vesturhliðum Bæjarmýrar til að komast að Systralág.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,23

SÞ-219:066 *Langholtsmýrargata* gata leið 65°40.759N 17°12.465V "Af Máskotsgötum [067] lá gata suður yfir Grófarvað [040] og suðvestur Langholt, Langholtsmýrargata," segir í örnefnaskrá. Gatan sést vel, til dæmis um 850 m suðsuðvestur af bæjarhól 001. Hún hefur sennilega klofnað frá Máskotsgötum á heiðarbrúninni eða þar um bil og stefnir til suðvesturs að Grundará, sjá 040. Víði vaxinn og þýfður lyngmói.

Gatan er djúp en uppgróin og sumstaðar víði vaxin. Hún sést greinilega liggja til suðvesturs að ánni, er reyndar ekki alveg greinileg við ána en stefnir þó á Grófarvað 040 og sést líka liggja í sneiðing upp hæð handan við vaðið - og þegar þangað er komið blasir við langt holt, Langholt, sem mýrin og gatan eru vafalaust kenndar við. Ekki er alveg ljóst hvert gatan lá en hugsanlega einfaldlega í Langholtsmýri. Vafalaust hefur verið heyjað í mýrunum á þessu svæði, sbr. meint heystæði 054.



Langholtsmýrargata SÞ-219:066, horft til norðaustur

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,24

SÞ-219:067 *Máskotsgötur/Efri- Máskotsgötur* vegur leið 65°40.778N 17°13.004V "Suður og upp brekkuna frá Bæjarlækjarfossi...Götur þær, er lágu suður og upp á Stallinn yzt, voru kallaðar Máskotsgötur. Þær lágu norðan Grundarárgrófa og yfir Yztugróf, vestur sunnan við Hundalæk. Gatan norðan lækjarins lá um Hallbjarnarstaðalág milli (?) Skjöldumýrar og um selið, sem nú heitir Brún, og í Hallbjarnarstaði," segir í örnefnaskrá

en þar segir einnig; "Suður og upp brekkuna frá Bæjarlækjafossi lágu götur suður og upp norðan stalls, kallaðar Efri-Máskotsgötur og Efristígar," segir í örnefnaskrá. Göturnar lágu frá Ljótsstöðum í Máskot. Þetta mun hafa verið akfær vegur í seinni tíð og sést enn vel. Heiðalönd.

Gata liggur skáhallt upp til suðvesturs frá Ljótsstaðatúni og mun ófær bílum þegar þetta er ritað. Hún sveigir svo til vesturs á heiðarbrúninni og liggur þar beint í vestur, meðfram miklum skurði. Þar sem skurðinum sleppir sveigir slóðinn í suðvesturs og má á loftmynd auðveldlega rekja hann allt heim í hlað á Máskoti, en þangað hafa verið um 5 km eftir veginum, styttra í beinni loftlínu. Sennilega eru Efri-Máskotsgötur afbrigði af þessari leið í brekkunni ofan bæjar en ekki tókst að varpa nánara ljósi á það.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,24

SÞ-219:068 garðlag hlutverk óþekkt 65°41.349N 17°12.588V

Óljós hryggur liggur þvert á hlíðina um 390 m norðvestan við bæ á Ljótsstöðum 001. Helst er að giska á að hryggurinn sé alveg siginn forngarður þó ekki sé hægt að staðhæfa með fullri vissu að hann sé manngerður. Annar þvergarður, 016 er um 350 m sunnar.



Garður SÞ-219:068, horft til austurs

Hryggurinn liggur þvert á lyngi og kjarri vaxna hlíð í talsverðum halla til austurs, að Laxá. Hryggurinn gæti hafa legið frá langgarði 096 sem er um 230 m ofar.

Garðurinn er afar ógreinilegur en útlit hans bendir þó fremur til að hann sé fornleif fremur en náttúrumyndun. Garðurinn var rakinn á 40-50 m kafla og þar var hann um 5 m á breidd en 0,5 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,24

SÞ-219:069 *Garðsendavað* heimild um vað 65°41.290N 17°12.046V

"Garðsendavað sunnan Ytri-Garðsenda, út og niður af Grenjaðarstöðum, var á miðjar síður, sjaldan farið," segir í örnefnaskrá. Garðsendavað var sunnan við ytri túngarðsendann nyrst í Ljótsstaðatúni þar sem nú er merktur veiðistaðurinn Garðsendapollur. Áin er fremur lygn á þessum stað og um 75 m breið. Ljótsstaðamegin við hana er grösugur og flatur bakki við ána en eiginlega gata sést ekki að áni. Austan ár er árbakkinn skógivaxinn.

Ekki er vitað á hvaða leið/leiðum vaðið var farið en væntanlega hafa þær legið til bæjanna austan við á.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,24

SÞ-219:070 *Bæjarvað* heimild um vað 65°41.093N 17°11.999V

"Bæjarvað við Syðra-Garðsenda, sunnan Kofabrotsbjarga, meir en á miðjar síður, en ekki mjög straumhart, en grýtt og stundum með álförum á vorin. Ruddur vegur frá því upp yfir hraunið að austan. Mikið notað," segir í örnefnaskrá. Norðan við Garðsenda túngarðs 017 að sunnan er Garðsendapollur í Laxá. Þar er áin breið og fremur lyng og hefur sjálfsagt verið þægilegt yfirferðar. Bæjarvað var um 370 m sunnan við Garðsendavað 069. Garðsendapollur er merktur veiðistaður við ána. Ekki sjást greinilegar götur á þessum slóðum að ánni eða frá henni. Mögulegt er þó að ruddur vegur hafi verið austan ár á svipuðum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,24-25

SÞ-219:071 *Varastaðavað* heimild um vað 65°40.468N 17°11.322V

"Varastaðavað sunnan Varastaðhólma, straumhart og áður fyrr ekki mjög djúpt; mikið farið fram yfir aldamót. Nú ófært," segir í örnefnaskrá. Vaðið er innan við 100 m sunnan við suðurenda Varastaðahólma. Samkvæmt Jóni Benediktssyni var Varastaðavað og Hólmavað að miklu leyti sama vaðið. Vestan frá var farið skammt ofan við hólmann og hvort sem var beint austur yfir, þá leið sem í örnefnalýsingunni er talin ófær eða til norðausturs upp í suðurenda hólmans.

Engir slóðar sjást að ánni sem er hún er fremur þröng á þessum stað en vesturkvíslin er um 50 m breið og fremur straumhörð við neðri enda hólmans. Þar er kvíslin alveg ófær.

Veiðistaður er á bakka Laxár að vestanverðu á þessum slóðum [merktur Varastaðahólmi 401] og er hann merktur með skilti við Hólmavað 072. Ekki er vitað á hvaða leið/leiðum vaðið var farið en væntanlega hafa þær legið til bæjanna austan við á og er vaðið einnig skráð þeim megin árinnar, sjá 221:011

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,25

SÞ-219:072 *Hólmavað* heimild um vað 65°40.490N 17°11.408V

"Hólmavað, riðið suðvestur í Varastaðahólma [þessi lýsing gengur alls ekki upp sé leiðinni lýst af vesturbakkanum samkvæmt Jóni Benediktssyni heimildamanni], austur úr hólmanum norðanverðum og norðaustur í vík við austurlandið. Vesturkvíslin straumhörð og ekki á miðjar síður. Austurkvíslin er straumlítil, en meir en á miðjar síður," segir í örnefnaskrá. Eins og þar segir var hægt að fara úr hólmanum til norðausturs en fremur vont talið að fara Laxá þarna, þó fært teldist samkvæmt Jóni Benediktsyni heimildamanni. Vaðið var á Laxá á þessum slóðum rétt 20-40 m neðan (norðan) við skilti við veiðistað 401. Samkvæmt Jóni Benediktssyni var Varastaðavað 071og Hólmavað að miklu leyti sama vaðið. Vestan frá var farið skammt ofan við hólmann og hvort sem var beint austur yfir, þá leið sem í örnefnalýsingunni er talin ófær eða til norðausturs upp í suðurenda hólmans. Stuttur árbakki neðan við hraunröndina. Bakkinn er aflíðandi síðustu 2 m að ánni. Áin er um 100 m breið á þessum stað, fast ofan við Varastaðahólma. Hólminn er vaxinn grasi og víði.

Ekki sjást slóðar að eða frá vaði. Ekki er vitað á hvaða leið/leiðum vaðið var farið en væntanlega hafa þær legið til bæjanna austan við á.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,25

SÞ-219:073 gryfja kolagröf 65°40.755N 17°12.512V

Nokkrar reglulegar dokkir, líklega kolagrafir, eru um miðja vegu milli Máskotsgatna 067 og Grundarár, rétt um 900 m SSV af bæ 001. Víði vaxinn lyngmói. Gata liggur um hann í átt að Grundará, en ekki víst hún sé gömul, virðist kindagata í dag. Beggja vegna við þessa götu eru dokkirnar.



Kolagrafir SÞ-219:073, horft til suðausturs

Í móanum sjást víða dokkir sem líkjast kolagröfum. Sumar þeirra virðast býsna dæmigerðar sem slíkar en flestar eru þær þó mun minni en venjulegar kolagrafir, þ.e. 0,5 m í þvermál og 30-40 cm djúpar, kannski meira eins og samanfallnar eða jafnvel uppfylltar kolagrafir. Þess utan liggja þær afskaplega þétt á litlu svæði, þéttar en búast mætti við af venjulegum kolagröfum. Alls voru taldar um 20 slíkar á svæði sem er um 40 x 30 m stórt og snýr austur-vestur. Vestast á svæðinu, innanum dokkirnar, er þúst sem er ekki mjög sannfærandi, (merkt 219073T) en gæti þó verið manngerð, alls 7-8 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:074 þúst hlutverk óþekkt 65°39.678N 17°13.856V

Regluleg þúst er á litlu holti við norðausturhluta Kalmanstjarnar. Jón Benediktsson ábúandi á Auðnum sagði skrásetjurum frá tvískiptri rúst sem að hann hafði tvisvar, í 30 ára smalamennsku gengið fram á Kalmanstjarnarás. Honum



Þúst SÞ-219:074 horft til suðurs

hafði hins vegar ekki tekist að staðsetja rústina aftur þegar hann reyndi. Rústin var tvískipt og hann taldi hana líklegast einhvers konar stekk eða tengjast smalamennsku og hann merkti inn á kort stórt svæði þar sem hann taldi líklegast að tóftin væri. Þústin sem hér er skráð er á umræddu svæði en ekki er víst að hún sé sama tóft og Jón greindi frá. Ekki fannst hins vegar önnur rúst innan þess svæðis sem Jón merkti sem líklegasta staðsetningu þústarinnar. Hann gat þess reyndar að næstum ómögulegt væri að leita að rústinni, svæðið væri svo víðivaxið að tóftin sæist varla "fyrr en maður stendur á henni". Fremur slétt holt, lægra en ásinn austan tjarnarinnar. Víði vaxið er allt í kring og að tjörninni.

Regluleg, lyngivaxin þúst, um 7 x 4 m stór, smá rof í vesturhlið. Hún er um 0,3 m há, ekkert grjót sýnilegt og engir eiginlegir veggir heldur. Hugsanlega er hér komið heystæði. Rúmlega 80 m NNV af þessari þúst er áberandi dæld sem þó er erfitt að staðfesta að séu mannvirkjaleifar. Hún er um 6 x 1 m stór og snýr frá norðri til suðurs, dýpt um 0,3 m. Veggir ekki augljósir. Hugsanlega standa þessar minjar í tengslum við kolagrafasvæði sem er einkum suðaustan við, sjá 051 en allt eins getur verið að þarna hafi verið sýslað með búpening á fyrri öldum.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:075 *Kofabrotspollur* tóft skotbyrgi 65°41.608N 17°11.962V

Kofabrotspollur er í Laxá við landamerki móti Auðnum, um 750 m norður af bæjarhól 001. Þar er tóft uppi á háum hraunhól skammt vestan við Laxá. Úfið og lyngivaxið hraun. Hóllinn er áberandi

Tóftin sjálf er ekki mjög áberandi því hún fellur vel saman við hraunið. Hún er alls um 4 x 3 m stór og snýr norður suður, er alveg opin í suðurátt. Veggirnir eru mjög



Tóft SÞ-219:075, horft til suðurs. Á myndinni má sjá nema í Litlu-Laugaskóla fá tilsögn í skráningu

lágir (0,2-0,3 m) og hlaðnir úr hraungrýti. Austurveggur tóftarinnar er hlaðinn uppi á lóðréttum klettavegg. Smáhellisskúti er um 4 m sunnan við tóftina. Mögulegar leifar af hleðslu ganga frá suðurenda vesturveggjar og til suðurs, að skútanum. Grjóti hefur verið bætt ofan á suðurenda vesturveggjar, þremur steinum sem líta út eins og lítil varða og sést hún vel að. Tóftin er með sléttum og grónum botni. Líkast til eru þetta leifar af skothúsi.

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,28

SÞ-219:076 garðlag vörslugarður 65°40.127N 17°12.347V

Mikill og fornlegur garður sést í heiðinni suðvestur af Ljótsstöðum. Suðurendi hans virðist eiga upptök sín vestur af rústum norðan í Gunnvörðuás, sjá 048, nánar tiltekið fast við gryfju, hugsanlega mógröf, sem er í mýrinni vestan við rústirnar (sjá 046). Í örnefnalýsingu er sagt frá garði sem virðist koma heim og saman við þetta, að minnsta kosti að hluta: "Garður hefur legið vestanverðan Gunnvörðuás í lögginni sunnan fyrir (?) Syðri-



Garður SÞ-220:076. Ljósmynd Árni Einarsson.



Garðlag SÞ-219:076, horft til norðurs

Gunnvörðu, norður í Varastaðgrófir, norðvestur yfir Tangaás og norður í Sund við Grundará; úr Yztugróf austan Stakkholts um Heygarða vestan Sjónarhóls og síðan norður heiði." Mýri syðst, síðan lyngi vaxin og fremur sléttlend heiði.

Garðurinn er óljós fyrsta spottann, en hann liggur til vesturs frá gryfju 046. Hann má greina óljóst á loftmynd. Í fyrstu er hann alveg jarðlægur og rennur saman við umhverfið en verður greinilegri eftir því sem vestar dregur og lengra upp á holtið. Alls má rekja hann rúma 400 m til vesturs (talið frá gryfju 046) en þá sveigir hann til norðurs, eftir sléttu holti og liggur þar undir raflínu. Beint undir raflínunni er engu líkara en hólf sé hlaðið við hann að austanverðu en ekki er þó útilokað að það sé náttúrumyndun, til komin vegna þess að rof hafi gróið upp. Þetta meinta hólf er rúmlega 20 x 10 m stórt frá norðri til suðurs. Áfram má rekja garðinn norður á bóginn. Fast austan við hann, tæpa 400 m norður af raflínunni, er áberandi hóll, stakur en lítill, hugsanlega hefur eitthvað verið átt við hann þótt ekki sjáist fullkomlega augljós mannaverk (hnit: N65 40.387 W17 12.484). Annars er garðurinn skýr í fyrstu norðan við hólfið en liggur síðan í kverk milli holts og mýrar og verður sífellt óljósari eftir því sem norðar dregur og illsjáanlegur þegar um 100 m eru eftir að Grundará. Af loftmynd að dæma hefur hann legið að ánni, eða nánar tiltekið gilinu þar sem grófirnar koma saman í eitt (þar var vað, sjá 040). Ekki sjást augljós merki um garðinn norðan við Grundará, hvorki á jörðu niðri né loftmynd - þó er ekki útilokað að hann hafi legið norður fyrir syðri grófina og móti fyrir honum á tungunni milli grófa. Alls hefur garður þessi verið hér um bil 1,6 km langur. Hann er víðast hvar 3-4 m á breidd og 0,3-0,4 m hár en þó hærri á stöku stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir, 28

SÞ-219:077 garðlag nátthagi 65°40.773N 17°11.916V

Garður markar af stórt hólf sem kann að vera nátthagi eða bara vörslugarður til að halda skepnum utan við ræktað tún innan hans og markaði suðurhlið hans suðurmörk túna Ljótsstaða undir lokin. Hann er um 700 m sunnan við bæ 001.

Fast ofan (vestan) við garðinn er kjarr og runnagróður og fremur brött brekka upp í mót til vesturs. Bílslóði liggur í gegnum hólfið.

Hinn hlaðni garður er í raun L-laga og marka grjóthleðslur vestur- og suðurhlið hólfsins. Grundará hefur markað hólfið til norðurs og Laxá til austurs. Samtals er svæðið tæplega 150 x 100 m stórt og snýr NNV-SSA.Garðurinn er fremur unglegur. Innan gerðis er grasivaxinn flati milli brekkukverkar og hrauns við Laxá. Í suðvesturhorni hólfsins er lítið ferhyrnt gerði úr timbri og bárujárni. Frá Grundará liggur garðurinn fyrst í 4 m til norðausturs og þar er op/hlið á hann. Frá hliðinu breytir garðurinn um stefnu og liggur þaðan beina leið til suðvesturs að horni. Um 8 m norðan við suðvesturhorn er annað, 3 m breitt op/hlið á barðinu. Um 25 m austan við suðausturhorn er einnig op þar sem bílslóði liggur í gegnum garðinn. Austurhluti suðurhleðslu liggur um hraunið við Laxá og endar alveg á árbakkanum - en er þar mjög kræklóttur. Þar hefur gaddavírsgirðing verið strengd um garðinn til að halda honum á sínum stað. Hleðslan er víða um 4 umför og er víða 0,5 m á hæð nær þó á köflum allt að 1,2 m hæð. Hún er víða en 0,7 m á breidd. Garðurinn er hlaðinn úr hraungrýti og stendur enn nokkuð vel og stendur enn nokkuð vel þó vísast sé hann ekki mjög gamall.



Garðlag SÞ-219:077, horft til austurs

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:078 frásögn heystæði

Mýrarsund úr Kalmanstjarnarmýri sem tengir saman Kalmanstjörn og Gunnuvörðumýri og er nefnt Vatnsleysa. Austan við Kalmanstjörn er Kalmanstjarnarás og allra nyrst á honum var heystæði sem Jón Benediktsson bóndi á Auðnum man eftir enda var heyjað talsvert þarna í mýrinni. Heystæðið fannst ekki við vettvangsskráningu en var á svolitlun

rana eða tanga sem gengur úr norðurenda ássins, við sundið sem nefnt er Vatnsleysa samkvæmt Jóni Benediktssyni.

SÞ-219:079 *Tjaldlág* örnefni tjaldstæði 65°40.331N 17°11.856V "Gunnvörðumýri er sunnan Tangahóla, vestur að Kalmanstjarnarás, suður að Brettingsstaðaásnum. Norðan við Hvítuholt er Tjaldlág, sem er djúp lág upp af Varastöðum [055]. Rústir eru og sunnan Tjaldlágar [sjá 048]," segir í örnefnaskrá. Gil liggur ofan við (vestan við) Gunnvörðuháls eða Varastaðafjall, meðfram því að vestanverðu (snýr þar norður-suður) en beygir svo með því til austurs með fram hálsendanum. Til norðurs frá því eru lágir og er helst að giska á að þar hafi Tjaldlág verið, um 350 m norðvestan við rústir 048 og 1,6 km sunnan við bæ 001. Grösug lág, sæmilega slétt ofan við gilið frá Gunnvörðuhálsi. Línustaurar ganga 100-200 m sunnar yfir brún Gunnvörðuháls. Svæðið er lyngvaxið. Lágin er gróflega áætluð 20-30 m stór norður-suður en 40-50 m austur-vestur.

Ekkert vatn er að hafa í láginni og engin mannaverk sjást í henni. Þess ber að geta að tvær Tjaldlágir eru þekktar í landi Ljótsstaða, sjá einnig fornleif 047.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir, 15

SÞ-219:080 hlutverk óþekkt 65°40.864N 17°11.993V "Sunnan við Grundará er sléttlendi, sem heitir Syðrigrund. Þar voru fjalldrapamóar til 1913. Nú er þar tún," og "Húsarúst var á Syðrigrund, nú jöfnuð," segir í örnefnaskrá. Grundin er um 680 m sunnan við bæ 001. Syðri Grund er sunnan við Grundará og þar eru nú flatlend tún sem komin eru í órækt og eru að verða að þýfi.

Á þessum stað eru flöt tún sem ekki eru lengur ræktuð. Beint neðan (austan) við vörðu 036 er svæði sem er örlítið hærra en umhverfið, um miðbik túns. Líklegt er að húsin hafi staðið þar, þó ekkert sé hægt að fullyrða um það. Ekki er vitað hvaða hlutverki sú húsarúst sem þarna var gegndi en ekki er ólíklegt að þarna hafi verið beitarhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir,22, 28

SÞ-219:081 garðlag vörslugarður 65°41.445N 17°12.075V

Slitrur af grjótgarði liggja um hraunið neðan eða austan við veginn heim að Ljótsstöðum og til norðurs. Garðurinn sést fyrst fast norðan við rétt 064. Þetta gæti verið sami garður og segir um í örnefnalýsingu: "Garður suður neðan við Merkjaflöt og suður að fornum vallargarði norðan við Ljótsstaði."



Garðlag SÞ-219:081 horft til suðurs

Garðinn má rekja tæpa 50 m til norðurs en líkt og önnur garðlög í hrauninu er hann slitróttur og víða erfitt að fylgja honum eftir. Þar sem þráðurinn tapaðist eru enn eftir um 300 m norður að landamerkjum við Auðnir. Það verður þó að teljast líklegt að hann hafi náð lengra og raunar er sennilegt að hann hafi tengst svipuðu garðlagi sem sést norðan merkja, í Auðnalandi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir, 28

SÞ-219:082 garðlag 65°41.124N 17°12.016V

Hraungarður, mun signari og fornlegri en suðurhluti túngarðs 017, nær frá Laxá og til vesturs að heimreið að Ljótsstöðum um 90 m norðan við suðurhlið túngarðsins 017. Liggur í talsverðum bratta þar sem er lyngivaxið hraunlendi.

Garðurinn er hlaðinn úr hraungrýti en er nú talsvert hruninn og siginn. Hann sést á um 20 m kafla en er óljós síðustu metrana að heimreiðinni. Hann sést ekki ofan hennar.

Ekki er ljóst hvaða tilgangi þessi garður hefur þjónað en mögulegt er að hann sé eldri leifar af túngarði sem þá hefur afmarkað mun minna svæði en síðar varð.
Hættumat: engin hætta

SÞ-219:083 gata leið 65°40.389N 17°12.846V
Greinileg gata liggur eftir holti um 650 m suðvestur af Grófarvaði 040.
Gatan er djúp og greinileg, meiri en venjuleg kindagata. Mögulegt er að þetta sé götuslóði sem hefur klofnað frá Langholtsmýrargötu 066. Hann var aðeins rakinn á stuttum kafla en gæti hafa legið á engjar vestar í landinu.
Hættumat: engin hætta

SÞ-219:084 þúst hlutverk óþekkt 65°40.908N 17°11.950V
Einföld tóft er um 570 m sunnan við bæ 001 en 10 m neðan (austan) við vegslóða sem liggur frá Ljótsstöðum og inn Laxárdal. Þar er slétta en fram af henni skaga klappir út í Laxá. Á milli tveggja slíkra klofinna klappa er tóft á grasi grónum bakka. Vel er mögulegt



Þúst SÞ-219:084, horft til suðurs

að þessi rúst sé sú sem getið er um í lýsingu 080. Þústin er á grasi gróinni sléttu, í framhaldi af túnunum á Syðri-Grund, austan bílsslóðans inn dalinn.

Þústin er afar ógreinileg og á mörkum þess að geta talist öruggt mannaverk. Hún er byggð sunnan í nyrðri klettahausinn sem þarna er, alveg á austurbakkanum. Tóftin er 6,5 x 4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld. Norðurveggur hennar er kletturinn en aðrir veggir eru hlaðnir. Tóftin er sigin og gróin, engar grjóthleðslur sjást í henni.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:085 gryfja kolagröf 65°39.913N 17°10.954V


Suður af Ljótsstöðum, við götuna sem enn er farin af göngu- og hestafólki milli hrauns og hlíðar, fundust á tveimur stöðum dokkir sem eru líklega gamlar kolagrafir. Sú syðri er um 460 m norður af kindahelli 049 og tæpa 400 m suður af Bæjarvaði 052. Samkvæmt Jóni Benediktssyni eru þarna eru talsvert fleiri kolagrafir en þær eru flestar sokknar í gróður.

Á þessum slóðum eru þrengsli milli hrauns og hlíðar, töluverður skógur í kring og lággróður mikill. Tvær dokkir eru greinilegar. Syðri dokkin (A) er óljós vegna gróðurs en gæti verið um 2 x 1 m stór og snýr norður-suður. B er um 120 m NNV af og lík að gerð, en þó heldur minni um sig. Mögulegt er að fleiri grafir séu á þessu svæði, en erfitt er að segja til um það, enda eru þær ekki jafn auðþekktar og kolagrafir sem finnast í flötum lyngmóum.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:086 *Reykjadalsgötur* gata leið 65°41.255N 17°12.884V

"Götur frá Ljótsstöðum og norður brekkurnar...Norður og upp frá Kvíabóli lágu götur út og upp brekkuna og í krókum upp hjá Stóramel, norðan Mýrarbotns og í Stórulauga í Reykjadal. Önnur gata lá ofar í brekkunni en er sjaldan farin nú," segir í örnefnaskrá. Greiningar götur eru merkjanlegar í brekkunni ofan við bæinn á Ljótsstöðum. Göturnar liggja þvert á forngarð 096 um 500 m vestan við bæ 001. Þær hafa legið frá bæ til vesturs upp á



Götur SÞ-219:085 horft til norðvesturs

heiðina en sveigja svo til NNV og liggja með fram Bæjarmýri og svo sveigt með Mýrarbotni, legið fram hjá Sauðhóli og svo áfram yfir heiðina til Litlu-Laugar.

Göturnar liggja nálega austur-vestur á þeim kafla sem rakinn var næst bæ, nálægt forngarði 096. Garðlagið er greinilegt í mýrarjaðrinum og sést liggja til norðvesturs áfram í átt að Reykjadal.

Austan við garð 096 er slóðinn talsvert yfirgróinn á kafla. Sumstaðar sjást tveir slóðar hlið við hlið en víða sést aðeins einn slóðum. Gatan var rakin að Sauðhól. Á þeim kafla sjást víða 1-2 götur, sumstaðar mjög stutt á milli og áberandi skornar í landið. Í botninn eru göturnar 10-15 cm breiðar. Á kafla sést þó aðeins fleiri götuslóðar. Svo virðist sem göturnar greinist um Sauðhól. Þar greinist minni slóði frá götunum, s.k. Hallagötur 065. Í raun má segja að angi af Hallagötum greinist frá og liggi sunnan Sauðhóls en annar angi liggi frá Reykjadalsgötum norðan hans en slóðarnir tveir sameinast fljótlega og liggja til suðvesturs í Systralág. Hinn eiginlegi slóði (sá sem hér er skráður) liggur hins vegar sunnan Sauðhóls og liggur þaðan til norðurs og vesturs. Slóðinn virðist vel greinilegur á stærstum hluta leiðarinnar að Litlu-Reykjum á loftmynd en var aðeins rakinn á jörðu niðri í landi Ljótsstaða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir, 23

SÞ-219:087 *Jarðbrú* heimild um leið 65°40.755N 17°12.981V

Í örnefnalýsingu segir: "Nöfnin á Grófunum voru þessi og á engjastykkjunum með þeim: Yztagróf hét utasta tungan; þar var vegur yfir á einum stað, og hét það Jarðbrú, þar sem lækurinn var neðanjarðar." Af lýsingum að dæma hefur þetta verið vestarlega í Grófunum, þeim sem verða að Grundará þegar vestar dregur.Samkvæmt Jóni Benediktssyni hvarf Ystagróf að mestu þegar grafinn var skurður þvert yfir Bæjarmýri og rennur nú um skurðinn það vatn sem áður fór um Yztugróf



Jarðbrú? SÞ-219:087, horft til vesturs

og fer enn undir jarðbrú sem vegarslóðinn meðfram skurðinum liggur yfir. Sunnan vegarins er grófin órótuð að Grundará samkvæmt Jóni.Grófirnar eru mjög grösugar og að mestu leyti þurrar.

Ekki fannst neitt sem kalla mætti veg á þessum slóðum, þótt reyndar sé gata sem liggur austur-vestur skammt austur af staðnum þar sem hnitið var tekið. Það er nánar tiltekið við stað sem mætti kalla jarðbrú, enda rennur lækurinn að mestu þar undir samfellt jarðvegsstykki og er auðvelt að komast yfir. Ekki er vitað hvert vegur á þessum slóðum hefði átt að liggja, en þó ekki ósennilegt að það hafi verið til suðurs frá Máskotsgötum 067 og e.t.v. í heyskaparlönd í Grófunum eða mýrum þar suður af.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir, 9

SÞ-219:088 varða hlutverk óþekkt 65°41.082N 17°12.541V

Varða er um 230 m NNA við vörðu 037 en 350 m suðvestan við bæ 001. Lyngivaxnir móar eru á brúninni á þessum stað. Varðan er á mel sem er ber í toppinn. Ofar (vestar) er lyngivaxin, aflíðandi heiði en neðar (austar) brekka niður að heimatúni Ljótsstaða.

Varðan er hlaðin úr stóru grjóti. Hún er áþekk 037, um 1 m í þvermál en mjókkar upp. Hún er 0,6 m á hæð. Ekki er vitað hvaða tilgangi hún þjónaði.




Varða SÞ-219:088, horft til SSA

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:089 garðlag hlutverk óþekkt 65°40.367N 17°11.297V

"Garður úr Grundarárgili sunnan Gamlafarvegar að Laxá. Úr Syðri-Grundarbjörgum eftir hraungarðinum í Flathellisbjörg. Úr Varastaðgili í Laxá," segir í örnefnaskrá. Hraungarður liggur austur-vestur yfir hraunbrún um 1,7 m SSA við bæ 001 og hefur girt

af landið um 230 m sunnan við Varastaði 055 og um 30 m sunnan við stóra raflínu sem liggur norður-suður á þessum slóðum. Þar sem lyngivaxinni heiðinni sleppir tekur við grasi gróið flatlendi að hraunkambi við Laxá. Hraunkambur, býsna úfinn en lág ræma af graslendi er austast, við ána. Stæðilegur garður og mjög heillegur á köflum og er vísast ekki mjög gamall.



Garður SÞ-219:089 horft til austurs

Garðurinn snýr NNA-SSV. Hann má fyrst greina sem hálfgerða girðingaundirstöðu þar sem lyngigrónum brekkum sleppir. Þessi hluti garðlagsins er 0,6-0,8 m breiður og 0,4 m á hæð. Þannig er hann vestustu 10 m, yfir mýrarsvæði en hverfur svo þó að timburstaurar sjáist í framhaldinu yfir grasi gróinn flóann. Rétt austan við þar sem bílslóði liggur inn Laxárdalinn má svo greina framhald garðsins. Þar er greinilegur grjótgarður, 1,2-1,3 m á hæð en 0,8 m á breidd. Þessi garður sést á 160 m kafla, alveg að Laxá. Ekki er ljóst hvaða tilgangi hann þjónaði en líklega er hann vörslugarður af einhverri tegund. Ekki er víst að hann sé mjög forn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ljótsstaðir,28

SÞ-219:090 varða hlutverk óþekkt 65°41.112N 17°12.567V



Varða SÞ-219:090, horft til NNA

Mjög fornleg varða er um 60 m norðan við vörðu 088 og 330 m suðvestan við bæ 001.

Varðan er á berum, mjög grýttum melhól. Varðan er lang fornlegust af þeim vörðum sem eru í brúninni ofan við bæ 001 (sjá 088 og 037). Hún er um 1,3 m í þvermál en 0,3 m á hæð. Fuglaþúfa hefur safnast upp í toppi hennar.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:091 *Svarðargróf* náma mógrafir 65°40.633N 17°13.015V

Í örnefnalýsingu segir: "Þá er farið aftur í Grófirnar [Grundarárgrófir]. Syðri kvíslin heitir Stóragróf, og austan til við hana að norðan er Stórgrófarmór. Svo kvíslast grófin aftur og heitir nú Miðgróf, Svarðargróf og Syðstagróf. Í henni er mikið um pytti." Aðeins vottar fyrir mógröfum norðan við Svarðargróf vestarlega. Þetta er um 420 m vestan við Grófarvað 040 og um 1,2 km suðvestur af Ljótsstöðum 001.



Mógrafir SÞ-219:091, horft til vesturs

Lækur rennur eftir grófinni til austurs og þar í Grundará. Djúp, grösug og lagleg gróf.

Tveir stakir pyttir sjást upp frá læknum, sá sem nær er um 2-3 m í þvermál en hinn um 5 m í þvermál. Á milli þeirra er um 2 m breitt haft. Til vesturs er fremur reglulegur bakki meðfram læknum og ekki ósennilegt að mór hafi líka verið tekinn þar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir, 8

SÞ-219:092 þúst hlutverk óþekkt 65°40.351N 17°11.524V

Mjög fornleg rúst er um 1,7 m SSA við bæ 001 og 170 m sunnan við syðstu rúst



Þúst SÞ-219:092 horft til norðvesturs

Varastaða 055D.

Tóftin er í kverk milli flatar og grasi gróinnar sléttu og lyngivaxinnar brekku. Suðurhluti hennar er nærri því beint undir raflínu sem þarna gengur upp hlíðina. Þústin er á e.k. rústarhól og hann er talsvert brattur. Frá barmi hans eru um 1,5-2 m niður á jafnsléttu.

Rústahóllinn er um 20 x 12 m stór og snýr norður-suður. Í honum vex mikið af kjarri og runnum. Ógreinilega má sjá móta fyrir rúst sem snýr norður-suður. Tóftin er í aflíðandi halla til suðurs. Mögulegt er að hún hafi skipst í tvennt og þá er innra hólfið (nyrðra hólfið) 3-4 x 9 m að innanmáli en syðra hólfið um 3 m á kant. Mögulegt er að garður hafi legið í framhaldi af tóftinni til suðurs en það er nú of ógreinilegt til að hægt sé að rekja það nokkuð af ráði. Tóftin virðist forn og er mjög óskýr.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:093 varða hlutverk óþekkt 65°40.072N 17°11.619V

Stök varða er um 70 m norður af 045. Ekki er ljóst hvor þeirra það var sem nefndist Ytri-Gunnvarða.Þessi varða er næstum fremst á ásnum. Gróið og fornlegt vörðubrot, skófum vaxið, um 0,6 m í þvermál og 0,3 m hátt.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:094 heimild um áveitu 65°40.506N 17°11.818V

"Norðan við rústirnar [055] rennur lækur úr fjallsbrún, sem heitir Stóru-dokkarlækur og Langilækur. Honum hefur verið veitt heim að bæ," segir í örnefnaskrá. Stórudokkalækur rennur í gegnum víði og skógarbreiðurnar í vestanverðum Laxárdal og um 30 m norðan við rústir 055. Ekki fundust greinileg ummerki um að læknum hefði verið veitt heim að rústunum.

Svæðið sem um ræðir er komið á kaf í víði og birkiskóg. Lækurinn rennur niður brekkuna um 30 m frá rústunum.

Hættumat:hætta, vegna skógar

SÞ-219:095 garðlag vörslugarður 65°41.367N 17°13.311V

Garðlag liggur austur-vestur skammt sunnan við Sauðhól og um 850 m vestan við bæ 001. Þarna var hlaðið undir girðingu. Garðurinn var gerður um miðja 20. öld og var rifinn 1977 en byggir að hluta á fornri byggingarhefð og er því hafður með á fornleifaskrá. Garðurinn hefur náð allt frá botni Laxár og upp hlíðina og inn á heiði. Hann beygir svolítið til VNV við þar sem hann liggur út í Bæjarmýri en verður fljótt ógreinilegur.



Garðlag SÞ-219:095 horft til ANA

Þar sem garðurinn hverfur í Bæjarmýri er hann umfangslítill og nýlegur en austar er garðlag í sömu stefnu sem virkar fornlegri en verið getur að umhverfi hans ráði því. Garðurinn var að hluta notaður sem girðingaundirstaða. Þar sem hann er veglegastur er hann 1,5 m á breidd og 0,4 m á hæð. Hann var rakinn á um 150 m kafla frá því þar sem hann verður ógreinilegur í mýrinni og til austurs. Líklega hefur hann upprunalega verið allt að 1 km á lengd.

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:096 garðlag vörslugarður 65°41.184N 17°12.877V

Mikið og fornlegt garðlag liggur frá austurhlið Ljótsstaðamýrar og í sveigju til norðausturs og heldur svo áfram, til norðurs og svo norðausturs eftir heiðinni. Garðlagið var rakið langleiðina að merkjum við Auðnir á samtals um 1,4 km kafla. Þar verður garðlagið óskýrt á um 150 m kafla en hefur líklega legið í svolítinn hnykk fram hjá hæðarbrún áður en það heldur áfram í Auðnalandi svolítið vestar en það endar í Ljótsstaðalandi. Framhald garðlagsins í Auðnalandi var ekki skráð sumarið 2012 en samkvæmt loftmyndum má ætla að það hafi náð talsvert langt til norðurs, a.m.k. fram hjá Auðnabænum og í raun er það einn og sami garðurinn sem rekja má sunnan af Gunnuvörðuás og allt norður að bæ á Þverá þó slitróttur sé.

Garðlagið er sigið og fornlegt vaxinn snöggu lyngi og hreindýramosa á löngum köflum. Það er um 1,4 km að lengt og liggur frá Ljótsstaðamýri og er skráð að merkjum Auðna hér. Garðlagið er lyngivaxið og víðast er það um 0,5 m hátt en 4-5 m breitt. Allra vestast, þegar kemur upp úr mýrinni er garðlagið þó stæðilegra eða allt að 0,8 m á hæð og 2 m á breidd. Þegar fjær er komið frá mýrinni fer norðurbrún garðlagsins að verða óskýr en suðurbrúnin er skýr og brött allt að 1,5 m á hæð. Dældir þar sem torf hefur verið skorið sjást víða beggja vegna við garð. Um 160 m norðaustan við norðausturenda garðlagsins í Ljótsstaðamýri er flati vestan við garðlagið, líkt og þar gæti hafa verið gerði. Það er aðeins hærra en umhverfið er en að öllu leyti óljóst. Það er gróflega áætlað um 15 m á kant. Norður- og vesturveggir- eru skýrastir, lyngivaxnir hæð 0,2. Nokkuð norðaustar beygir garðurinn og liggur svo beint í norður. Við beygjuna liggja götur 097 í gegnum hann og þar er 1,5 m gat í garðinn efst en um 50 cm breitt gat neðst.



Garðlag SÞ-219:096, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:097 gata leið 65°41.111N 17°12.791V

Greinilegar götur liggja í gegnum garð 096 og þar er skarð í hann. Göturnar liggja einnig í gegnum garð 016 og svo áfram til suðausturs. Göturnar gætu hafa sameinast götum 086 norðar. Göturnar liggja um lyngivaxinn ás.

Göturnar eru á kafla aðeins einn slóði með mold í botninn. Víða greinast þær þó í sundur og eru 3-4 slóðar. Þær gæti hafa verið hluti af leiðum sem skráðar eru undir öðrum númerum.



Götur SÞ-219:097, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta

SÞ-219:098 renna áveita 65°40.391N 17°11.568V

"Varastaðagrófum var á haustin og vorin veitt yfir svæðið sunnan læksins og neðan hellrana...," segir í örnefnaskrá. Úr Varastaðagrófum rennur enn lækur niður á deiglendið neðan við og frá honum má greina litla rennu á kafla um slétta og grasi vaxinn hagann. Rennan er um 100 m sunnan við stekk/beitarhús 056 og um 1,6 km sunnan við bæ 001. Sléttir og grasi vaxinn hagi, talsvert votlendi er víða umhverfis.

Mögulegt að rennan sé aðeins hluti af stærra rennukerfi sem þá er orðið ógreinilegt. Allt svæðið er á kafi í grasvexti. Rennan var rakin á um 50 m kafla og snýr hún nálega austur-vestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Ljótsstaðir, 21

SÞ-219:099 *Hallsgötur* heimild um leið

"Götur frá Ljótsstöðum norður brekkurnar...Norður Ljótsstaðahall, vestan við Leirtjörn, Bóndhól og vestan við Syðri-Fífulágarás og út hjá Þverá voru götur. Var það stundum

kaupstaðarleið heiðarbúa, oft kallaðar Hallsgötur," segir í örnefnaskrá. Leiðin var ekki skráð sumarið 2012.
Heimildir:Ö-Ljótsstaðir, 23-24

SÞ-219:100 *Ljótsstaðagata* heimild um leið
"Ljótsstaðagata liggur suðaustan yfir Sauðamó og Skollhólsmýrarás um Grófarbotn, Þorkelsgróf og Víðraás, norðvestur á Laugaveg [SÞ-661:005], sunnan Fellshala," segir í örnefnaskrá. Ljótsstaðagata liggur einnig um Brettingsstaðaland: "Ljótsstaðagötur, norður dalinn að Ljótsstöðum [frá Brettingsstöðum]. Ljótsstaðagata var ekki skráð við vettvangsathugun 2012.
Heimildir:Ö-Þverá, 26; Ö-Brettingsstaðir, 14

SÞ-219:101 *Skjöldugata* heimild um leið
"Frá Hallbjarnarstöðum liggur gata í Ljótsstaði, sem heitir Skjöldugata, og önnur gata liggur í Halldórsstaði í Laxárdal. Gamalt nafn á henni mun vera Arnórsgata [sjá nr.SÞ-661:003]," segir í örnefnaskrá. "Skjöldugata úr Hallbjarnarstöðum í Ljótsstaði var kennd við Skjöldu, en ekki er vitað, hvers vegna, hvort hún var leidd þessa götu eða strauk.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Skjöldugata var ekki skráð sumarið 2012.
Heimildir:Ö-Hallbjarnarstaðir, 3; ö-Hallbjarnarstaðir ath. og viðbætur, 3

SÞ-219:102 heimild um traðir 65°41.179N 17°12.255V
Traðir að Ljótsstaðabænum 001 eru merktar inn á túnakort frá 1918 úr suðvestri. Ekki sér lengur móta fyrir þeim. Í gömlu túni í órækt sem hallar aflíðandi til austurs, að Laxá. Túnið er grasi gróið en þýft. Skarð er í túngarðinn ofan við bæ þar sem traðirnar hafa líklega legið í gegn. Samkvæmt Jóni Benediktssyni virðist um eiginlegt hlið að ræða fremur en að hrunið hafi úr garðinum.
Heimildir:Túnakort 1918

SÞ-220 Brettingsstaðir

1712: Dýrleik var 10 hdr. sbr. JÁM XI, 206-207 þá eru Brettingsstaðir í eyði síðan um bóluna.

1447: Gottskálk biskup á Hólum selur þorkeli presti Guðbjartssyni jarðirnar hvortveggja Neslönd við Mývatn og Brettingsstaði í Laxárdal...;DI IV, 709.

14.8.1560: Úr jarðaskiptabréfi, og er skipt Eyri í Fjörðum fyrir Brettingsstaði í Laxárdal...Ad suo firerskilldu. ad biskup Olafur [Hjaltason á Hólum] sellde nefndum sira



Heimatúnið á Brettingsstöðum. Bæjartóftin er fyrir miðri mynd og meintur kirkjugarður beint fyrir neðan. Myndina tók Árni Einarsson.

Sufurde Eijna Eijde jörd er Brettijngstader heijta. er liggur í Laxardal í Þverár kirkiusokn. smed öllum sijnum gögnum og giædum. Eignum. skogum og veijdum í jördu og a. sem filger og filgt ad fornu og niju; DI XIII, 515.

1712: Eign Hólastóls. "Þessa jörð brúkar nú til slægna Ljótstaða ábúandi.." Brettingstaðasel er eyðihjáleiga "...hjer í landinu framarlega,.." JÁM XI, 206. Holt, fornt býli í landinu.


1954: Brettingsstaðir fara í eyði.

Landshættir og landgæði

1712 segir um jörðina í Jarðabók Árna og Páls: „Túninu spillir leir, sem rennur á það úr brattlendi til skaða. Engjar öngvar, nema það lítið sem reytt var í úthögum í sinubroki,...“ (JÁM, 207).

1919: Tún 3,2 ha. þar af sléttað h.u.b. 9/10. (samkvæmt Túnakorti frá 1919)

Í lýsingu Konráðs Erlendssonar segir um jörðina: „Brettingsstaðir eru taldir hið mesta harðbalakot og lélegasta jörðin í Laxárdal. Eini kostur jarðarinnar er talinn gott og mikið beitiland, land jarðarinnar er aðallega til heiðarinnar...Útengi er mjög lítið. Er það bæði graslítið og heyillt...Hefur búskapurinn á Brettingsstöðum jafnast byggst á beitinni að miklu leyti...Hlunnindi eru ekki mikil á Brettingsstöðum...,“ (Ö-Brettingsstaðir,1-2).



Heimatún Brettingsstaða. Uppdrátturinn byggir í grunninn á túnakorti sem gert var af heimatúninu árið 1919 en við hann hefur verið aukið og eru allar minjar sem skráðar voru á svæðinu sýndar.

"Bærinn stóð áður á fletinum, beint upp af Lambh[úsi], og voru þar rústir...sem nú er búið að slétta úr," segir í örnefnaskrá. Bærinn á Brettingsstöðum var nálega í miðju heimatúninu á náttúrulegum hrygg í túninu sem snýr austur-vestur. Hann var um 160 m vestan við Laxá. Brettingsstaðir fóru í eyði 1954.

Bærinn er á lítt áberandi bæjarhól, ofarlega á hrygg í túninu. Bærinn er í aflíðandi




Bærinn á Brettingsstöðum SÞ-220:001. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs en á mynd til hægri til norðurs yfir búr og fjós.

brekku en ofan við hann tekur meiri bratti við.

Bærinn er því nálægt e.k. kverk í túninu.

"Torfbær stendur enn á Brettingsstöðum [um 1950], byggður af Sigurði Eyjólfssyni, síðar að Hólum, en hann bjó á Brettingsstöðum frá 1851-1867. Sá bær er næst elzta íveruhús, sem nú er notað í sveitum sýslunnar," segir í Lýsingu Þingeyjarsýslna I. Bærinn hefur líklega um langt skeið staðið þar sem tóftirnar sjást enn í dag. Bærinn sem þar stóð um aldamótin brann að stóru leyti frostaveturinn mikla 1918 en var endurbyggður á sama stað. Brettingsstaðir fóru í eyði 1954 og bærinn var felldur fljótlega eftir það. Ari, bóndi í Máskoti keypti timbrið úr bænum og nýtti úr honum allt sem nýtilegt var. Eftir að bærinn fór í eyði voru túnin slegin í 2-3 ár og Brúnarbændur í Reykjadal höfðu einnig geldnautin sín í túninu í einhver ár en fljótlega fóru girðingar að falla og upp úr því var hætt að hafa kálfa þar. Undir baðstofunni í bænum var fjós fyrir tvær kýr (og kannski kálf) og búr. Engin hlaða var við fjósið. Bæjarhóllinn á Brettingsstöðum er ekki rismikill en þó greinilegur. Samtals má greina hann á svæði sem er um 40 x 35 m stórt og snýr norður-suður. Norður-, suður, og austurhliðar bæjarhólsins eru

sæmilegar greinilegar en vesturhlið hans fjarar út í brekkuna að ofan. Bæjarhóllinn er hvergi hærri en 1 m á hæð. Suðurhlið hans er fremur skýr en austurhlið hans fjarar út um 2 m ofan við kirkjugarðsvegginn 002. Að norðan er hann víðast hvar aflíðandi og minna en 0,6 m á hæð. Bæjartóftin er mjög skýr og standa veggir hennar mest í 2,5-3 m hæð. Tóftin er samtals um 21 x 15 m stór og snýr austur-vestur en að auki er byggður við hana kálgarður að sunnan sem hér er skráður með henni (H) og er um 17 x 7 m að stærð. Samtals er því svæðið 21 x 23 og snýr norður-suður. Bæjartóftinni má skipta upp í sjö hólf og verður hverju þeirra gefinn bókstafur hér til aðgreiningar (A-G). Hleðslur eru að miklu leyti úr hraungrýti en strengjatorf er þó hlaðið ofan á, mest um 0,8 m á hæð. Austurhluti tóftar er talsvert hruninn og gróinn og hvergi hærri en 0,8 m. Allra hæst í tóftinni ber steinsteyptur strompurinn sem var í eldhúsi bæjarins og er allt að 3 m á hæð. Austast í tóftinni, um miðbik hennar er opið hólf, A, sem líklega hefur verið með timburþili. Hólf A er um 5 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er opið til austurs þar sem líklega hefur verið þil en einnig virðist hafa verið op (eða bæjargöng) frá hólfinu og til vesturs úr norðvestur horni þess. Grjóthleðslur sjást í suður- og vesturveggjum hólfsins sem eru mest 0,8 m háir. Norðan við hólf A er hólf B. Það er 3 x 2,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op hefur líklega verið á suðvesturhorni hólfsins en vesturveggur þess er nú greinilegur. Grjóthleðslur sjást í suðurvegg þess. Hólf C er



Bærinn á Brettingsstöðum SÞ-220:001

sunnan við hólf A. Mögulegt er að hólfið hafi verið þiljað að austan. Hólfið hefur líklega verið um 3 x 3,5 m að innanmáli en hrun hylur nú nærri alveg hólfið þannig að erfitt er að átta sig á stærð þess eða lagi. Hólf D er í tóftinni miðri (ásamt E). Hólfið er nyrst í tóftinni og er norðurveggur þess mjög stæðilegur, allt að 2,5 m á hæð og mun hærri en aðrir veggir þess. Gróflega áætlað má giska á að hólfið hafi verið um 5 m á kant en austurveggur þess er alveg ógreinilegur og stórt op er til suðvesturs yfir í hólf E. Hólf E er einnig fremur ógreinilegt. Það er 5-6 m á kant en austurhluti þess er alveg hruninn og ógreinilegur. Þiljað gólf hefur verið mun lengra til vesturs og þar var baðstofan sem var yfir hólfi F og G sem eru niðurgrafin. Tengsl hólfa E og C eru ógreinileg en ekki er ólíklegt að op hafi verið á milli. Opið virðist á milli hólfa D og E eins og áður er getið og eins er gengt úr hólfi E niður í bæði hólf F og G. Hólf F er norðvestast í tóftinni og gengt er inní það á norðausturhorni hólfsins, frá hólfi E. Hólfið er um 2,8 m á kannt og alveg niðurgrafið. Veggir þess eru alveg grjóthlaðnir og mest 2,5-3 m á hæð. Sylla er eftir endilöngum norðurvegg og nyrst á vesturvegg. Syllan er í um 1 m hæð og er 30 cm djúp. Gluggi eða hólf er á miðjum vesturvegg. Hólf G er suðvestast í tóftinni. Það er um 2,8 m á kant. Gengið var niður í það syðst á austurvegg. Gluggi eða hólf hafa verið á hólfinu, bæði á miðjum vesturvegg og á miðjum suðurvegg. Kálgarður H er byggður við bæinn, sunnan hans. Þar voru ræktaðar rófur, kartöflur og rabarbari. Kálgarðurinn er um 17 x 7 m stór og snýr austur-vestur. Op hefur líklega verið á hann nyrst á vesturvegg. Kálgarðurinn er hlaðinn úr grjóti en gróinn. Hann er um 0,4 m á hæð. Tveir hryggir ganga frá bæjarhólnum. Annar (I) gengur beint til vesturs í um 22 m. Garðurinn er um 1 m á breidd en 0,3 m á hæð. Hann er gróinn. Hinn garðurinn (J) gengur til vesturs frá bæjarhólnum um 4 m austan við suðausturhorn bæjarins og að opi á kirkjugarði 002. Sá garður er einnig grasi gróinn og 1-1,5 m á breidd. Hann er 0,3 m á hæð og um 11 m á lengd. Samkvæmt Ásgeiri sneru tvær burstir fram á hlaðið. Á ytri burstinni voru bæjardyrnar en sú syðri var lítil. Þar var smiðja en síðar geymsla.


Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Brettingsstaðir, 3; LÞ I, 283

SÞ-220:002 *Kirkjuhóll* gerði kirkja 65°38.604N 17°10.286V

"Í túninu: Kirkjuhóll. Það er kringlóttur hóll, rétt sunnan og austan við hlaðið. Kringlótt garðlag kringum hólinn, kallað Kirkjugarður. Hóllinn er sjálfur myndaður af rústum, því hús hafa verið þar, eftir að grafreitur lagðist af," segir í örnefnaskrá. Munnmæli eru þekkt um hálfkirkju eða bænhús á jörðinni sem væri þá eitt þeirra fimm húsa sem getið er í máldaga Auðunar biskups um Þverárkirkju 1318. Kirkjuhóllin er enn (2011) vel



Meint kirkjugarðstóft SÞ-220:002. Á ljósmynd Árna Einarssonar sést gerðið, annað óljósara gerði 010 til hægri og bæjartóft 001 ofan við.



Þrívíddarlíkan af tóft SÞ-220:002. Árni Einarsson.

greinilegur. Hann er um 2 m austan við austurjaðar bæjarhóls 001 en um 15 m eru frá suðausturhorni bæjar og að þústinni í kirkjugarðinum miðjum. Gerðið er á náttúrulegum hrygg í túninu sem snýr austur-vestur í miðju túninu. Túnin í kring eru þýfð og í órækt.

Kirkjugarðurinn er hringlaga og um 20 m í þvermál. Þó að garðurinn sé nálega hringlaga má greina rúnað horn á honum norðvestast. Frá því liggur garðurinn nokkuð beint til suðurs, að kirkjugarðsopi. Garðaendarnir norðan og sunnan við op standast ekki alveg á og er syðri endinn utar (vestar) en sá nyrðri. Þúst er í miðjum garði. Hún er mjög óskýr og í raun aðeins hóll í garðinum miðjum. Frá þústinni lækkar alls staðar að kirkjugarðsveggnum. Sjálf þústin er 7-8 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Frá henni og að kirkjugarðsvegg er víða 3-4 m en þó er lengra að austurvegg eða um 5 m. Stytts er frá þústinni að kirkjugarðsveggnum miðjum að vestan, þar sem hlið er á garðinum eða um 3 m. Innri brún kirkjugarðsveggjar er víða óskýr, sérlega þó að sunnanverðu þar sem vart er hægt að greina innri brún en ytri brún er allt að 0,8 m há. Annars staðar er innri brún garðsins víðast lægri en 0,4 m en ytri brún er mest um 1 m á hæð. Kirkjugarðurinn er mest 1-1,5 m breiður. Þegar Ásgeir Stefánsson, heimildamaður, man eftir sér stóð þurrkhjallur úr timbri, fyrir þvott við eða í kirkjugarðinum. Hann segir að þá hafi menn rætt mikið um reimleika þarna sökum staðsetningar og það hafi ekki verið vinsælt að taka inn þvottinn á myrkum kvöldum. Þegar Brettingsstaðir fóru í eyði fengu ábúendur á Arnarvatni að taka niður hjallinn og setja hann upp hjá sér og þar var hann notaður til að þurrka fisk.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,1

SÞ-220:003 *Braut* gata samgöngubót 65°38.700N 17°10.650V



Braut SÞ-220:003, horft til norðvesturs

"Út og upp frá hlaðinu liggur gamall upphlaðinn vegur, sem heitir Braut. Er efri endi hennar neðan við Jarðfallið,"segir í örnefnaskrá. Miklar götur sjást uppfrá túninu til norðvesturs og langt upp á heiði að Máskoti. Þær voru kallaðar var Braut næst bæ en líklega Máskotsgötur þegar lengra var komið. Frá Máskoti voru göturnar nefndar Brettingsstaðagötur sbr. "Meðfram [Más]vatninu, vestur eða norðvestur frá Naustinu, er Stekkjarmór. Næstu ásar þar norður af heita

Agnásar...Liggja ásarnir frá vatninu og eru fyrir ofan bæ. Hæsti ásinn vestur af Tangás er Brettingsstaðaás. Yfir hann þvert liggur Brettingsstaðagata,"segir í örnefnaskrá.

Næst bæ eru göturnar 2-3 samhliða og sumstaðar býsna djúpar, liggja skáhallt upp brekkuna. Ekki sjást víða heillegar leifar af upphleðslu en Brautin er þó alveg greinileg og henni má auðveldlega fylgja langt vestur í heiði. Á vettvangi var hún rakin tæpa 2 km vestur eftir heiðinni, langleiðina að Másvatni. Á loftmynd sést leið sem líklega er í framhaldi liggja norður fyrir vatnið og þaðan í stefnu á Máskot. Þessi vegur mun hafa verið kerrufær. Hann er víða þónokkur niðurgrafinn og 2-3 m breiður en sumstaðar þó eins og einföld moldargata. Á einum stað, skammt ofan við túnið á Brettingsstöðum, fannst vörðubrot við göturnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,2 Ö-Máskot, 5 og Túnakort 1919

SÞ-220:004 tóft hesthús 65°38.227N 17°11.189V

"Hesthúshóll er langur og breiður hóll, niður frá bænum. Neðst á honum stendur hesthús. Við suðvesturhorn hans er Kirkjuhóllinn [002]," segir í örnefnaskrá. Til eru: Hesthúsholt nyrðra og syðra, frá hesthúsinu. Hesthústóftin stendur enn og var húsið í notkun þegar Ásgeir Stefánsson, heimildamaður man fyrst eftir sér um miðbik 20. aldar.



Hesthústóft SÞ-220:004. Á ljósmynd er horft til austurs

Húsið er merkt inn á túnakort frá 1919. Hesthústóftin er um 110 m austan við bæ 001 og 10-20 m ofan (vestan) við bílslóða sem endar í malarnámu neðst í túninu á Brettingsstöðum. Húsið er greinilega það sama og merkt er inn á túnakortið þó að í

mælingum túnakortamanna sé svolítið skekkja og húsið sýnt rúmum 10 m norðvestar en það er staðsett í raun.

Hesthúsið er neðarlega (austarlega) á náttúrulegum hrygg í túninu sem liggur austur-vestur eftir endilöngu túninu um miðbik þess. Fast sunnan við hesthúsið hallar brekkunni til suðurs en meira aflíðandi svæði er í aðrar áttir. Hesthústóftin er um 11 x 10 m stór og snýr austur-vestur. Hún hefur skipst í hesthúskofa austar og hlöðu eða heytóft að baki. Talsvert hefur hrunið úr veggjum hestshússins en þeir standa þó mest í um 1,6 m hæð. Veggir eru úr torfi og grjót til nokkuð jafns, neðst sjást 3-4 umför af grjóthleðslu en ofan á er torfhleðsla sem er um 0,8 m á hæð. Sjálft hesthúsið er um 4 x 1,5-2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á hólfinu syðst á austurvegg. Hóflið er talsvert hrunið, norðurvegg hefur hrunið talsvert út en aðrir veggir inn. Mögulegt er að jata hafi verið meðfram norðurvegg hesthússins. Að baki er líklega hlaða/heytóft (B). Hún snýr þvert á hesthúsið og er um 5 x 3 m að innanmáli. Op er ekki greinilegt á hólf B.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,1 og Túnakort 1919

SÞ-220:005 *Lambhús* tóft lambhús 65°38.649N 17°10.267V
Í túninu: "Lambhús eða Út-og niðurhús syðst á Lambhúsbrekku; lagt niður," segir í



Lambhús SÞ-220:005, horft til austurs

örnefnaskrá. Til er Lambhúsholt norður af Lambhúsi, Lambhústunga og Lambhúsbrekka. Lambhúsið er merkt inn á túnakort frá því 1919. Það er enn vel

greinilegt um 90 m norðaustan við bæ 001 og um 90 m neðan (austan) við útihús 006. Húsið var enn í notkun þegar Ásgeir Stefánsson, heimildamaður, fór fyrst að muna eftir sér um miðja 20. öld. Lambhústóftin er fremst á brekkubrún en austan hennar tekur við talsverður halli til austurs. Austan brekkunnar er annar, grasivaxinn stallur og þá (enn austar) enn brekka. Ofar (vestar) er grasi gróin brekka og þýft flatlendi. Húsið er greinilega það sama og sýnt er á túnakorti frá um 1919 þó að í mælingum túnakortamanna sé svolítið skekkja og húsið sýnt tæpum 20 m VNV en það er staðsett í raun.

Tóftin er 16 x 7,5 m stór og er tvískipt. Hún snýr norður-suður. Hólf A er sunnar. Það er 6 x 3,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir í hólfi A eru um 1,6 m á hæð. Neðar eru 4 umför af grjóthleðslu sem ná um 0,8 m hæð og ofan á því strengjahleðsla sem er svipuð á hæð. Í því miðju er svolítil upphækkun, líklega garðaleifar. Op er á hólfið á útvegg þess, syðst á austurvegg. Líklegt er að op hafi verið á milli hólfa, á norðurvegg A en það er þá hrunið fyrir það nú. Hólf B er nyrðra og var líklega hlaða. Það er nokkru dýpra en hólf A. Veggir í hólfi B eru hlaðnir úr grjóti í um 1,2 m hæð (5-6 umför) og strengjahleðsla er aðeins um 0,2 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,3 og Túnakort 1919

SÞ-220:006 *Út- og upphús* tóft útihús 65°38.640N 17°10.378V

Í túninu: "Út og upphús, efst í Yztu-Tungu, nú lagt niður," segir í örnefnaskrá. Húsið er merkt inn á túnakort frá 1919. Það sést enn greinlega um 90 m NNV við bæ 001 og 80-90 m vestan við útihús 005. Húsið er greinilega það sama og sýnt er á túnakorti frá um 1919 þó að í mælingum túnakortamanna sé svolítið skekkja og húsið sýnt um 10 m vestar en það er í raun. Húsið var komin úr notkun þegar Ásgeir Stefánsson, heimildamaður, fór fyrst að muna eftir sér um miðja 20. öld. Húsin eru neðan (austan) við túngarð 011. Túnið breytist skammt ofan (vestan) þeirra úr aflíðandi og grasgefnu svæði í fremur bratta brekku þar sem lynggróður er meira áberandi.



Tóft SÞ-220:006 horft til VSV

Tóftin er 16 x 6 m stór og snýr svolítil skáhallt á hlíðina eða ASA-VNV. Hún er tvískipt. Austar er hólf A sem hefur verið skepnuhúsið, líklegast fjárhús þó erfitt sé að fullyrða um það og ekki sjáist garðar í því. Hólf A er 6-7 x 3 m stórt og snýr ASA-VNV. Líklega hefur op verið á miðjum suðurvegg eða tvö op nálægt báðum hornum. Þessu ummerki er hins vegar of óskýr til að hægt sé að fullyrða um það. Að baka til er svo hólf B. Það er 3 x 2 m að innanmáli og snýr öfugt við A. Hólfið var líklega hlaða. Op hafa líklega verið á milli hólfa, jafnvel tvö, nálægt bæði austur- og vesturvegg. Talsvert hefur hrunið úr veggjum tóftarinnar og í henni er mikil gróska. Veggir eru á kafi í gróðri en í grjóthleðslur sér þó á stöku stað, mest í suðurvegg. Mikið þýfi er innan í tóftinni. Í hólfi B er bárujárnsplata, klesst járnfata og fleiri hlutir á góðri leið með að hverfa alveg í gróður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,3 og Túnakort 1919

SÞ-220:007 *Kofi* tóft fjárhús 65°38.549N 17°10.333V

"Þessi hús voru í túninu, auk bæjarins: Samföstuhús sunnan við Syðra-Flag [008]...Kofi, rétt neðan við þau hús; stendur enn," segir í örnefnaskrá. Kofi er sýndur á túnakorti frá



Kofi SÞ-220:007, á ljósmynd er horft til norðausturs

1919 og tóftin sést enn. Hún er 15-20 m beint niður eða ANA af Samföstuhúsum 008, um 100 m SSV af bæjarhól 001. Við hann er líklega Kofaflöt kennd.

Einföld fjárhústóft, 10 x 5-6 m stór. Hún snýr austur-vestur, dyrnar snúa í austur og sést smágrjót þar við innganginn. Tóftin er annars gróin og vel þýfð. Hlöðukoppur er í vesturenda, innan v0ði þriðjungur af heildarlengd tóftar, og grjót sést í millivegg milli hlöðu og húsa. Þúfuræma í miðju tóftar er líklega leifar af garða. Veggir ná mest um 0,6 m hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,3

SÞ-220:008 *Samföstuhús* tóft fjárhús 65°38.540N 17°10.361V

"Þessi hús voru í túninu, auk bæjarins: Samföstuhús sunnan við Syðra-Flag. Þar eru nú aðalhúsin," segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Aðalfjárhúsin voru neðst á Kofafleti [sjá 007]og flutti Sig. Eyjólfsson þau þangað, sem þau eru nú (1851-1867)." Ekki er ljóst hvort Samföstuhús eru sömu hús og þarna er nefnd "aðalfjárhúsin" en verður þó að teljast líklegt, enda stærsta útihústóftin í Brettingsstaðatúni. Rústir Samföstuhúsa eru í suðvesturhorni túnsins, 120-130 m suðvestur og upp af bæjahúsum 001.Tún sem komið er í þýfi.

Mjög stæðileg rúst, 14 x 12 m stór frá austri til vesturs. Austurgaflinn (framhliðin) er stæðilegur, grjóthleðsla allt að 1 m há og rofin torfhleðsla þar ofan á nær einnig allt að 1 m há þótt hún sé fallin syðst. Tvennar dyr eru á gaflinum. Mikið hrun er inni í tóftinni en með herkjum má greina tvo garða og sennilega hefur verið steypt



Tóft SÞ-220:008, horft til austurs

kindabað í þeim syðri. Vegleg hlaða er í vesturenda, um helmingur af heildarlengd hússins. Blandað grjót er í veggjum, sem eru vel hlaðnir, bæði misstórt og greinilega af misjöfnum uppruna. Hleðslur ná mest um 2 m hæði í austurgafli. Hlaðan hefur verið grafin niður um 0,5-1 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,3

SÞ-220:009 gata leið 65°38.553N 17°10.364V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur frá Brettingsstaðatúni til suðvesturs, hér um bil frá Samföstuhúsum 008. Þýft tún, mikið gras. Óljóst mótar fyrir troðningi til suðvesturs frá túnhorninu. Ekki var hann rakinn langt á vettvangi en af loftmynd að dæma gæti hann hafa legið vestur yfir heiði - þar sjást reiðgötur sem gætu hafa legið fyrir suðurenda Másvatns. Hugsanlega tengist þessi gata Húsgötum 042 eða Miðgötum 044 en það var ekki kannað á vettvangi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919

SÞ-220:010 gerði hlutverk óþekkt 65°38.610N 17°10.290V

Fast norðan við Kirkjuhól 002 (um 2 m) er minna, hringlaga gerði, beint neðan (austan) við bæ 001. Gerðið er á svolitlum flata í túninu sem er þýft og í órækt. Það er fast neðan í bæjarhólnum. Bæjarhóllinn er ofarlega á hrygg í túninu.

Gerðið er mun ógreinilegra en 002 og stendur lægra í túninu. Það er næstum alveg kringlótt en þó aðeins stærra austur-vestur en norður suður (11-12 m í stað 10-11 m). Það er óskýrt en þó má sjá móta fyrir flestum hliðum þess nema norðurhlið sem er nú nærri því algjörlega ógreinileg á kafla. Gerðið er mjög sigið og virðist alveg torfhlaðið. Að er mest 0,2-0,3 m á hæð og veggir þess eru 1,5-2 m á breidd. Gerðið er gróflega um 11 m á þvermál. Engin þúst er innan þess. Frá bæjarhól að gerðinu er um 10 m langt garðlag sem endar á milli kirkjutóftar 002 og gerðisins. Annað garðlag liggur að kirkjugarðshliðinu nokkru sunnar og saman mynda garðlögin því e.k. hólf á milli 001, 002 og gerðisins. Ekki er ljóst hvaða hlutverki gerðið þjónaði en hringlaga gerði svo nærri bæjarhól eru óvenjuleg.

Gerði SÞ-220:010

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:011 garðlag túngarður 65°38.533N 17°10.183V

Gamall og mjög ógreinilegur túngarðsbútur gengur til austurs inn í túnið undan yngri túngarði 060 um 180 m ASA af bæjarhól 001. Tún, hlaupið í smágert þýfi.

Garðurinn er nær algerlega útflattur, 5-6 m breiður og 0,1-0,2 m hár, minnir meira á veg en garð. Hann má rekja um 80-100 m til norðausturs en þar fjarar hann út í túninu. Hann




Garðlag SÞ-220:011 horft til norðausturs

sést aftur utan við túnjaðarinn, 30-40 m austar þar sem tekur við hallandi mói og síðan hraunkampur meðfram ánni. Þar má rekja hann um 20 m til viðbótar og er hann mosavaxinn og 3-4 m breiður. Giska má á að hér sé kominn hinn upprunalegi túngarður á Brettingsstöðum. Væntanlega er túngarður 060 hlaðinn ofan á honum að stórum hluta en þar sem yngri túngarðahleðsla fjarar út ofan við túnið tekur við fornlegri hleðsla til norðurs, sem gæti verið samtíða þessum garði.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:012 *Syðra-Flag* garðlag kvíar 65°38.574N 17°10.360V


"Syðra-Flag er suður og upp af Hnútunni. Takmarkast að norðan af gömlu garðlagi, sem liggur suður frá Hnútunni og ofan við Kinnina, suður að fjárhúsunum. Að norðan takmarkast það af allháum hrygg, sem liggur upp frá Hnútunni, upp að túngarði", segir í örnefnaskrá. Garðlagið sést í túninu beint norðan við Samföstuhús 008. Hallandi, smáþýfð brekka mót austri.



Syðra-Flag SÞ-220:012

"Syðraflag var þá kvíabólið, kvíarnar sjálfar í norðausturhorni þess [063]. Sá enn móta fyrir þeim, er ég var á Brettingsstöðum (1925-1945). Frá bænum að kvíunum var örstutt, einungis upp á Hnútuna að fara, ca. 200 metrar. Móðir mín vissi kvíar þarna til 1902. Síðar eru þær færðar og byggðar rétt við Sauðahelli [052]... Ég veit ekki, hvers vegna kvíarnar eru færðar, en gizka á, að kvíabólið hafi verið girt af og bætt við túnið. Þá

urðu kvíarnar að víkja. En mikið hefur nú kvíagatan lengst, um a.m.k. 1000 metra. Ég held að fráfærur hafi lagzt niður í kringum 1920," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá.



Syðra Flag SÞ-220:012, horft til austurs

Garðurinn liggur niður til austurs frá innanverðum túngarði, um 50 m norðan við Samföstuhús. Garðurinn er þykkur, fremur siginn og fornlegur, grjót sést ekki í honum. Í krika milli hans og túngarðs eru kvíar 063. Garðurinn liggur rúma 50 m til austurs en sveigir þá beint í suður svo að h.u.b. 90° horn myndast. Hann má rekja fáeina metra áfram til suðurs en þar sem hann endar er óljós tóft sambyggð honum, líkist þúfnaklasa sem er um 4 m í þvermál. Tóftin hefur sennilega verið opin í suður. Þótt garðurinn virðist enda við hana sést skörp brún í framhaldi af tóftinni til suðurs allt fram fyrir Samföstuhús. Þessi brún er líkast til manngerð, e.t.v. leifar af útflöttum garði. Garður þessi hefur þá afmarkað svæði sem er um 60-70 m í þvermál, norðurhlið og austurhlið nokkurn veginn hornréttar en bogadreginn túngarður að sunnan og vestan.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,1-2; Ö-Brettingsstaðir viðb. og ath.,5

SÞ-220:013 þúst bústaður 65°38.641N 17°10.331V

"Bærinn stóð áður á flatanum beint upp af Lambh[úsi], og voru þar rústir, þegar ég man fyrst eftir, sem nú er búið að slétta," segir í örnefnaskrá. Umræddur staður er nú (2011) mjög ógreinilegur en líklega er átt við svæði sem er fast austan (neðan) við áveituskurð 015 og 40-50 m norðan við bæ 001. Á flata í þýfðu túni sem komið er í órækt.

Á þessum stað má greina mjög óljósa hæð í túninu. Hæðin er um 35 x 20 m stór og snýr norður-suður. Á einum stað í þústinni er hægt að tala um dæld í hana. Hún er um 14 x 6 m stór og snýr NNA-SSV.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919

SÞ-220:014 þúst hlutverk óþekkt 65°38.611N 17°10.258V

Afar ógreinileg þúst er fast neðan (austan) við kirkjugarð 002. Á náttúrulegum hrygg í túninu sem snýr austur-vestur í miðju túninu. Túnin í kring eru þýfð og í órækt. Fast sunnan við þústina tekur við nokkuð brött brekka niður á flata í túninu.

Á þessum stað virðast hafa verið einhver mannvirki en þau eru nú of ógreinileg til að hægt sé að tala um tóftir. Þústin er um 20 x 18 m stór og snýr austur-vestur. Hún er nálega hringlaga og dæld er á milli hennar og 002. Ytri brún þústarinnar sker sig ágætlega frá umhverfinu nema helst að austan. Þústin er 0,2-0,3 m hærri en umhverfið og hluti hennar er talsvert grænni og sléttari en umhverfið. Mög þýft er í þústinni og verður að teljast líklegt að þarna leynist mannvistarleifar undir sverði.



Þúst SÞ-220:014, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:015 *Lækjargarður* renna áveita 65°38.611N 17°10.366V

"Tungur. "Tungan bak við bæinn" er dokk, sem liggur norður, vestan bæjarins, og er framhald af Leyningnum; takmarkast hún að norðan af garði, sem hlaðinn var undir bæjarlækinn, þegar honum var veitt heim í bæ. Heitir garðlag þetta Lækjargarður," segir í örnefnaskrá. Umrædd áveita er nokkuð ofarlega (vestarlega) í túninu. Vatni hefur verið veitt úr lækjarsprænu ofan og utan við tún og liggur það í nokkuð greinilegri rennu inn

túnin, skáhallt til SSA. Þegar rennan kemur til móts við bæinn snarbeygir hún og er garðlag greinilegt í um 20 m að bæ 001.Í þýfðu túni sem hallar til austurs.

Greinilegt garðlag liggur upp (til VNV) frá bæ 001. Hann er um 22 m og um 1 m á breidd en 0,3 m á hæð. Hann er gróinn. Skurðurinn hefur líklega verið sunnan garðsins. Mögulegt er að garður (eða bara uppkast) hafi líka verið austan skuðarins, efst í túninu. Sjálf rennan er víða minni en 0,3 m á breidd og 0,4 m á dýpt.

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,2

SÞ-220:016 *Hald/Ytra-Aðhald* garðlag rétt 65°38.903N 17°10.200V

Í örnefnalýsingu segir: "Strákabakki, graslendisbakki meðfram Strákaflóa. Syðri hluti hans með tilsvarandi hraunrönd, nú girtur af og nefnist það venjulega Hald." Annar staður sem líka var kallaður Hald er hér skráður nr. 027 en hér er nyrðra Haldinu lýst. Það er svæði við Laxá um 500 m NNA af bæ. Hald er mjó gróðurræma meðfram Laxánni, sem afmarkast af hraunrönd þeirri sem er meðfram ánni allsstaðar á þessum slóðum. Hald er að nokkru leyti tilvalið aðhald vegna hraunsins sem er á aðra hönd og árinnar á hina en garðar hafa verið hlaðnir uppi á hraunkantinum og í gloppur og göt hér og þar til að loka svæðinu enn betur af. Alls er Haldið hátt í 200 m langt og víðast hvar 20-40 m breitt. Hleðslur eru misstæðilegar en ná þó allt að 0,8 m hæð. Að líkindum hefur verið rekið inn í það að sunnanverðu. Þessi staður hefur gengið undir nöfnunum Hald, Aðhald og Ytra-Aðhald sitt á hvað samkvæmt Jóni Benediktssyni, heimildamanni.



Hald SÞ-220:016, horft til SSA

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:017 tóft útihús 65°38.707N 17°10.285V

Fornleg rúst er skammt norðan túns, á rana sem gengur úr túni til norðurs. Tóftin er um 160 m norður af bæjarhól 001. Tóftin er nyrst á mjóu lyngholti sem gengur til norðurs úr túni og er óræktað. Mýrar eru að austan, vestan og norðan.



Tóft SÞ-220:017. Á ljósmynd er horft til norðurs

Tóftin er frekar fornleg og tilheyrir ábyggilega ekki yngsta búsetuskeiði á Brettingsstöðum. Þó gæti henni hafa verið raskað eitthvað, enda er innra byrði fremur óreglulegt og eins og sinuvaxið inni í tóftinni. Hún er alls um 9 x 6, 5 m stór og snýr norður-suður. Dyr gætu hafa verið á norðausturhorni. Hugsanlega hefur þetta verið rétt eða jafnvel heytóft af einhverju tagi. Þess má geta að fast norðan og sunnan við tóftina eru dældir sem minna á kolagrafir.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:018 tóft rétt 65°38.533N 17°10.153V

Rúst af rétt er fast við suðurhlið túngarðs 060, beint neðan eða austan við heimkeyrsluna að Brettingsstöðum. Hún er um 170 m suðaustur af bæjarhól 001.



Réttartóft SÞ-220:018. Á ljósmynd er horft til austurs

Slétt,sinuvaxin flöt en lyngmói umhverfis.

Réttin gengur út frá garðinum til suðurs. Hún er alls 13-14 x 6 m stór, snýr norður-suður og er tvískipt. Milliveggur er norðan við miðju. Stóreflis hraungrýti er í veggjum, 1-2 umför, hleðslur ógrónar og réttin er líklega frá 20. öld. Á suðurhlið eru leifar af girðingu sem liggur upp meðfram túngarði. Norðurhlið réttar er ofan á túngarði en þessum hluta hans virðist ekki hafa verið haldið við jafnlengi og þeim hluta sem hefst vestan heimkeyrslunnar. Rekið hefur verið inn sunnarlega á vesturhlið.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:019 *Brunnhús* tóft vatnsból 65°38.617N 17°10.322V

Í túninu: "Brunnhúsið, vatnsbólið rétt norðan við hlaðið," segir í örnefnaskrá. Brunnhúsið er norðan í bæjarhólnum 001, um 15 m norðan við norðausturhorn bæjartóftar. Bæjarhóllinn er á lítt áberandi og ofarlega á hrygg í túninu. Hryggurinn er að stofni til náttúrulegur og snýr austur-vestur í miðju túninu. Túnin í kring eru þýfð og í órækt. Brunnhúsið er byggt í talsverðum halla til norðurs, þannig að norðurendi þess er



Brunnhús SÞ-220:019, á ljósmynd er horft til norðurs

um 0,4 m lægri en suðurendi.

Brunnhúsið er ágætlega greinilegt þó að suðurhluti þess, sem stendur hæst, sé mun óskýrari en norðurhlutinn. Í framhaldi af suðurenda er einnig hæð sem liggur í átt að bæ þannig að suðurmörk brunnhússins eru fremur óskýr. Húsið er 6,5 x 3,5 m stórt og snýr norður-suður. Það er einfalt og veggir þess eru úr torfi og grjóti en alveg yfirgrónir og mest 0,6 m á hæð. Rennu þar sem vatni var veitt (sjá 064) liggur í gegnum norðurhluta hússins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,3

SÞ-220:020 gryfja kolagröf 65°38.607N 17°11.358V

Kolagrafir eru á holti um 790 m vestan við bæ 001. Grafirnar eru við enda Bæjaráss þar sem hann fjarar út til norðurs og þar sem Miðgötur 044 liggja í gegn. Á holtinu eru þrjú kolagrafarsvæði (sjá einnig 080A-B og 080C-F) og eru þær kolagrafir sem hér eru skráðar allra nyrst og um 200 m norðar en nyrstu grafir á miðju holtinu. Sjálft holtið er með þunna gróðurþekju og er vaxið hreindýramosa en í hlíðum þess og í dældum í því vex kjarr og lyng.

Undir þessu númeri eru skráðar nokkrar kolagrafir á svæði sem er um 240 x 170 m stórt og snýr austur-vestur. Án efa eru þar fjölmargar grafir til viðbótar við þær sem hér eru skráðar en víða eru þær óljósar og á kafi í gróðri. Gröf A er nyrst á svæðinu, utan í austanverðu holtinu. Hún er 1,5-2 m í þvermál og 0,4-0,5 m djúp nokkuð hringlaga. Hún er vaxinn kjarri og víði. Gröf B er um 100 m sunnan við A og er sömuleiðis gerð utan í austanvert holtið. Hún er hringlaga og 2 x 1,7 m að stærð norður-suður. Gröfin er 0,5 m á dýpt og er gróin lyngi og mosa. Grafir C-E voru ekki skoðaðar á vettvangi en kortlagðar af loftmynd. Gröf C er um 40 m NNV við gröf B, í austanverðu holtinu. Gröf D er um 170 m vestan við gröf B og byggð utan í ásinn vestanverðan. Gröf E er 70-80 m sunnan við D en 180 m SV við gröf B. Hún er gerð í holtið vestanvert. Kolagrafir er víða að finna um heiðina þvera milli Brettingsstaða og norðurenda Másvatns.



Kolagröf B (SÞ-220:020), horft til austurs

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:021 *Vörðuflói* örnefni 65°37.478N 17°10.058V

Í Laxá, frá suðri: "Strengir, veiðisvæði sunnan Vörðuflóa. Vörðuflói lygna vestur frá Víðihólma, vestur, neðan við Selhóla. Grjóthrúga nyrzt í flóanum, sem hann er kenndur við, heitir Varða," segir í örnefnaskrá. Vörðuflói er merktur veiðistaður sunnarlega í

Brettingsstaðalandi, rúma 2 km suður af bæ 001. Lygn flói vestan við langan hólma sem er svonefnd Hofstaðaeyja. Varðan, sem flóinn er kenndur við, er ekki manngerð skv. Jóni Benediktssyni á Auðnum heldur hraunbrún í austanverðum flóanum sem skýtur hrygg og talsverðri vörðulaga nybbu upp úr vatninu. Þangað mun auðvelt að vaða úr Hofstaðaeyjunni en vestan hennar er hyldýpi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,4

SÞ-220:022 *Fúshólmavað* heimild um vað 65°37.935N 17°09.829V

Í Laxá, frá suðri: "Fúshólmavað suður úr Flataskeri suður í Fúshólma," segir í örnefnaskrá. Fúshólmavað er á Laxá 1,3 km SSA af bæ 001. Hólminn er auðfundinn vestan við nyrstu tá Hofstaðaeyjunnar. Áin rennur í kvíslum um 2-3 hólma á þessum stað.

Auðveldlega má stökkva yfir mjóa kvísl út í Flatasker og þaðan er vaðið, 6-8 m breitt og ekki sérlega árennilegt. Ekki er ljóst hvort haldið var áfram yfir ána austur úr Fúshólma en þar eru tvær straumharðar kvíslar, eða hvort menn áttu erindi í Fúshólma, t.d. við veiðiskap.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,4

SÞ-220:023 *Hólkotsflói* heimild um ferju 65°38.296N 17°09.959V

Í Laxá, frá suðri: "Hólkotsflói lygnan frá Hólkotsfossi suður að strengjunum neðan við Langhólmafossa. Þar drukknaði Jóhann Guðnason 1891, og Stefán Sigurðsson og Guðjón Sigurgeirsson, 1901. Þar var ferjustaður....Naust sunnarlega við Hólkotsflóa, skarð í bakkann, sem báturinn var dreginn upp í, þegar þar var ferja," segir í örnefnaskrá. Líklega hefur ferjustaðurinn verið heldur norðar en gegnt Hólkotsfossi. Áin breiðir úr sér á flóanum og er lygn. Þetta er fast sunnan við allháan klett.

Óljós skora sést upp í bakkann, um 4 m löng. Hún er um 1 m breið næst ánni og mjókkar í spíss til vesturs, grjót sést ekki og erfitt að fullvissa sig um hvort skoran er af manna völdum eða náttúru.

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,4-5

SÞ-220:024 *Gunnuvörðustígur* gata leið 65°38.913N 17°11.329V

Gamlar, uppgrónar götur liggja upp heiðina fyrir ofan Brettingsstaði til norðvesturs. Þær stefna mun meira í norður en Brautin 003. Sennilega er neðsti hlutinn, næst túninu nýleg fjárgata en hér er leitt að því líkum að við taki Gunnuvörðustígur en um hann segir í örnefnalýsingu: Gunnuvörðustígur liggur norður af Máskotsgötum, uppi á brúninni og upp að Gunnuvörðumýri, sunnarlega, og svo norður með henni. Heybands- og fjárgata." Eldri götur sjást vel í sléttum og harðlendum móa rúma 900 m norðvestur af rústum Brettingsstaða 001.



Götur SÞ-220:020, horft til suðurs

Þar sem komið var á göturnar er einn slóði langgreinilegastur en ef betur er að gáð sjást að minnsta kosti 6 uppgrónir paldrar samhliða. Göturnar voru raktar á tæplega 300 m löngum kafla og virðast stefna hér um bil beint á Holt 059.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir, 15

SÞ-220:025 *Strákavað* heimild um vað 65°39.096N 17°10.384V

Í Laxá: "Strákavað, norðarlega í Strákaflóa. Varða var á bakkanum að vestan, en er nú horfin, en sést hefur að þessu fyrir götuskarði í austurbakkanum. Vaðið nú aldrei riðið, síðan brúin kom.", segir í örnefnaskrá. Í viðb. og ath. við örnefnaskrá segir: "Strákaflói mun draga nafnið af Strákavaði, sem er aðeins norðar en á miðjum flóanum..." Ekki er ósennilegt að Strákavað hafi verið þar sem nú er samnefndur veiðistaður rúmum 100 m suður af Hrappstaðaey.



Strákavað SÞ-220:025, horft til austurs

Strákavað var einnig skráð í Hólkoti austan ár, sjá 221b:007. Áin er breið og örlar á broti í henni miðri. Ekki sjást götur en nibba á hól handan árinnar gæti verið vörðubrot.

"Orsök nafngiftar taldi móðir mín, Guðrún Erlendsdóttir, fædd og uppalinn á Brettingsstöðum (f.1878), að vaðið væri svo illt yfirferðar, að helzt væri við hæfi stráka og angurapa að fara þar yfir, en ekki kvenna, sem ætíð riðu í söðlum í þá daga," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,5; Ö-Brettingsstaðir viðb. og ath.,2

SÞ-220:026 *Kolalág* gryfja kolagröf 65°39.426N 17°10.999V

Tvær kolagrafir eru í norðanverðu holti sem garður 036 liggur vestan við. Þetta er um 1,6 km norðvestur af bæ 001. Sléttur lyngmói.

Báðar grafirnar eru mjög greinilegar. Sú nyrðri, A, er rúmlega 1,5 m í þvermál, 0,4 m djúp og flöt í botni. B er um 50 m suðvestar, heldur minni um sig eða um 1 m í þvermál en álíka djúp og sú fyrri. Skimað var eftir fleiri gröfum á holtinu en þær sáust ekki í fljótu bragði. Þessar grafir eru við lág sem líklega er sú sem nefnd er Kolalág á kortum og í örnefnalýsingum. Hún nær allt yfir landamerkin og inn í Ljótsstaðaland.



Önnur kolagrafanna í Kolalág SÞ-220:026, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,5

SÞ-220:027 *Hald/Syðra-Hald* heimild um rétt 65°38.354N 17°09.930V

Með Laxá, að norðan: "Hald undir Haldbjargi, sunnanvert við Hólkotsfoss; var notað sem fjárrétt við samanrekstra á vorin," segir í örnefnaskrá. Í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá segir ennfremur: "(Haldklettur (-bjarg) er einnig bak við "Haldið" norðan

við Hólkotsflóann, þar sem brúin er yfir ána nyrzt) og norður fyrir Dimmhelli, þar er gafl niður í á, eins sunnan við Haldklettinn (-bjargið)." Hér er þá skráð Haldið sem er sunnan við brúna yfir Laxá. Þetta Hald er rúma 600 m suðaustur af bæjarhól 001.



Haldið SÞ-220:027 horft til norðurs

Haldið er svæði austan undir klettum sem eru sunnan við brúna en erfiðara er að samþykkja þann hluta lýsingarinnar sem segir að það sé sunnanvert við Hólkotsfoss, enda er hann heldur sunnar en það.

Haldið nær frá brúnni og um 100 m niður eða suður fyrir hana. Klettarnir eru allt að 4-5 m háir en sáralítið undirlendi við þá, mest 4-5 m breitt, óslétt og grýtt. Engar hleðslur eru sjáanlegar og því virðist aðhaldið hafa verið náttúrulegt að öllu leyti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,5; Ö-Brettingsstaðir viðb. og ath.,4

SÞ-220:028 heimild um leið 65°38.938N 17°10.503V

Í hrauninu: "Dimmhellir er austan í hraunbrúninni, nyrzt í aðhaldinu á Strákabakka. Gengur þar vík upp í hraunið og þar lá stígur niður yfir hraunið, áleiðis til Strákavaðs [025], áður en umferð breyttist vegna girðinga.", segir í örnefnaskrá. Ekki fannst stígur á þessum slóðum á vettvangi en þó má nefna að gamlar götur sem gætu hafa legið áleiðis að Strákavaði sjást liggja í gegnum garð 060 - nyrsta hluta hans sem er mjög fornlegur og liggur allt að Laxá. Stígurinn liggur víðast meðfram hraunbrúninni en hefði svo þurft að sveigja skáhallt yfir hraunið að Strákavaði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,6

SÞ-220:029 *Ferjubjarg* örnefni ferja 65°38.635N 17°10.009V

Með Laxá: "Ferjubjarg eða Ferjuklettar, sunnan við Ferjubakka. Slútir efsta brúnin fram og var það kölluð "snös", en ekki var það nú eiginlegt örnefni (snösin á Ferjubjarginu). Undir því var ferjan höfð, þegar þar var ferjað. Þar var og þvegin ull á vorin," segir í örnefnaskrá. Ferjustaðurinn er við Laxá um 250 m ANA af bæjarhól 001. Áin er fremur lygn á þessum stað, 40-50 m breið.

Engar mannvistarleifar eru sjáanlegar. Ferjubjargið er augljóst og smáklettur meðfram því að austanverðu. Milli klettanna og bjargsins myndast líkt og hólf og má vera að báturinn hafi verið settur þar upp. Grasræma er á undirlendinu milli Ferjukletta og Laxár. Breiðast er það undir Ferjubjargi og þar hefði verið rýmst að þvo. Ekki sjást augljósar hlóðir en þó votta fyrir grjóti í sinunni á nokkrum stöðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,6

SÞ-220:030 heimild um stekk 65°37.948N 17°09.831V

Með Laxá: "Stekkjarbrot, rétt norðan við Fúshólma. Þar var stekkur í tíð Hjálmars Kristjánssonar á Brettingsstöðum (1834-41). Lítill hellisskúti var notaður fyrir lambakró," segir í örnefnaskrá. Engin afgerandi ummerki fundust til marks um stekkinn, og kannski sést ekki mikið til leifa, enda ljóst að hann hefur aðeins verið notaður í fáein ár. Um 10 m frá árbakkanum beint norðvestan við Flathólma, sem er hólminn fast norðan við Fúshólma, eru þó möguleg ummerki um stekk. Þetta er 1,3 km SA af bæjarhól 001.



Ummerki meints stekkjar SÞ-220:030, horft til norðurs

Hraunræma meðfram ánni, óslétt mjög og öll í gjám og gjótum en ágætlega gróin.

Smásprunga liggur frá norðri til suðurs á þessum stað, rúmlega 1 m breið með hliðum sem ætla má að séu fjárheldar, í það minnsta lambheldar, 1-2 m háar. Gjáin er alls um 10 m löng og 2 m breið, smágrjót í sléttum botninum gæti hafa átt að loka henni af. Þar inn

og upp af er smáskúti sem auðvelt væri að byrgja. Eins og áður segir eru þessi ummerki of ógreinileg til að hægt sé að fullyrða að hér hafi stekkurinn verið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,7

SÞ-220:031 *Kvíholt* tóft kvíar 65°38.546N 17°10.022V

Tóft, líklega rétt, er sambyggð suðurhlið túngarðs mjög austarlega, á bakka ofan við Laxá. Hún er um 260 m ASA af bæjarhól 001. Mosa- og fjalldrapa vaxinn hraunrimi meðfram Laxá, frekar úfið hraun.



Kvíarnar SÞ-220:031

Tóftin er hlaðin úr hraungrýti og veggir standa vel, allt að rúmum metra. Hún liggur langsum meðfram utanverðum túngarði og snýr austur-vestur, er alls rúmlega 20 x 6-7 m að stærð og næstum ferköntuð. Rekið hefur verið inn að vestan næst túngarði og hefur líklega verið hentugt að reka meðfram hraunjaðrinum. Túngarður þjónar sem norðurhlið. Tóftin er tvískipt og er milliveggurinn skammt austan við miðja tóft.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,8; Ö-Brettingsstaðir viðb. og ath.,5

SÞ-220:032 *Merkjagarður* garðlag landamerki 65°37.740N 17°10.153V

Sunnan túns, neðan brekkna: "Merkjagarður er gamalt garðlag, sem liggur úr Laxá vestur í Másvatn. Liggur hann yfir Móinn syðst. Framhald þessa garðs er sagt að liggi um

þverar heiðar, vestur í Skjálfandafljót," segir í örnefnaskrá. Garðurinn er auðfundinn neðan vegar rúma 200 m NNA af Brettingsstaðaseli 058. Hann er því ekki á merkjum eins og þau þekkjast nú.Lyngmói með miklum lággróðri og smábirkikjarri sem sennilega færist sífellt í aukana.

"Brettingsstaðasel [058] er sagnlaust fornbýli suður á dalnum. Garður, afar forn hefur legið frá Laxá norðan við selið, allt að Másvatni, og er sagt að rekja megi garðinn þaðan vestur til Skjálfandafljóts," segir í Lýsingu Þingeyjasýslna I. Garðurinn hefur legið um landareignina þvera austur-vestur. Allt frá Másvatni að vestan, yfir heiðina og í Laxá að austan. Ætla má því að hann hafi verið rúmlega 2,5 km langur. Nú er garðurinn sundurskorinn og hverfur á nokkuð löngum köflum í bæði mýrar og skógrækt. Lýsing garðsins hefst að vestan, við Másvatn og er sá hluti nefndur hluti I. Þar er garðurinn fyrst greinilegur 15-20 m austan við vatnið. Á þessum kafla er garðurinn mjög siginn og ógreinilegur. Þar má sjá dæld eða pælu beggja vegna við hann, þó sérstaklega að sunnan og því er syðri brúnin mjög skýr en nyrðri brúnin fellur talsvert saman við landslagið. Á þessum kafla er garðurinn vaxinn mosa, lyngi og kjarri. Hann er talsvert hlaupinn í þúfur og fallinn saman við umhverfi sitt. Þarna er hann 2-3 m á breidd en 0,3 m á hæð. Auðveldlega má rekja garðinn í 110-120 m en þá verður hann óskýrari þó enn megi rekja hann í um 220-230 m í viðbót áður en hann hverfur alveg í mýrina. Hluti II er greinilegur um 50 m eftir að hluti I hverfur endanlega í Kollásamýri. Þessi hluti garðsins er um 370 m langur en hverfur, líkt og hluti I, í mýri að austan. Hann liggur frá vestri í um 120 m upp á lágt holt en beygir þar örlítið meira til ANA en áður. Hann er lyngivaxinn á þessum kafla. Hann er víðast a.m.k. 3-4 m á breidd og nær alveg 4-5 m breidd á há-ásnum. Garðurinn er mjög mis skýr en víðast um 0,5 m á hæð. Dæld er við garðinn að norðan. Austan við ásinn má greina garðinn á talsverðum kafla í



Garður SÞ-220:032, horft til suðausturs

mýrinni áður en hann fjarar út í Kollásamýri. Þar er garðurinn ógreinilegur á um 600 m kafla. Þriðja hluta garðlagsins (III) má svo greina þar sem mýrinni sleppir og holt og ásar taka við. Þessi hluti garðsins er um 440 m langur en liggur í jaðri uppblástursmela á tveimur stöðum. Óljós merki garðsins má reyndar greina enn lengra til austurs, í norðurjaðri þess þriðja uppblásturssvæðisins þannig að samtals er þessi kafli um 560 m langur áður en garðurinn hverfur endanlega á þessum stað, að þessu sinni í skóg. Þessi kafli er mjög lyngivaxinn og dældir eru beggja vegna við. Garðurinn er víða 4-5 m á breidd en þær þó alveg 6-7 m breidd þar sem mest er. Hann er víða um 0,3 m á hæð. Að lokum verður 4. hluta garðsins lýst en það er austast parturinn sem er austan við vegin að Brettingsstöðum, að Laxá. Garðurinn er þar veglegur og greinilegur, allt að 4 m breiður. Á kafla neðan vegar er engu líkara en garðurinn sé tvöfaldur en það kann að vera náttúrumyndun. Hann má rekja allt niður á blábakka Laxár. Þar er á kafla djúp og mikil pæla meðfram suðurhlið hans sem ýkir hæðina í allt að 1,5-2 m. Garðlag sem liggur frá norðri til suðurs ofan við tóftir á Brettingsstaðaseli er skráður með þeim en ekki tókst að rekja hann saman við þennan garð sökum skógarþykknis. Af afstöðunni að dæma er þó sennilegt að hann hafi verið hlaðinn út frá honum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,8; LÞ I, 282

SÞ-220:033 tóft+garðlag sel 65°38.508N 17°13.101V

Hringlaga gerði með 3-4 tóftum er um 2 km vestan við bæ 001 en 270 m austan við Másvatn. Gerðið er um 940 m norðan við beitarhúsin á Húsás (039). Rústirnar eru á ás í landslaginu. Víða er kjarr og lyng en þunn gróðurþekja (hreindýramosi) annars staðar. Mögulegt er að hluti af holtinu hafi einhvern tíma blásið en gróið aftur. Vestan við gerðið er lyngivaxin brekka sem nær niður að lyngi og kjarrivöxnu flatlendi sem liggur allt að Másvatni. Að austan tekur við lyngivaxin slétta sem hækkar upp að Vatnsási. Svæðið sem gerðið er á er í röð af ásum sem snúa norður-suður. Svolítill uppblástur er norðaustast við gerðið.




Tóft SÞ-220:033B, horft til norðvesturs.

Túngarðurinn sem afmarkar tóftasvæðið er egglaga og snýr norðvestur-suðaustur. Svæðið er 105 x 70 m stórt. Utan í túngarðinn að norðvestan er byggt lítil tóft eða gerði (E) en innan þess eru fjórar tóftir (A-D). Sjálfur túngarðurinn er gróinn og lyngivaxinn. Á köflum er hann alveg á ásbrúninni svo að erfitt er stundum að ætla hvort hryggur í landslaginu sé garðurinn eða náttúrulegur en talsvert hátt er af ytri brún hans og niður á jafnsléttu á þessum stöðum en innri brún er óskýr. Garðurinn sést vel að vestan og norðan en er óljós og rofinn í norðausturhorni og óskýr á um 35 m kafla að suðvestan. Garðurinn er víða um 2 m á breidd en 0,5 m á hæð. Hann er lyngivaxinn og fornlegur. Innan vallargarðs eru 4 rústir. Rúst A er syðsta rústin innan vallargarðsins.



Tóftir og garðlög SÞ-220:033

Hún er um 20 m norðan við suðurhlið vallargarðs og 35 m vestan við austurvegg. Tóft A er mjög óljós en er á hrygg í túnstæðinu sem stendur aðeins hærra en umhverfið. Á því svæði má greina upphækkun sem er um 10 x 5 m stór og snýr norður-suður. Norðurhluti hennar er dæld sem er um 1,5 m í þvermál að innanmáli og nokkuð hringlaga. Ytri veggir þessa hluta eru um 4 x 4 m að stærð. Frá botni þessa hólfs og upp á veggtopp eru um 0,7 m. Sunnan við þetta hólf heldur áfram talsverð upphækkun eða þúst í landslaginu en ekki er hægt að sjá eiginlega dæld eða hólf í því enda vex mjög stór og voldugur runni á



Tóftir og garðlag SÞ-220:033 sjást ofan við miðja mynd, til vinstri. Smalakofi og varða SÞ-220:057 og 077 sjást á blásnum mel ofarlega á myndinni. Ljósmynd Árni Einarsson

svæðinu miðju. Tvær eða þrjár holur eru við tóftina að norðan og austan. Þær eru um 0,8 m í þvermál og ekki er ljóst hvaða hlutverki þær hafa gengt. Tóft B er nyrst á sama lága hryggnum og tóft A og minna en 10 m eru á milli. Tóft B er um 20 m sunnan við norðurvegg vallargarðs og 30 m vestan við austurvegginn. Bratt er fram af ytri brún tóftar að sunnan og niður að jafnsléttu, allt að 1,5 m. Tóft B er einföld og hringlaga og um 4,5 m á kant. Veggjahæð er um 0,6-0,7 m að mæld frá tóftarbotni að innri brún en um 0,3 m frá ytri brún og að jafnsléttu. Tóftin er einföld og op kann að hafa verið á suðurvegg miðjum. Hún er lyngivaxin og fornleg. Tóft C er rúmum 10 m vestan við tóft B og 15-20 m sunnan við norðurhlið vallargarðs. Tóft C er verulegri en bæði A og B. Hún er 9 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og op hefur verið syðst á austurvegg

hennar. Tóftin er lyngivaxin og fornleg. Veggir hennar eru 0,5 m, mældir að innri brún en 0,3 m frá ytri brún. Tóft D er allra norðvestast af þeim tóftum sem eru innan vallargarðs. Hún er um 10 m suðaustan við norðvesturhlið vallargarðsins. Tóft D er 10 x 8 m stór og snýr norður-suður. Hún er á kafi í lyngi. Í henni má sjá tvö greinileg hólf (I og II) og mögulega hefur það þriðja (III) verið að baki. Tóftin er full af víði og lyngi. Greinilegasta hólf tóftarinnar, I, er austast í henni. Það snýr norður-suður og er 2-2,5 x 1 m að innanmáli. Op kann að hafa verið á suðurvegg hólfsins en það er nú óskýrt. Hólfið er fremur djúpt en fullt af víði. Hólf II er vestan við hólf I. Það er 1,5 x 0,5 m stórt og snýr norður-suður. Veggurinn á milli hólfa I og II er hár og frá veggtoppi og niður í botn hólfs II eru 1,2 m. Ekkert op er greinilegt á hólfi II og í raun er það hálfgerð "hola". Að baki (norðan) við hólf I og II er óljós dæld III. Mögulegt er að þar hafi verið hólf eða heystæði. Þetta svæði snýr þvert á I og II og gæti hafa verið um 5 m langt. Öll ummerki eru þó of óljóst til að hægt sé að fullyrða nokkuð um þetta meinta hólf. Óljóst hólf eða gerði er byggt upp við vallargarðinn utanverðan að norðvestan. Gerðið er óljóst en var líklega um 9 x 5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Það er lyngivaxið, einfalt og veggir þess eru mest 0,5 m á hæð. Mögulegt er að op hafi verið syðst á vesturvegg en það er óljóst. Líklegast er að rústirnar séu af stæðilegu seli eða Líklegast er að rústirnar séu af stæðilegu seli eða mögulega e.k. beitarhúsum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SÞ-220:034 garðlag túngarður 65°38.829N 17°10.356V

Grjótgarður liggur með norðanverðu túninu á Brettingsstöðum, allt að Haldinu 016 við Laxá. Þessi garður hefur væntanlega verið í notkun samtíða túngarði sem hefur verið hlaðinn upp að hluta á Gamlagarði, sjá 060, en eldri garður (Gamligarður - sjá 060) nær mun lengra til norðurs og hefur því ekki þjónað hlutverki túngarðs eins og við þekkjum þá frá 19.-20. öld. Garðurinn liggur að mestu um lyngivaxið hraun.



Túngarður SÞ-220:034, horft til norðausturs

Garðurinn á upptök í brekkurótum um 400 m norður af bæjarhól 001. Flest bendir til að hann sé hlaðinn eftir að vírgirðingar komu til sögunnar, þá sem e.k. undirstaða, enda liggja

girðingaslitur að honum úr suðvestri í framhaldi af túngarði 060, sem hér hefur tekið stefnu beint í norður. Við garðsendann vestari eru leifar af timburramma sem er fallinn en hefur að líkindum verið mjótt hlið milli girðingar og garðsenda. Garðurinn liggur til norðausturs og stendur misvel, er víða 2-3 umför grjóts en á nokkrum stöðum eru í honum gríðarstórar hraunhellur sem hafa verið reistar upp á rönd. Hann er alls 160-170 m langur og endar við Haldið 016. Víða sjást leifar af girðingarstreng ofan á. Líklega eru bæði garðurinn og Haldið 20. aldar verk.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,9

SÞ-220:035 *Geitakofi* tóft geitakofi 65°38.674N 17°10.299V



Geitakofi SÞ-220:035, á ljósmynd er horft til norðurs

Norðan túns, neðan brekkna: "Geitakofi, nú kallað Hofsstaðatos, holt með gömlum rústum á, utan og neðan við Stallinn, norður af Lækjarbotni. Nýrra nafnið tilkomið eftir 1874. Þá heyjuðu Hofsstaðamenn í Brettingsstaðamýrum...," segir í örnefnaskrá. Tóft sem kemur heim og saman við lýsinguna er um 120 m NNA af bæjarhól 001. Þýfður túnjaðar, norður af er aflangt móaholt og á því fornleg rúst 017.

Tóftin er eins og þúfnaklasi, mjög ólöguleg en töluverð sina og grænka í henni. Hún er alls um 7 x 6 m stór SA-NV, dyr hafa líklega verið sunnarlega á vesturhlið. Veggir eru mjög signir, mest um 0,3 m háir. Ekki sér í grjót í þeim. Um 10 m NNA við tóftina er lítil þúst sem er 1-2 m í þvermál og gæti verið af mannavöldum.

Hættumat: engin hætta


Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,9

SÞ-220:036 garðlag hlutverk óþekkt 65°39.351N 17°11.045V
Norðan við Hrappsstaðaey rennur Laxá í þröngri kvísl. Ef tekin er stefna til vesturs upp fjallið, beint vestur af kvíslinni, er þar hálfrofið holt með miklu af stórgrýti sem nefnt er Steinholt samkvæmt Jóni Benediktssyni heimildamanni. Bakvið þetta holt, milli þess og heiðarbrúnar, er mikil og vel gróin dæld sem liggur í sveig frá austri til suðurs og nefnist Kolalág. Eftir botni dældarinnar liggur fornlegur garður. Þetta er um 1,5 km norður af bæjarhól 001.



Garðlag SÞ-220:036, horft til suðausturs

Að sunnanverðu virðist garðurinn eiga upptök sín skammt sunnan við mynni dældarinnar. Þaðan má rekja hann ofan í dældina og liggur hann eftir botni hennar eða því sem næst til norðurs, svo norðausturs og lokum í austurátt. Alls er hægt að rekja hann á tæplega 200 m löngum kafla. Víðast hvar er garðurinn 2-3 m breiður en fer þó allt upp í 4 m. Hann liggur heldur austar en fyrir miðju dældarbotnsins og víðast hvar sést pæla meðfram vesturhliðinni. Hæð garðs er víðast hvar um 0,5 m. Ekki fæst betur séð en hann endi við austurmynni dældarinnar og hugsanlegt er að sá endi hafi tengst garði sem liggur upp brekkuna til vesturs og í Holt 059. Tilgangur þessa garðs er óljós og ekki fannst framhald af honum á loftmynd. Af legunni að dæma er ekki útilokað að hann hafi legið umhverfis blásna holtið sem er austan við dældina en ekki hafa þó fundist merki um það og engar augljósar minjar sjást á holtinu sjálfu.



Garðlag SÞ-220:036. Mynd Árni Einarsson

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:037 *Vatnsásvarða* varða hlutverk óþekkt 65°38.517N 17°12.168V



Vatnsásvarða, horft til vesturs

Miðheiðin, milli Máskotsgatna 003 og Húsgatna 042: "Vatnsásvarða þar sem Vatnsásinn endar að sunnan eða rennur saman við Bæjarás; er á vesturbrúninni," segir í örnefnaskrá. Vatnsásvarða er fast norðan við Vatnshólastíginn og um 1,42 km vestan við bæ 001. Varðan er í dálítilli lág sem snýr austur-vestur í Vatnsásinn. Rof er í ásinn þar sem göturnar þvera hann þó það sé nú að hluta til uppgróið.

Varðan er á rofsvæði sem er L-laga. Rof er bæði frá því sem varðan stendur og einnig frá stígnum. Varðan er fremur fornleg og hefur án efa verið stæðileg í upphafi en nú er vesturhluti hennar alveg blásið og fallið. Talsverð steinadreif sést frá vesturhlutanum. Varðan er um 1,2 m norður-suður en er nú (sökum uppblásturs) 0,8 m austur-vestur. Hún er um 0,3 m á hæð. Líklegast er að varðan hafi verið samgöngubót í tengslum við Vatnshólastíg 045.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,12

SÞ-220:038 *Tjaldlág* örnefni tjaldstæði 65°38.712N 17°13.284V

Miðheiðin, milli Máskotsgatna 003 og Húsgatna 042: "Milli...[Vatnshólanna tveggja] er Tjaldlág. Örnefnið er frá grasatekjutíðinni," segir í örnefnaskrá. Tjaldlágin gengur austur-vestur inn í landið á milli Vatnshólanna ofan (austan) við Másvatn. Láginni hallar til vesturs. Hún er lyngivaxin og skjólgóð þar sem brattar hlíðar Vatnshólanna skýla fyrir norðan og sunnanvindum. Talsvert þýfi er í láginni, e.k. raðir norður-suður.

Engin mannaverk eru í eða við lágina. Lautin er um 20 m á breidd og 100 m löng.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,12

SÞ-220:039 *Hús* tóftir beitarhús 65°37.978N 17°12.920V

Miðheiðin, milli Máskotsgatna 003 og Húsgatna 042: "Húsás suður frá Hallgrímslág, suður að Húsagróf, er mjó undirlendisræma, milli hans og vatnsins...Hús. Syðst á Húsásnum, á norðurhorni Húsgrófar, var beitarhús, er stóð fram yfir 1910. Nú sjást þess engin merki, nema lítill grænn blettur, svo gjörsamlega eru veggirnir blásnir í burtu," segir í örnefnaskrá. Beitarhúsin eru á norðurbarmi Húslágar, allra syðst á Húsás. Þau eru um 2,3 km suðvestan við bæ 001. Beitarhúsin eru á suðurenda lyngivaxins ás, en skammt sunnar tekur land að lækka ofan í grófina. Mjög víðsýnt er af þessum stað.

Tóftir SÞ-220:039

Í lýsingu Konráðs Erlendssonar segir: "Það stóð fram yfir 1910, en var frá því um 1885 einungis notað sem vargskýli fyrir fé á vorin. Mývargur er á Brettingsstöðum mikil plága." Rústasvæðið er um 22 x 22 m stórt. Á þessum stað eru 4 rústir og dæld á svæði sem er um 20 m á kant. Svæðið er að hluta til grasi gróið en allt umhverfi er á kafi í lyngi. Sjálf beitarhúsin eru fagurgræn og grasi gróin og skera sig talsvert úr umhverfi sínu.



SÞ-220:039, tóft A, horft til vesturs

Rústirnar eru á suðurenda áss og fast sunnan við tekur við brekka ofan í Húslág. Um 8 m eru frá rúst B og að brekkubrúninni. Rúst A er nyrst á svæðinu, er grasi gróin og stærst af

rústunum. Hún er greinilega af þeim beitarhúsum sem getið er í örnefnaskrá og lýsingu Konráðs og hefur verið í notkun fram til 1910. Aðrar rústir á svæðinu eru mun fornlegri og lyngivaxnar og greinilega minnismerki um eldra búsetustig. Rúst A er 11 x 11 m stór en að baki (austar) er þúst sem kann að hafa verið hlaða eða heystæði og er það 5 x 6-7 m stórt. Svæðið er því um 16 x 11 m stórt og snýr austur-vestur. Austasti hluti A er skýrastur og þar sér í grjóthleðslu í norðvesturhorni. Útlínur hólfsins má rekja að hluta sem línu í grassverðinum og af henni að dæma hefur hólfið verið um 4 m á breidd en það fjarar út eftir um 5 m til vesturs og því erfitt að áætla lengd þess. Allra vestast er í tóftinni hærra svæði, snarþýft. Veggir eru mest 0,7 m á hæð mælt innan frá en víða eru 0,4-0,5 m frá ytri brún veggja og niður á jafnsléttu. Tóftin er greinilega talsvert blásin og hrunin en hefur gróið aftur. Fyrir framan tóftina er dæld E sem er 4 x 1 stór og 0,2 m á dýpt. Dældin er mjög greinileg en ekki ljóst hvaða tilgangi hún hefur þjónað þó mögulegt sé að þarna hafi verið rist torf (en staðsetningin er e.t.v. sérkennileg). Tóftir B, C og D eru allar mun signari en með fremur umfangslitla veggi sem gjarnan eru um 1 m á breidd en 0,2 m á hæð. Tóft B er 7 x 5 m og snýr austur-vestur. Hún er einföld og það virðist hafa verið op sunnarlega á vesturvegg. Veggir eru 0,2 m á hæð. Um 1 m norðaustan við tóft B og fast við suðurvegg tóftar A er lítil tóft, C. Hún er áþekk B, gróin lyngi og 5 x 3 m stór. Hún snýr austur-vestur og það er mögulegt að op hafi verið syðst á vesturvegg hennar en sökum þess að mikið kjarr vex í tóftinni er erfitt að fullyrða um það. Hún hefur líklega verið einföld. Að baki er svo tóft D. Hún er allra ógreinilegust tóftanna. Hún snýr öfugt við B og C eða norður-suður. Tóftin er greinilegust nyrst en fjarar út til suðurs. Hún hefur verið um 3,5 m á breidd en erfitt er að dæma um lengd hennar. Hún hefur þó verið lengri en 7 m. Vesturveggur tóftar er 7 m langur en austurveggur aðeins um 5 m áður en hann fjarar út. Engin suðurhlið er á tóftinni og ekkert op sést.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,12; KE-Brettingsstaðir,2-3

SÞ-220:040 *Naust* hleðsla naust 65°38.416N 17°13.418V

Miðheiðin, milli Máskotsgatna 003 og Húsgatna 042: "Naust er skarð í vatnsbakkann, suður og niður af Hallgrímslágarkjaftinum. Þar er uppsátur bátsins," segir í örnefnaskrá.



Naust SÞ-220:040. Á ljósmynd er horft til SSV

Naustið er um 260 m suðvestan við hringlaga garð og rústir 033. Ofar er víðir og runnagróður í mýri.

Skarð er í bakkann á þessum stað. Skarðið er V-laga og er efst um 4 m breitt en tæpur 1 m í botninn. Nær 7-8 m inn í landið og þar snarbeygir dældin. Meðfram brún að norðan og sunnan er garður um 10 m langur á hverjum stað. 0,3 m á hæð og 0,5 m á hæð. Á suðurbakkanum er eins og það sé einhvers konar hús um 2 m sunnan við bakkann. Það er um 8 x 3 m stórt og snýr norður-suður. Innanmál er 5 x 3 m stórt. Suðurveggur óskýr en h.u.b. 2 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,12

SÞ-220:041 heimild um ristu 65°38.652N 17°10.261V

Strengrista og sniddustunga voru beggja vegna við Lambhúsholt samkvæmt örnefnaskrá, en á því er rústin af Lambhúsi 005. Sennilegt er að einnig hafi verið rist austan við Lambhús. Djúpur slakki er austan við holtið. Þýft er í slakkanum og mikil sina en engin merki sjást um torfristu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir aths. og viðb. bls. 8

SÞ-220:042 *Húsgötur* gata leið 65°38.142N 17°11.780V

"Húsgötur liggja suður og upp frá túninu, vestur yfir Bæjarás og að Kollásamýri, norðarlega, áleiðis að Beitarhúsunum [039],.." segir í örnefnaskrá. Húsgötur eru greinilegar upp frá túninu á Brettingsstöðum sunnarlega og upp Bæjarásinn. Þær má greina yfir háásinn og niður í dalinn, alveg af Kollásamýri. Þar verða þær ógreinilegar á kafla en óljósan slóða má svo greina aftur síðustu metrana til vesturs að beitarhúsunum 039. Göturnar liggja að mestu leyti um lyngivaxna móa, yfir ás og upp á heiði.



Húsgötur SÞ-220:042, horft til vesturs

Slóðinn sést víða vel. Hann er greinilegur skammt ofan við tún, á háásnum og niður hlíðina til vesturs og hann má greina sem óljósari slóða á Húsás. Ofan við bæ má víða greina 3-5 slóða saman og virðist talsvert rof hafa myndast í kringum þá í hlíðinni. Rofið er allt að 3 m á breidd og 1,2 m á dýpt. Gatan er víða bara stakur slóði, sérstaklega þegar komið er vestur yfir hálsinn. Þar er slóðinn stakur, fremur djúpur og greinilegur. Þar sem hún er skýrust er hún allt að 1,5 m á breidd (efst) og 0,5 m á dýpt. Samtals er leiðin um 2,4 km löng.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,14

SÞ-220:043 gryfja kolagröf 65°38.253N 17°11.799V

Mikið af kolagröfum er á lágum ási vestan undir öðrum stærri (sjá 053) og um 1350 m VSV við bæ 001. Undir þessu númeri eru skráðar allar kolagrafir sem fundust á ásnum en kolagrafir voru einnig skráðar á stærri ás/mel sem tekur við austar (sjá 053).

Melurinn er mun ógreinilegri en sá sem kolagrafir 053 eru á. Hann er í raun lægri ás eða sylla í landslagið sem rennur bæði saman við 053 og annað umhverfi sitt. Gróflega áætlað má geta sér til að hann sé 600-700 m á lengd en um 150 m á breidd. Hann snýr NNV-SSA. Melurinn er flatur í toppinn. Þar er gróðurþekja fremur þunn og



Horft yfir kolagrafasvæði SÞ-220:043, 053 og 082 og til austurs ofan í Laxárdal. Kolagrafirnar sjást sem litlir dílar á myndinni og í sumum þeirra er enn snjór. Ljósmynd: Árni Einarsson.

hreindýramosi ríkjandi. Í hlíðum melsins er hinsvegar mikill lyng- og kjarrvöxtur.

Á melnum fundust 4 kolagrafir, allar í röð nálægt vesturjaðri hans á svæði sem er um 200 x 10 m stórt og snýr eins og melurinn. Hér verður hverri kolagröf gefinn bókstafur til aðgreiningar en búast má við að á melnum geti leynst fleiri kolagrafir. Syðsta kolagröfin, A, er um 100 m norðan við Húsgötu 042. Kolagröf A er fremur þríhyrningslaga. Hún er um 1,5 m á kant og mest um 0,6 m djúp. Hún er vaxinn lyngi og kjarri í hliðunum en einhver grasvöxtur er í botni hennar. Kolagröf B er aðeins



Kolagröf SÞ-220:043 A, horft til vesturs

um 7 m NNA við gröf A. Hún er um 1,5 m í þvermál og fremur hringlaga. Gröfin er mest 0,7 m á dýpt. Kolagröf C er tæpum 100 m norðan við gröf B. Hún er ferhyrnd og 1,5 x 1 m að stærð. Hún snýr norður-suður og er mest 0,6 m á dýpt. Kolagröf D er tæpum 100 m norðan við kolagröf C og fast vestan við stíg. Kolagröf D er um 1,2 m í þvermál og næstum hringlaga. Hún er fremur grunn gröf og lyngivaxin. Dýpt 0,2-0,3 m.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:044 *Miðgötur* gata leið 65°38.137N 17°11.074V



Miðgötur SÞ-220:044, horft til ANA

"Miðgötur, gamall heybandsvegur, liggja suður af Húsgötum [042] ofan við brúnina og vestur, sunnan við Bæjarás, vestur að Kollásamýri," segir í örnefnaskrá. Miðgötur greinast frá Húsgötum 042 um 700 m suðvestan við bæ 001 og liggja yfir ásinn á milli tveggja blásinna mela þar sem vörður 080 og 078 standa. Í lyngivaxinni hlíð.

Greinileg gata, víða djúpur skorningur en annars staðar nokkrir samsíða paldrar. Götuna má rekja allt frá þeim stað þar sem hún greinist frá Húsgötu 042 og alla leið yfir ásinn og niður að Kollaásamýri. Verið getur að einn angi hennar liggi á kafla um lág sem snýr norður suður og fyrir annan mel sunnar en aðalgatan en hann sameinast henni þá fljótt aftur. Á einum stað a.m.k. er kolagröf alveg við götuna (sjá 084). Göturnar eru líklega um 1 km langar frá því þar sem þær greinast frá Húsgötum og þar til að þær enda við mýrina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,14

SÞ-220:045 *Vatnshólastígur* gata/garður leið 65°38.504N 17°12.190V

"Vatnshólastígur liggur af Máskotsgötum [003] við Bæjarásendann, og liggur vestur, sunnan við Vatnshóla, vestur að Másvatni, þar sem lagnetsstæðin eru," segir í örnefnaskrá. Göturnar sjást víða greinilega en eru þó óljósari á há-ásunum heldur en í dældum umhverfis þá. Þær hafa legið norðvestarlega úr túninu, yfir heiðarbrúnina og þvert yfir ásana sem þar liggja norður-suður og svo legið að Másvatni nálægt



Götur/garðlag SÞ-220:046. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs en á mynd til hægri er horft til austurs

tóftarþyrpingu 033. Á köflum er líkt og göturnar hafi legið á gömlum garði sem er þá víða alveg úttraðkaður. Þar sem göturnar liggja í dældum er þó greinileg bunga á milli slóðanna sem minnir mikið á dæmigerða forngarða á þessum slóðum. Ekki er óalgengt að forngarðar fengju hlutverk gatna eftir að hætt var að halda þeim við og má vera að svo hafi einnig verið í þessu tilfelli. Víða sjást 2-3 slóðar samsíða. Syðri "göturnar" eru víða greinilegri og liggja a.m.k. í gegnum tvær lágir sem snúa austur-vestur. Það er athyglisvert að göturnar má víða greina sem 2-3 slóða en um 5 m á milli og upphækkun.

Víða sjást 2-3 samsíða slóðar. Á köflum er greinileg upphækkun á milli slóðanna og gæti það verið garðlag. Ef svo er eru leifar hans nú 4-6 m breiðar þar sem best er og eru skorningar beggja vegna við hann. Hinn meinti garður er skýrastur í lágum og vestast, rétt áður en göturnar koma að hringlaga gerðinu 033 við Másvatn. Nálægt holtinu er hann 0,7 m hár og sæmilega góður skýr.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,14

SÞ-220:046 varða hlutverk óþekkt 65°37.817N 17°13.479V

Lítið vörðubrot er á bakka Másvatns á suðurmerkjum. Það er um 2,8 km VSV við bæ 001 og í beinu framhaldi af merkjagarði 032 á vatnsbakkanum. Á grasi grónum vatnsbakka.



Varða SÞ-220:046, horft til suðausturs

Varðan er mjög sigin og mosi vex í kringum hana. Í vörðunni eru 5-6 steinar. Hún er þríhyrnd og 50-60 cm á kant. Skófum vaxin og gæti verið sæmilega gömul. Undir vörðunni er 1,5 x 1 m upphækkun sem snýr norður-suður. Varðan er 0,2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:047 *Karlmannstjarnarstígur* heimild um leið 65°39.380N 17°13.662V

"Karlmannstjarnarstígur liggur norður af Máskotsgötum [219:067], við Vatnsásendann og norðvestur í Karlmannstjarnarás," segir í örnefnaskrá. Göturnar lágu til norðurs Kalmannstjarnarás sem er austan við Tjörnina og voru að hluta í landi Ljótsstaða. Mjög þýfður lyngmói, gróinn fjalldrapa og víði.

Ekki fundust umtalsverðar götur á þessum lóðum en þó eru einhverjir kindaslóðar á þessu svæði. Þess má geta að bæði rit- og talháttur á nafni tjarnarinnar-Karlmanns-Kalmanns-Kalmans- er og virðist hafa verið, nokkuð á reiki í gegnum aldirnar samkvæmt Jóni Benediktssyni heimildamanni.

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,15

SÞ-220:048 *Kúastígar* heimild um leið 65°38.438N 17°10.000V

"Kúastígar hétu þar, sem nú eru aðalgöturnar, suður og niður að brúnni...," segir í örnefnaskrá. Ekki sjást greinilegar götur nú sem koma heim og saman við lýsingu á Kúastígum. Lyngmói er að mestu frá bæ og að brúnni yfir Laxá. Sennilega hafa kýr verið reknar til beitar eftir stígunum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,15

SÞ-220:049 *Ærstígar* heimild um leið

"Kúastígar [048] hétu þar, sem nú eru aðalgöturnar, suður og niður að brúnni, en Ærstígar lágu lítið eitt sunnar og fram af Höfðunum, nálægt Ytrilág og að Laxá sunnan við Haldbjarg," segir í örnefnaskrá. Ekki sjást greinilegar götur nú sem koma heim og saman við lýsingu á Ærstígum. Lyngmói er að mestu frá bæ og að brúnni yfir Laxá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,15

SÞ-220:050 *Búkonuhóll* tóft útihús 65°38.577N 17°10.231V
"Búkonuhóll, einstakur hóll, suðaustur af Kirkjuhóli [002]," segir í örnefnaskrá. Búkonuhóll er tæpum 100 m suðaustan við bæ 001. Hann er stakur og sker sig talsvert úr túninu í kring.
Grasi grónar ávalur og langur hóll sem snýr norður-suður í túninu. Norðarlega á honum vestanverðum er lítil tóft en ekki er ólíklegt að frekari mannvistarleifar gætu leynst undir sverði víðar á hólnum.



Tóft SÞ-220:050. Horft til suðurs

"Búkonuhóll: Þar átti huldukona að búa. Líklega hefur hún orðið að flytja þaðan, því hóllinn er nú að mestu horfinn. Í honum var mikil "rofmold" (þ.e. leifar gamalla torfhlaðinna moldarveggja), sem var eftirsóttur undirburður lambánna á vorin. Þess galt blessaður Búkonuhóllinn," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Búkonuhóll er 35 x 20 m stór og snýr norður-suður. Norðarlega á vestanverðum hólnum er tóft. Hún er 5 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er niðurgrafin og ekki er hægt að greina dyraop lengur. Veggir tóftar eru niðurgrafnir og hæð ytri brún veggja

niður á jafnsléttu er 0,2-0,3 m en brúnin að innan niður í tóftarbotn er 0,5-0,7 m. Tóftin er algróin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,1; Ö-Brettingsstaðir viðb. og ath.,1

SÞ-220:051 *Gunnuvarða* varða landamerki 65°39.543N 17°11.532V "Gunnuvörðuás er austan Gunnuvörðumýrar, nær suður ofan við Steinholt og norður að Varastaðagrófum. Gunnuvarða á vesturbrún ássins. Þar eru merkin milli Ljótsstaða og Brettingsstaða," segir í örnefnaskrá. "Gunnuvarða. Landamerkjavarða, sést enn. Ásinn og mýrin stóra fyrir vestan heita eftir vörðunni, svo stórt númer er hún í umhverfi sínu. Varðan aftur á móti eftir Gunnu einhverri, munnmæli segja, að búið hafi þarna á ásnum, en þar eru, sem Konráð segir, "augljós merki túngirðingar og bæjarrústa [Eiga að öllum líkindum við Holt 003 og/eða 036.]," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Gunnuvarða er augljós hér um bil beint norðan við býlið sem hefur verið nefnt Holt (sjá 059). Hún er 2 km norðvestur af bæjarhól 001. Blásið og grýtt flag á lágum ás. Varðan er á hæsta punkti ássins.



Gunnuverða SÞ-220:051, horft til suðvesturs

Varðan er mjög ljóst kennileiti en síður en svo fallega hlaðin, nokkrir stórir steinar í haug og smærra grjót inn á milli. Haugurinn er mest um 0,5 m hár. Stórir steinar virðast hafa hrunið úr og sumir býsna langt til norðurs. Gular skófir vaxa á steinum en þó ómögulegt að dæma um hvort varðan sé mjög gömul. Mjög misjafnt virðist vera hvort rithátturinn Gunn- eða Gunnu- var notaður um vörðuna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,10; Ö-Brettingsstaðir viðb. og ath.,3-4

SÞ-220:052 *Sauðahellir* hleðsla nátthagi 65°38.367N 17°09.976V

"Brúarhellar eru ofan við dokkina, sem skilur Haldbjarg frá aðalhrauninu. Nafnið er til orðið eftir að brúin kom. Einn þeirra heitir Sauðahellir, annar Kisuhellir, suðvestur af Sauða[helli], með stórum munna móti vestri,.." segir í örnefnaskrá. Sauðahellir er um 520 m suðaustan við bæ 001 og um 40 m vestan við Laxá í hvilft milli klettabelta á árbakkanum.



Hellir SÞ-220:052. Á ljósmynd er horft til VNV

Grasi- og lyngivaxið hraunlendi með dældum og hæðum og mikið af skútum og hellum. "...í Sauðahelli var oft geymt fé náttlangt, einkum á vorin, sauðir og annað geldfé. (Annar "Sauðahellir" er þarna hinum megin árinnar, aðeins sunnar ,frá beitarhúsum Hamars að Hólkoti. Hann er nákvæmlega eins úr garði gerður. Hlaðið hefur verið úr grjóti dálítill gangur framan við hellismunnana. Reft yfir þakið og settar dyr á, með hurðum úr járnum.) Í helli þessum er fé haft eitthvað fram undir 1920," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Einnig segir: "Móðir mín vissi kvíar... [við Syðra-Flag, 012] til 1902. Síðar eru þær færðar og byggðar rétt við Sauðahelli... Ég held að fráfærur hafi lagzt niður í kringum 1920," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Á þessu svæði er mikið um hella sem kindur leita enn skjóls í fyrir mývargi. Margir þessara hella eru samtengdir neðanjarðar en flestir eru fremur lágir og ekki manngengir (nema að skriðið sé). Sauðahellir er hellisskúti sem virðist tengjast fleiri hellum og hellisopum í hrauninu í kring. Hann er lágur og ekki var farið inn í hann. Hellirinn er í eins konar hvilft í hraunbungunni sem myndar L-laga svæði. Fyrir aðal hellisopið hefur verið hlaðin L-laga hleðsla sem er 13-14 x 11 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðslan er grasi gróin og um 1,2 m á breidd en 0,3 m á hæð. Austurveggur hennar er mjög óskýr. Rétt vestan við vesturenda suðurveggjar hækkar landið meðfram hraunbungunni og þar ofan við er annað op á hellinn sem að hluta hefur verið hlaðið upp.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,6; Ö-Brettingsstaðir viðb. og ath.,4-5

SÞ-220:053 *Kolagrafarmelur* gryfja kolagröf 65°38.223N 17°11.487V Suðurheiðin (sunnan Máskotsgatna [003] og Húsgatna [042]: "Kolgrafarmelur er allhá melbunga í horni því, er myndast af bug heybandslágar (norðan og austan lágarinnar.)" Undir þessu númeri eru skráðar allar kolagrafir sem fundust á melnum en kolagrafir voru einnig skráðar á minni mel sem tekur við vestar (sjá 043) og aðra þyrpingu á næsta mel austan við (sjá 082). Melurinn er um 1,1 km VSV við bæ 001.

Melurinn er um 1 km á lengd og snýr NNV-SSA. Hann er víðast undir 100 m breiður. Melurinn er flatur í toppinn. Þar er gróðurþekja fremur þunn og hreindýramosi ríkjandi. Í hlíðum melsins er hinsvegar mikill lyng- og kjarrvöxtur.



Kolagröf H, horft til suðvesturs

"Í tíð föður míns, á Brettingsstöðum, (1874-98) var Kolgrafarmelur að stækka. Við uppblásturinn kom þá upp kolagröf með viðarkolum í, sem byrgð hafði verið og glatazt. Þá fékk melurinn nafn," segir í örnefnaskrá. "Engar sagnir eða minjar eru um Kolgerð í Kolalág [stór lág sem liggur bak við Steinholt], en víða í Brettingsstaðalandi, sérstaklega heiðinni, sáust gamlar kolagrafir og sjást eflaust enn, ef vel er að gáð...", segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Mikið af kolagröfunum eru nálægt mels-endanum, þ.e. þær hafa ekki verið teknar í meltoppinn heldur nálægt jöðrum hans. Kolagrafir voru skráðar á svæði sem er um 520 x 90 m stórt og snýr eins og melurinn NNV-SSA. Samtals eru a.m.k. 14 grafir á svæðinu: níu þeirra voru skráðar á vettvangi (A-I) og fimm til viðbótar upp af loftmynd. Án efa leynast mun fleiri grafir á þessu svæði. Gröf A er fast norðan við Húsgötur 042. Gröfin er nálega ferhyrnd 1,5-1,7 m á kant og 0,6 m djúp. Hliðar hennar eru kjarrivaxnar en botninn vaxinn grasi. Gröf B er um 40 m vestan við A og um 10 m frá Húsgötum 042. Hún er nálega hringlaga og um 1,5 m í þvermál og 0,6-0,7 m djúp. Hátt kjarr vex í hliðum

hennar, sérstaklega að norðan. Norðurbarmurinn er stæðilegastur. Gras vex í botni hennar. Gröfin er svipuð og A en ógreinilegri. Kolagröf C er um 35 m norðan við kolagröf A. Hún er grynnri en grafir A og B. Hún er gróflega hringlaga og um 1,5 m í þvermál. Hliðar hennar eru vaxnar kjarri og það vex einnig svolítið í botni hennar. Suðausturhlið hennar er bara 0,2-0,3 en norðurhlið hærri eða allt að 0,6 m. Kolagröf D er um 50 m NNV við kolagröf C. Hún er sporöskjulaga, 1,8 x 1,5 m stór og snýr norður-suður. Kolagröfin er fremur djúp eða 0,6-0,8 m á dýpt og er grasi gróin í botninn með kjarri í hliðum. Kolagröf E er um 80 m NNA við kolagröf B, á vesturbarmi melsins þar sem hann fer að lækka til vesturs. Hún er samsíða kolagröf D en tæpum 50 m VSV. Hún er um 1,5 m í þvermál og hringlaga. Hún er alveg vaxin lyngi. Norðurbarmurinn er skýrastur eða 0,5 m en annars er hún um 0,3 m á dýpt. Kolagröf F er nyrst af þeim kolagröfum sem hér eru skráðar saman. Kolagröf F er 160 m vestan við kolagröf 082E en 235 m norðvestan við kolagröf G. Kolagröf F er 2,5 m í þvermál og 0,7 m á dýpt. Hún er grasi gróin í botninn. Kolagrafir G og H eru í hnappi og eru aðeins um 5 m á milli. Grafirnar eru um 110 m norðvestan við kolagröf I. Báðar grafirnar eru skýrar. Gröf G er vestar. Hún er greinileg en mikið kjarr vex í norðurhlið hennar. Svolítill kragi er í kringum gröfina. Innanmál hennar er 2 m á kant og hún er svolítið ferhyrningslaga. Gröf H er með dálítið háa kanta að sunnan. Hún er 2-3 m í þvermál og er aðeins stærri norður-suður en austur-vestur. Hún er gróin lágu lyngi í botninn og hann er mjög sléttur. Dýpt 0,6. Kolagröf I er um 30 m NNA við kolagröf D. Hún er mjög lítil og aðeins 1,2 m í þvermál en 0,3 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,9-10,13,15; Ö-Brettingsstaðir viðb. og ath.,6

SÞ-220:054 gryfja mógrafir 65°38.039N 17°12.380V

"Norðurheiðin, norðan Máskotsgatna [003]:Grófarbotn, botn Húsgrófar, sem liggur suður með Húsholtunum að austan," segir í örnefnaskrá. Greinilegar mógrafir eru enn norðarlega í króknum á Húsgróf, í austurbakka hennar en hafa væntanlega náð yfir mun stærra svæði en það sem nú er skýrast eða mögulega yfir stóran hluta Húsgrófarbotns.

Grófarbotn, blautur og mýrlendur.

"Mór var tekinn í Húsgrófarbotnum og þurrkaður þar á Húsholtunum norðvestan við. Stungur 6-7. Mórinn torfkenndur og ekki sérlega góður. Mór síðast tekinn, að ég hygg 1944," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Grafirnar kunna að hafa náð yfir mestallan Húsgrófar endann en nú eru greinilegastar grafir sem eru í austurbakkanum og eru um 20 x 10 m stórar og snúa norður-suður. Þær eru a.m.k. 1 m að dýpt og blautar í botninn.



Mógrafir SÞ-220:054, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir,13; Ö-Brettingsstaðir viðb. og ath.,8

SÞ-220:055 *Vörður* varða eyktamark 65°38.554N 17°10.808V


"Vörður, tvö vörðubrot beint upp af bænum. Voru eyktamörk (miðaftann)," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá og á öðrum stað: "Vörður á brúninni upp af bænum, nón". Er líklega átt við sömu vörður. Á lágum, sléttum ás eða holti, beint ofan við bæinn. Á því vex hreindýramosi en í kring er kjarrivaxið. Hæðin sést frá bænum en um leið og farið er ofar fer bærinn í hvarf. Vörðurnar fundust ekki við skráningu en gróflega er vitað hvar þær voru.

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir viðb. og ath.,9

SÞ-220:056 tóft+garðlag hlutverk óþekkt/kolagrafir 65°37.612N 17°11.636V

Fornlegar tóftir og garðlag eru nyrst á ás sem samkvæmt Jóni Benediktssyni heimildamanni er ein af þremur ásum sem nefndir eru Kolluásar eða Kollásar. Norðan hans er Kolluásamýri. Minjarnar eru um 2,1 km suðvestan við bæ 001. Á þessum slóðum ganga þrír ásar norður-suður um heiðarnar. Milli þeirra skiptast á móar og mýrar.

Á þessum stað eru 2-3 rústir í suðurenda áss og út frá ásnum gengur garðlag sem markar af hólf við ásendann. Svæðið er samtals 260 x 110 m stórt. Í suðausturendanum liggur garðurinn frá hóltoppi þar sem er nú rof. Þaðan liggur hann til NNA í um 50 m áður en hann beygir til norðurs. Þessi kafli er talsvert ógreinilegur, lyngivaxinn og sigin er verður skýrari eftir því sem NNA dregur. Syðst er hann 1,5-2 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð en þegar norðar dregur verður hann 2-3 m á breidd og allt að 0,5 m á hæð. Svolítil dæld er með honum beggja vegna á þeim kafla sem liggur til NNA samsíða ásnum. Sú hlið (þ.e. austurhliðin) er um 220 m löng en verður mjög óskýr þar sem deiglendi eykst og norðausturhornið er næstum alveg ógreinilegt. Afar óljóst má sjá móta fyrir horninu og hægt er að rekja garðinn um 30 m til



Tóftir SÞ-220:056

vesturs út í mýrina áður en hann verður alveg ógreinilegur. Þessi hlið hefur þó verið um 100 m löng og sést það t.d. vel af loftmyndum Árna Einarssonar. Norðausturhornið í mýrinni er alveg sokkið og nyrstu 80 m af vesturhlið garðsins. Sú hlið verður fyrst greinileg um 80 m sunnan við þar sem hornið hefur verið, þar sem mýrinni er minna deig. Þar má greina garðinn á um 60 m kafla, að ásendanum. Garðurinn hefur án efa legið á ásbrúninni til suðurs í um 130 m þar sem suðvesturhorn hefur verið en þar er nú uppblástursskalli. Sá hluti er hins vegar illgreinanlegur nú. Innan gerðisins eru tvær sæmilega skýrar tóftir á sjálfum ásnum (A og B) og mögulega sú þriðja, mun óskýrari,



Tvær af tóftunum á SÞ-220:056. Á mynd til vinstri er tóft B og horft til norðausturs. Á mynd til hægri er tóft J, horft til austurs.

fast í ásrótum að austan (C). Tóft A er um 25 m norðvestan við norðvesturhorn B á háásendanum. Hún er hringlaga og 6 x 7 m stór (aðeins lengri norður-suður heldur en austur-vestur). Tóftin er vaxinn lágum lyngigróðri og hreindýramosa. Hæð veggja að innan er 0,2 m en að utan 0,2-0,3 m. Að innanmáli er tóftin um 1,5 m. Ekkert op er merkjanlegt á henni og hún er einföld. Tóft B er byggð austan í ásnum. Hún er 17-18 x 9 m stór og er skálalaga þannig að norðurendi hennar er um 3-4 m breiður og suðurendi um 5,5 m. Tóftin er einföld og op er norðarlega á austurvegg hennar. Í bakka ássins. Tóft C er lang óskýrust af tóftunum og er á flatlendinu fast austan við ásinn. Það virðist hægt að greina hana af loftmynd en af jörðu niðri er hún fremur óskýr. Þó má sjá 7 x 7 m stóran hring á flatanum og er veggjarhæð um 0,4 m en breidd um 2 m. Ekki er greinilegt op og virðist tóftin full af þýfi. Ekki er vitað hvaða hlutverki svæðið hefur gengt en það gæti hafa verið sel. Sunnar á holtinu má sjá móta fyrir nokkrum kolagröfum á loftmyndum Árna Einarssonar og eru þær skráðar undir þessu sama númeri. Kolagrafir



Tóftir SÞ-220:056 efst á myndinni til vinstri má sjá garðlagið liggja frá holtinu.
.Ljósmynd Árni Einarsson

má bæði sjá ofan á holtinu og í austur- og vesturhlíðum þess. Ekki virðist þó mega greina miklar fylkingar heldur bara stakar grafir hér og þar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir viðb. og ath.,9

SÞ-220:057 varða hlutverk óþekkt 65°38.584N 17°13.128V

Varða er skammt sunnan við Vatnshóla, rúmum 100 m norðaustan við tóft 033E og um 2,1 km austan við bæ 001. Varðan ber í toppinn á löngum mel sem liggur norður-suður á þessum slóðum, fast sunnan við Vatnshólana. Á hinum enda hólsins er önnur varða og smalabyrgi (sjá 077).


Melurinn er að mestu ber í toppinn. Þar sem varðan stendur syðst á uppblásna svæðinu og gróðurþekjan er um 10 m sunnar. Aðeins er gróið í kringum vörðuna. Varðan er að talsverðu leyti hrunin



Varða SÞ-220:058,
horft til norðvesturs

og talsverð steinadreif er úr henni til vesturs. Hún er um 0,8 m í þvermál og 0,3 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Brettingsstaðir viðb. og ath.,9

SÞ-220:058 *Brettingsstaðasel* bæjarstæði býli/sel 65°37.624N 17°10.319V
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712: "Brettingstada Sel kallast fornt eyðiból hver í landinu framarlega, og eru þar sýnilegar byggíngaleifar tóftarústa og þar umhverfis fornra girðínga eigi mjög víðra, því efast sumir um hvort þetta hafi bygt ból verið. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi." Sunnan túns Brettingsstaða, neðan brekkna: "Brettingsstaðasel, nú venjulega nefnt Hústóft, er á hæð sunnan og ofan við Móinn. Þar



Brettingsstaðasel SÞ-220:058

er gamalt býli, og sér fyrir túngirðingu í kring og niður í á beggja vegna. Beitarhús var þar fram yfir 1874 og stóð tóftin lítið röskuð fram um aldamót. Þessvegna breyttist örnefnið. Nú eru veggirnir blásnir burtu og rústin vallgróin...", segir í örnefnaskrá. "Brettingsstaðasel er sagnlaust fornbýli suður á dalnum. Garður [032], afar forn hefur legið frá Laxá norðan við selið, allt að Másvatni, og er sagt að rekja megi garðinn þaðan vestur til Skjálfandafljóts," segir í Lýsingu Þingeyjarsýslna I. Brettingsstaðasel er í stefnu beint vestur af miðbiki Hofstaðaeyjar í Laxá, 1,7 km suður af bæjarhól 001. Tóftirnar eru fast vestan við veginn sem liggur að Brettingsstöðum, um 100 m norðaustan við nyrðri sumarbústaðinn sem þar stendur. Brekka mót austri, gróin lyngi og kjarri. Lággróður mikill og rústir á kafi.

Alls sjást fjórar eða fimm tóftir á Brettingsstaðaseli og ekki ósennilegt að þær séu fleiri, en gróður er mjög mikill á svæðinu og gerir tóftaleit býsna erfiða. Stór og mikill garður liggur auk þess vestan við tóftirnar og sveigir niður með suðurhluta svæðisins. Hann hefur að öllum líkindum tengst merkjagarði 032 nyrst þótt ekki hafi tekist að rekja þá saman sökum skógarþykknis. Alls er rústasvæðið um 470 x 140 m stórt frá norðri til suðurs. Beitarhúsatóftin (A) er mjög greinileg og sést vel frá veginum, vestan hans. Þar hefst lýsingin. Tóftin er stæðileg og sinuvaxin en vesturendi hennar er að fara á kaf í hríslur og kjarr. Hún skiptist í aðalatriðum í þrjú hólf og er alls um 12 x 10 m stór frá norðri til suðurs. Í norðurhlutanum eru tvö hér um bil jafnstór hólf en milli þeirra er breiður bálkur frá austri til vesturs sem er lægri en útveggirnir, líklega garði þótt útlit tóftarinnar sé fremur óvenjulegt fyrir garðahús - enda liggur garðinn þá þvert yfir tóftina en ekki eftir henni langsum, eins og er algengast. Dyr eru á austurhólfi að austan en á vestara hólfinu eru líklega dyr hjá norðvesturhorni. Sunnan til í tóftinni er stórt, einfalt hólf frá austri til vesturs, um 12 x 5 m stórt, opið í austurátt og syðri útveggur er siginn og óverulegur, hefur sennilega verið torfhlaðinn en grjót sést annars víða í innveggjum sem eru allt að 0,6 m háir. Að lokum er engu líkara en eitt hólfið enn hafi verið sambyggt tóftinni að vestan en þar gengur veggur út í krók, fyrst um 2 m til vesturs en sveigir þá í suðurátt. Hleðslan hverfur í þykkt og hátt skógarkjarr og ekki ljóst hvort hún heldur áfram. Sléttur kantur, væntanlega upphlaðinn, er beint framundan tóftinni, þ.e. Austan við hana, og mjög slétt, sinuvaxið svæði er norðan við austurendann, líklega manngert. Þá er komið að tóft B. Hún er 10-15 m suðaustan við beitarhúsatóft A. Þetta er mjög fornleg og viði vaxin þúst, 6 x 6 m stór og snýr N-S. Op er í norðurátt, veggir mjög þykkir og allt að 0,7 m háir. Ef vel er að gáð sést sinuvaxin dokk í framhaldinu, milli tófta A og B

og ekki óhugsandi að þar sé komið framhald af tóftinni, en þá er það mun óljósara og fornlegra en hitt hólfið. Ekki er hægt að vera alveg viss um þetta, einungis bent á þann möguleika að tóft B gæti hafa verið lengri, þá jafnvel allt að 20 m. Tóft C er 20-30 m norðaustur og niður af beitarhúsum A en hún er mjög óljós, bein og grasi vaxin skora, 6-7 m löng frá NV-SA en varla hægt að segja að greinilegir veggir séu í kring.



Tóft SÞ-220:058 A, horft t til austurs

Á loftmynd virðist sem garður liggi í sveig frá NA horni tóftar A og í átt að þessari tóft en hann er ekki glöggur á vettvangi. Fjórða hugsanlega rústin, D, er uppi á flötu holti hátt í 40 m vestur af tóft A. Þar sést bein skora frá austri til vesturs sem nær fram á brún holtsins, um 8 m löng en breikkar í vesturenda og sveigir örlítið í norðvestur. Ekki mótar greinilega fyrir veggjum og hugsanlegt að hér sé komin niðurgrafin rás en ekki leifar af byggingu. Að lokum liggur mikill garður út og suður ofan við Brettingsstaðasel. Garðurinn er víðast hvar 3-4 m breiður og mest um 0,6 m hár, algróinn lyngi. Að norðanverðu birtist hann sunnan við þykkt birkikjarr rúma 200 m NV af tóft A. Ekki var unnt að rekja hann saman við garðlag 032 en af legu að dæma er þó mjög líklegt að tengsl hafi verið á milli garðanna tveggja. Garðinn er hægt að rekja um 50 m til suðvesturs þar sem skógarþykkni sleppir en eftir það breytir hann um stefnu og liggur nær beint í suður rúma 30 m til viðbótar. Þar hverfur hann í þykkt birkikjarr á rúmlega 40 m kafla en birtist þá að nýju og er rekjanlegur allt að sumarbústað sem stendur um 80 m suðvestur af tóft A. Bústaðurinn hefur bókstaflega verið reistur ofan á garðinum og meira að segja hefur rotþró verið grafin í gegnum hann. Hann hefur því verið skemmdur á um 35-40 m löngu bili. Aftur birtist garðurinn en eftir 100 m til

viðbótar er einkennileg þúst við hann innanverðan. Þetta gæti verið tóft og fær því hér auðkennið E. Þústin er alls um 20 m löng og 5-6 m breið frá norðri til suðurs en ekkert lag á henni og gæti stafað af því að garðurinn hafi runnið í sundur eða honum jafnvel verið raskað fyrir löngu síðan. Frá þúst E liggur garður beint í austur niður smáhalla en hann er af allt öðru tagi en stóri garðurinn, mun lægri og minni um sig: Um 1-2 m breiður og 0,4 m hár. Hann sést á um 30 m löngum kafla, næstum að veginum sem liggur inn að Brettingsstöðum en ekki tókst að rekja hann neðan vegarins, en þar er lággróður og kjarr í miklum vexti. Stóri garðurinn sveigir hins vegar niður brekkuna um 30 m sunnan við þennan litla garð en er þar mjög óljós og siginn. Sama gildir um hann, að ekki tókst að rekja hann neðan vegar sökum gróðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM XI, 207; LÞ I, 282

SÞ-220:059 tóft+garðlag býli 65°39.290N 17°11.540V

"Bæjarstæði, vestan á Gunnuvörðuási, sunnan við Gunnuvörðu [051]. Sér þar fyrir stórri girðingu og tóftum, sömuleiðis gömlum, grónum götum til suðausturs.", segir í örnefnaskrá. Önnur örnefni í kring eru: Bæjarás og Bæjarássund. Í Lýsingu



Rústirnar sem Jón Sigurgeirsson nefndi Holt, SÞ-220:059. Ljósmynd Árni Einarsson.

Þingeyjarsýslu segir: "Gunnvörðuholt og Gunnvörðumýri eru örnefni á heiðinni

norðvestur frá Brettingsstöðum. Vestan í ásnum sést marka fyrir fornum bæjartóttum og vallargarði, en hvorki fylgir sögn eða nafn. Sennilega er hér sá bær sem Reykdæla nefnir Holt [059] í Laxárdal. Svo lítur út sem bæði Holt og Mánahjalli [SÞ-218:006] hafi verið í byggð, þá Reykdæla var rituð á 13. öld." Í grein Sigurðar Þórarinssonar í Árbók Fornleifafélagsins 1976 segir: "Í ágústlok 1974 athuguðum við Jón [Sigurgeirsson frá Helluvaði] rústir alveg uppi á háheiðinni norðvestur af Brettingsstöðum í Laxárdal í um 310 m hæð yfir sjó.-...Rústirnar eru rétt við breitt mýrarsund, sem er það blautt, að það hefur ekki verið skógi vaxið á landnámsöld, og engu líkara en að sá sem þarna byggði hafi viljað hafa býli sitt á mörkum skógar og skógarvana lands.1974:"Jón Sigurgeirsson, sem gert hefur fyrir mig lauslegan uppdrátt af þessum og fleiri tóttum, benti mér a að þetta væri líklega sá bær Holt, sem getið er um í Reykdælasögu og enginn veit önnur deili á. ... Þarna eru miklar tóttir, langhúsalegar, um 20 m á lengd, smiðja þar nærri, með miklu af koli í, og garðlög, bæði í mýrinni og á þurrlendinu, sem umlykja á að giska 14 ha. Svæði. ... Auðsætt er að rústirnar eru miklu eldri en lagið "a" frá um 1470. Efst í eða rétt ofan á þeirri mold sem virðist eitthvað hreyfð, er vottur af ljósu lagi, og er það líklegast H 1104, því Ö 1362 hefi ég aldrei fundið á þessum slóðum. Sé svo bendir það til þess að býli þetta hafi farið í eyði eitthvað nálægt 1100, að því tilskyldu að mold sé raunverulega hreyfð alveg upp að því lagi, því sé svo ekki, getur býlið hafa farið alllöngu fyrr í eyði. Í smiðjutótt norðaustur af bæjarrústunum var kol í gólfskán og tekið sýni af því til C14 aldursákvörðunar í Stokkhólmi. Reyndist geislakolsaldurinn (S 5292) vera 855 eða 832 e. Kr. +- 100 ár." Holt er sunnan við Gunnuvörðu 051 og austan við Gunnuvörðumýri. Það er rúmlega 1,5 km norðvestur af Brettingsstöðum 001.

Móaholt en því hallar skarpt til vesturs og þar tekur við víðáttumikil, slétt mýri. Innan garðs er móaholt að mestu leyti en vesturhlið garðsins liggur þó úti í mýrinni. Áberandi lægðardrag klýfur suðvesturhorn svæðisins í tvennt, liggur um það frá norðvestri til suðurs.

Rústasvæðið er óvenjulegt, bæði stærð þess svæðis sem er afmarkað með garði og dreifing rústanna, en þær eru flestar í hnapp syðst á svæðinu. Alls umlykur garðurinn svæði sem er um 430 m langt norður-suður, um 230 m breitt syðst en mjókkar til norðurs og er þar um 115 m breitt. Því er svæðið trapisulaga. Alls fundust 11 rústir innangarðs auk nokkurra þústa og dælda sem gætu einnig verið mannvirkjaleifar. Garðurinn er verst farinn á norðurhlið, er þar blásinn og rofinn og sést á einum stað grjóthrúga í garðstæðinu sem jarðvegur hefur blásið ofan af og gæti verið eldri en

garðurinn. Að austan og sunnan er garðurinn veglegur og vel varðveittur, 3-4 m breiður og jarðlægur, 0,5 m hár eða þar um bil víðast hvar. Vesturhliðin er frábrugðin í útliti en hún er öll úti í mýrarjaðrinum vestan við holtið. Þar er garðurinn heillegur og lítið sem ekkert siginn og læðist að manni sá grunur að hann kunni að hafa verið endurbyggður þótt ástæða þess sé alls ekki augljós. En þá að rústunum. Lýsingin á þeim hefst hér syðst og vestast. Rúst A er þar, skammt innan við suðurhlið túngarðs. Hún er fornleg, 7 x 7 m stór, nánast hringlaga, op snýr í suður. Veggir eru lyngivaxnir, um 0,6 m háir sé staðið innan veggja. Tæpum 20 m NNV við A er smádæld, hugsanlega rústaleifar en þó of óljós til að hægt sé að slá því föstu. 50 m norðan við þessa dæld er



Holt SÞ-220:059

einkennilega regluleg rás sem snýr austur-vestur og hægt er að rekja á rúmlega 20 m löngum kafla. Hún gæti verði manngerð. Tóft B er 110 m norðar en A, á suðurbakka aflangs lautardrags. Hún er skýrari á loftmynd en jörðu niðri en sýnist 6 x 4 m stór og snýr norðurs-suður. Stór fuglaþúfa er á norðurenda en hún er nú rofin og liggja holur undir hana, hugsanlega greni. Mögulega hefur verið annað hólf áfast tóft að austanverðu en það er rofið. Á tveimur stöðum vestan við tóftina eru þústir, hugsanlega náttúrlegar en mannvistarleifar gætu þó leynst í þeim (merktar þúst a og þúst b).



Tóftir á Holti SÞ-220:059. Á mynd til vinstri er vesturhlið garðs og horft til norðurs. Á mynd til hægri er tóft C, horft til vesturs

Tóft C er nokkuð sér á parti. Hún er í jaðri mýrarinnar, stæðileg líkt og garðurinn sem þar er, alls 5,5 x 4,5 m stór, snýr norður-suður og blaut í botni. Veggir eru 0,5 m háir og minna aflagaðir en í hinum rústunum á svæðinu. Rof er bæði á norðvesturhorni og suðausturhorni og gætu hafa verið dyr á öðrum hvorum staðnum. Sigurður Þórarinsson giskaði á að þessi tóft væri af brunnhúsi. Tóft E er í námunda við norðausturhorn garðs og er klárlega ekki sýnd á uppdrætti Sigurðar. Hún er um 220 m norðan við meginrústasvæðið og því sér á parti. Hún snýr austur-vestur og er alls um 8 x 5 m stór, virðist tvískipt. Vesturhólfið er minna en bæði snúa þau með op í suðurátt. Veggir eru signir eins og á flestum öðrum rústum á svæðinu. Veggir eru mest um 0,4 m háir. Tóft F er austarlega á þéttasta tóftasvæðinu, 30-40 m innan við austurhlið garðs. Veggir eru óljósir en innra byrði mjög skýrt. Hún er býsna slétt í botni en þar vex kjarr að hluta. Hún snýr austur-vestur og er um 16 x 6 m stór. Op eða rof eru á tveimur stöðum á suðurlangvegg. Áfast hólf er við hana að sunnanverðu um 8 x 5 m stórt en það er mjög óljóst. 20-30 m NNA við þessa tóft er gróin hola, líklega kolagröf, um 1 m í þvermál. Tóft G er um 30 m norðvestar en F, allskýr og um 10 x 6 m stór og snýr norður-suður. Suðurgaflinn er óskýrasti hluti tóftarinnar. Hæð innan veggja er um 0,6 m en

ytra byrði ógreinilegt. Greinilegt rof í vesturvegg gæti verið gamall skurður frá Sigurði Þórarinssyni og Jóni Sigurgeirssyni frekar en dyr. Hann nær í gegnum um helming af hæð veggjarins. Vel er hugsanlegt að stærra hólf hafi verið áfast þessari tóft að vestan, þá samhliða og allt að 16 m langt. Skora sést eftir endilöngu en veggir eru ógreinilegir. Tóft D er að líkindum sú veglegasta á svæðinu, væntanlega sú sem Jón og Sigurður kalla bæjartóft og kolasalli fannst í. Hún er um miðbik svæðisins, um 60 m suðvestur af tóft G. Hún snýr norður-suður og er um 16 x 6-7 m stór, þ.e. Aðalhluti hennar. Sennilega hafa hólf verið sambyggð henni bæði að suðvestan og norðvestan, í það minnsta sjást dældir á báðum stöðum þótt ekki marki skýrt fyrir veggjum. Sú nyrðri er um 5 x 2 m stór og snýr norður-suður en sú syðri um 6 x 4 m og snýr eins. Áberandi hundaþúfa er á barmi syðra hólfsins og suðaustan við hana er hugsanlegt að hafi verði eitt hófið til. Þetta er þá væntanlega sú tóft sem þeir félagar grófu í og fundu kolasalla í gólfi undir ljósu gjóskulagi sem Sigurður taldi að væri frá 1104. Tóft H er tæpa 20 m austur af G. Hún er viði vaxin líkt og hinar, um 8 x 7 m stór, snýr austur-vestur og op er á henni austast á suðurhlið. Sennilega hafa verið tvö hólf í henni, það austara stærra eða um 5 m í þvermál en vestan við það markar óljóst fyrir aflöngu hólfi sem er um 3 x 1 m að innanmáli norður-suður - ekki sjást op á því og ekki op á milli hólfa heldur. Tóft I er um 20 m ASA af H. Hún er um 10 x 9 m stór, snýr norður-suður og virðist tvískipt. Hólfin eru samhliða og liggja frá austri til vesturs en eru ekki regluleg. Opið er á milli þeirra en ekki sjást op á útveggjum. J eru sennilega leifar af mannvirki 30-40 m beint suður af meintri bæjartóft D, 10 x 2 m löng dæld sem snýr austur-vestur en veggir ekki greinilegir. Dýpt skorunnar er um 0,6 m. K er dæld þar beint norðan við, um 5 x 4 m stór og snýr norður-suður en fjarar út til vesturs. Engir veggir eru greinilegir hér heldur. Allt þetta svæði sem hér hefur verið lýst er geysilega þýft og sumar rústirnar mjög ógreinilegar. Því er ekki ósennilegt að fleiri mannvirkjaleifar kunni að leynast á staðnum. Að lokum ber að geta þess að norðurhlið garðlagsins, sem afmarkar svæðið til norðurs, liggur áfram í austurátt allt þar til halla fer niður af heiðinni og var hann rakinn tæpa 200 m í þá áttina en varð þá ógreinilegur og fjaraði út. Ekki er óhugsandi að hann hafi tengst óljósum garðspotta sem virðist liggja upp hlíðina frá bogadregnum garði 036. Raunar er allt eins líklegt að þessi garður, allt að Gunnuvörðumýri, sé eldri en túngarðurinn en hann hafi svo verið reistur út frá þessum langa, mikla garði. Op er á garðinum skammt frá norðausturhorni rústasvæðisins

Hættumat: engin hætta

Heimildir: LÞ I. Ö-Brettingsstaðir,11; LÞ I, 282-3, SÞ:"Gjóskulög og gamlar rústir. "Árbók 1976, 25-26

SÞ-220:060 *Gamligarður* garðlag túngarður 65°38.608N 17°10.460V
Túngarður er vel varðveittur um Brettingsstaðatún að sunnan og vestan. Hann virðist reistur á leifum fornlegs og sigins garðs sem heldur áfram til norðurs þar sem túngarði sleppir. Sá garður hefur verið kallaður Gamligarður: "Gamligarður er framhald af túngarðinum norður, neðan við Stallinn, niður yfir Messuholt og niður í Laxá, rétt norðan við Dimmhelli. Nú nær túngirðingin ekki svo langt norður," segir í örnefnaskrá. Hér er Gamligarður skráður ásamt yngri túngarði sem hvílir á undirstöðum hans að hluta.
Túnið er að mestu þokkalega slétt en þó smáþýft og sinuvaxið. Því tekur að halla upp til heiðarinnar skammt ofan bæjar og túngarðurinn er í hallanum. Hraunrönd er næst Laxá. Garðurinn á upptök syðst og austast við Laxá. Hann er þar úr hraungrýti, stæðilegur og vel hlaðinn, rúmlega 1 m hár. Um 10 m vestan við Laxá er rétt sambyggð honum utanverðum, sjá 031. Þar sem henni sleppir verður garðurinn lítilfjörlegur allt upp að núverandi heimreið inn í túnið, en fast neðan eða austan hana er önnur og unglegri rétt sambyggð honum (sjá 018). Það er ljóst að garðurinn hefur ekki þjónað hlutverki sínu vel milli rétta 018 og 031 á búsetuskeiði og líklegt að girðing hafi tekið við hlutverki hans á 20. öld. Girðingaslitur og undirstöður sjást víða 20-30 m sunnan garðs - jafnvel er mögulegt að grjót hafi verið fjarlægt úr honum og verið notað í yngri réttina, 018. Ofan við heimkeyrslu verður garðurinn stæðilegur að nýju, er hér að mestu úr torfi og grjóti. Grillir oft í grjótið að utanverðu og á köflum sést stallur utan á garðinum. Upp með suðurhliðinni er garðurinn víða allt að 1,5 m hár.Girt hefur verið út fyrir hann í horn suðvestast á 20. öld en mikill fjalldrapi er í



Suðurhlið Gamlagarðs SÞ-220:061, horft til vesturs

þeim túnparti. Í suðvesturhorni breikkar garðurinn mjög mikið, allt upp í 3-4 m og rennur þar saman við Samföstuhús 008. Á þessu svæði er hann ekkert nema þýfi. Hann liggur í sveig upp fyrir Samföstuhús 008 og áfram til norðurs meðfram vesturhlið túnsins og er víða mjög veglegur, slagar hátt í 1,8 m, gróinn víðast hvar en greinilega hlaðinn úr torfi og grjóti.

Örlítið ofar en beint ofan við bæjarhús er rof í honum og hlykkjóttur farvegur liggur gegnum garðinn, má vera að hér hafi vatni verið veitt heim að bænum 001. Tæpa 60 m norður af henni liggur garðurinn ofan í um 10 m breiða dæld og breytist mikið eftir að henni sleppir, er þar fornlegur siginn og lyngivaxinn og hefur sýnilega ekki verið haldið við þar á 20. öld eins og því sem áður hefur verið lýst. Hann er víða 5-6 m breiður og neðri brún er greinilegri en sú efri. Garðinn má rekja alls tæpa 600 m til viðbótar, fyrst í norður en síðan sveigir hann lítillega meira í norðvestur. Þá hverfur hann í brekkunni en neðar í henni má finna garðbút sem liggur til austurs, í átt að Laxá. Þann bút var unnt að rekja um 180 m til austurs en þá tekur hraun við að Laxá og engar garðleifar fundust í því.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Brettingsstaðir, 9

SÞ-220:061 gerði kartöflugarður 65°38.620N 17°10.182V

Kálgarður er um 110 m austan við bæ 001 og fast sunnan við hesthús 004. Kálgarðurinn er byggður í halla til suðurs á sama hrygg og bærinn 001, kirkjugarður 002 og fleiri hús sem eru um miðbik túnsins. Sunnar er þýfður túnflati, norðar brekka og hryggur á kafi í órækt.



Kálgarður SÞ-220:061, horft til austurs

Kálgarðurinn er 18 x 7 m stór og snýr austur-vestur. Suðurveggur hans er alveg skýr og eins syðsti hluti austurhliðar (um 7 m). Aðrir veggir eru óskýrari. Aðeins sjást syðstu 2 m af vesturveggnum og ekki er

greinileg norðurhlið gerðisins. Veggir kálgarðsins eru grónir en á stöku stað sér í grjóthleðslu. Talsvert rof er í garðinum í suðurhliðinni að utanverðu. Kálgarðurinn er 18 x 7 m stór og snýr austur-vestur. Suðurveggur hans er alveg skýr og eins syðsti hluti austurhliðar (um 7 m). Aðrir veggir eru óskýrari. Aðeins sjást syðstu 2 m af vesturveggnum og ekki er greinileg norðurhlið gerðisins. Veggir kálgarðsins eru grónir en á stöku stað sér í grjóthleðslu. Talsvert rof er í garðinum í suðurhliðinni að utanverðu. Í norðausturhorni gerðisins hefur verið byggður lítill kofi. Samkvæmt Ásgeiri Stefánssyni var hann byggður fyrir um strák sem hafði það starf að reka kindur úr túninu nokkur sumur. Kofinn er mjög ógreinilegur. Hann er um 3 x 2 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er gróin og 0,2 m á hæð. Op hefur líklega verið á miðjum suðurvegg en það er nú óskýrt.

Kálgarður SÞ-220:061

Hættumat: hætta, vegna rofs

SÞ-220:062 mannvirki brú 65°38.392N 17°09.921V



Brú SÞ-220:062 horft til austurs

"Árið 1908 var byggð vegleg gripabrú á Laxá við Brettingsstaði..." segir í Laxármálum. Brúin var raunar byggð árið 1902 samkvæmt Jóni Benediktssyni. Brúin sem um ræðir var á sama stað og göngubrú og reiðbrú er

nú (2011). Brúin er um 500 m suðaustan við bæ 001. Umhverfis er hraunlendi, gróið lyngi og grasi, við Laxá. Bílslóði liggur þvert yfir hraunið á svipuðum slóðum og í átt að á.

Upphaflegu undirstöðurnar voru tré samkvæmt Jóni Benediktssyni en 1932 (-fremur en 1931) var hún endurbyggð með burðarbitum úr stáli. Nýtt gólf var sett í hana um 2006. Talsverð hleðsla er að brúnni beggja vegna ár. Hún er um 30 m löng vestan við á og norðurbrún hennar er nærri því 5 m há næst ánni, þar sem hún er hæst. Hleðslan er um 2 m á breidd. Austan við brúnna er hleðslan um 4 m löng, 2 m á breidd. Sjálf brúin er timburbrú, um 2 m á breidd, með steinsteypta stólpa og járngrind, 15 m löng.**Hættumat:** engin hætta

SÞ-220:063 tóft kvíar 65°38.560N 17°10.422V

Tóft sem mjög líklega er af kvíum er sambyggð túngarði 060 í krika nyrst og austast í Syðra-Flagi, rúma 100 m VSV af bæjarhól 001. Smáþýfður halli mót austri.

Túngarðurinn þjónar sem vesturhlið tóftar og garðlag 012 sem norðurhlið. Tóftin lætur lítið yfir sér, veggir eru lágreistir og varla nema 0,4 m háir. Hún er alls 10 x 5 m stór frá norðri til suðurs en ekki ljóst hvar rekið hefur verið inn. Hún er tvískipt en lögun hólfa er óljós og veggir mjög úr lagi gengnir víða, þar sem rof virðist hafa komist í þá og þeir síðan gróið upp aftur. Veggir virðast hlaðnir úr torfi eingöngu. Hugsanlega hafa kvíarnar verið hafðar hér vegna jarðarbóta í Syðra-Flagi, þ.e. áburðar, enda virðist vatni líka hafa verið veitt á svæðið, samanber skurð 065.



Kvíar SÞ-220:063, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:064 renna áveita 63°38.618N 17°10.310V



Renna SÞ-220:064, horft til norðvesturs

Vatni hefur verið veitt úr lækjarsprænu norðan við heimatúnin á Brettingsstöðum og til SSA inn heimatúnið, suður að bæ og þar í gegnum brunnhús 019. Þaðan liggur svo rennan austur túnin og endar svo nálægt hól þar sem mikið malarnám hefur verið á síðustu áratugum. Rennan liggur bæði um lyngivaxna haga og heimatún (sem nú eru þýfð) í halla til austurs.

Rennan er misgreinileg. Á köflum er hún fremur bein og greinileg en annars staðar fremur óskýr og jafnvel hlykkjótt. Hún er víða 0,3-0,4 m djúp en 0,4 m á breidd. Garður eða uppkast er við hana á köflum og mjög lítill halli er á henni víða. Fleiri vatnsrásir eru í túninu og hefur líklega verið erfitt um vatn á þessum slóðum. Rennan sést á 350-400 m kafla.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:065 renna áveita 65°38.559N 17°10.461V

Ofan við túngarð 060, um 130 m VSV af bæjarhól 001, sést niðurgrafin renna en mikið uppgróin upp eftir brekkunni. Lyngmóabrekka sem hallar mót austri.

Skurður hefur verið grafinn beint niður brekkuna og má auðveldlega rekja hann upp á brún og sjálfsagt enn lengra. Hann er um 0,4-0,5 m breiður, 0,5 m djúpur austast en dýpkar ofar í brekkunni og þar rennur í honum vatn. Hann var rakinn rúma 120 m upp fyrir túngarð 060 og hefur þar tekið á sig smáhlykk á brúninni. Erfitt er að dæma um aldur skurðarins en hann er á kafi í lyngi og fjalldrapa. Líklega er þetta vatnsveitingaskurður og giska má á að vatni hafi verið veitt á Syðra-Flag til ræktunar, en það er efsti hluti túnsins á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:066 þúst hlutverk óþekkt 65°38.628N 17°10.249V


Um 70 m neðan (austan) við bæ 001 og aðeins utar (norðar) er afar óljós þúst sem sést sæmilega á loftmynd Árna Einarssonar af svæðinu. Þústin er um 50 m sunnan við Lambhús 005. Þústin er nyrst á náttúrulegum hrygg í túninu sem liggur austur-vestur



Þúst SÞ-220:066. Þústin sést óljóst fyrir miðju á ljósmynd, horft til NNV

eftir endilöngu túninu um miðbik þess, austast á Flatanum.

Þústin er mjög sigin og fornleg og af loftmynd að dæmi er hugsanlegt að hér hafi verið skálalaga bygging. Af jörðu niðri virðist þústin þó heldur breið en í raun er erfitt að dæma um breidd veggja þar sem ytri brún þeirra er ógreinileg, hrunin og hlaupin í þúfur. Gróflega áætlað má giska á að þústin sé 27 x 9 m stór og hún snýr norður-suður. Ekki er hægt að sjá að henni hafi verið skipt upp og engar grjóthleðslur eru greinilegar. Norðurveggur tóftar er ógreinilegur. Ekki er hægt að sjá op á henni.



Þrívíddarlíkan af tóft SÞ-220:066. Árni Einarsson

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:067 tóftir hlutverk óþekkt 65°38.681N 17°10.518V

Tvær fornlegar tóftir eru uppi á flötu lyngholti tæpa 200 m norðvestan við bæjarhól 001við tún á Brettingsstöðum. Sú greinilegri er um 10 m neðan við túngarð 060, en á þessum stað er hann orðinn fornlegur og siginn. Lyngholt. Þar vex fjalldrapi og einir. Mjög gott útsýni til suðurs og austurs en hæð byrgir sýn til norðurs.



Tóft SÞ-220:067. Á ljósmynd er horft til austurs

Nyrðri tóftin (A), sem er greinilegri, er mjög sokkin og fornleg, um 10 x 5-6 m stór frá austri til vesturs. Innra byrði er ógreinilegt en hún gæti þó mögulega hafa verið tvískipt, meira dýpi er í vesturenda en þeim eystri. Dyr sjást ekki og veggir eru algrónir lyngi, útflattir, mest um 0,2 m á hæð. Hin tóftin (B) er mjög ógreinileg, um 5-6 m sunnar. Þar sést lítið móta fyrir veggjum en greinileg er grunn dæld sem er um 4 x 1 m stór ASA-VNV.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:068 þúst útihús 65°38.627N 17°10.209V

Aflöng dokk eða þúst er 2 m ofan (vestan) við hesthús 004. Þústin er á sama hrygg í túninu og er tæpum 100 m austan við bæ 001. Þústin er neðarlega (austarlega) á náttúrulegum hrygg í túninu sem snýr austur-vestur eftir endilöngu túninu um miðbik þess. Fast sunnan við hesthúsið 004 hallar brekkunni til suðurs en meira aflíðandi svæði er í aðrar áttir.

Þústin er sigin og fornlegri en margar af tóftunum í heimatúninu. Hún er all sérkennileg og virðist niðurgrafin. Tóftin er 15 x 8 m stór og snýr norður-suður. Hún er einföld og algróin og op kann að hafa verið á norðurvegg. Veggir eru 2-3 m á breidd en eru eins og áður segir óljósir. Erfitt er að greina ytri brún veggja, sérstaklega að austan og sunnanverðu. Innra byrði veggja er greinilegt og vegghæð frá tóftarbotni er um 0,5 m. Fast sunnan við suðurvegg þústar er rennislétt, fagurgrænt svæði sem liggur svo til vesturs og mjókkar eftir því sem vestar dregur.



Þúst SÞ-220:068, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:069 garðlag hlutverk óþekkt 65°38.928N 17°10.315V

Leifar af gömlum grjótgarði sjást liggja til VSV frá norðurenda Halds 016 en garðurinn tengist því þó ekki. Lyngivaxið hraun, tiltölulega greiðfært hér, enda liggur reiðleið sem nú er notuð gegnum garðinn.



Garðlag SÞ-220:069, horft til austurs

Garðurinn er ekkert annað en bein röð af hraungrýtishnullungum sem liggja þvert yfir lægð í hrauninu, hér um bil frá austri til vesturs. Þeir eru býsna mosagrónir og sokknir í lyng og hleðslan nær örugglega eldri en aðhaldið. Garðurinn sést á 10-15 m löngum kafla, milli hraunhóls að vestan og hraunkamps þess sem Haldið er undir að austan.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:070 varða hlutverk óþekkt 65°38.205N 17°13.259V

Alveg hrunin varða er á bakka Másvatns um 2,5 km VSV við bæ 001 en tæpum 500 m norðvestan við beitarhús 039. Í kring er kjarrivaxinn, flatur mói. Varðan er alveg á vatnsbakka Másvatns og vestan hennar er um 1m há, þverhnípt brekka niður að vatninu. Kindastígur er á vatnsbakkanum og liggur framhjá vörðunni.



Varða SÞ-220:070, horft til norðvesturs

Vörðubrotið er um 0,8 x 0,5 m stórt og snýr norður-suður. Í því sjást 5-6 steinar. Það er 0,1-0,2 m á hæð og varðan er mjög gróin og steinar skófum vaxnir. Ekki er vitað hvaða hlutverki varðan hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:071 gryfja kolagröf 65°39.514N 17°11.375V

Kolagrafir eru nyrst í Brettingsstaðalandi, skammt austur af Gunnvörðu 051. Sléttur lyngmói.

Gengið var fram á þrjár grafir á svæðinu en vel er hugsanlegt að fleiri leynist í móanum í kring. Sú syðsta (A) er um 130 m suðaustur af vörðunni. Hún er rúmlega 1 m í þvermál og um 50 cm djúp, ekki mjög regluleg í laginu. Fjalldrapi vex í henni, einkum norðan til. Um 160 m norðar er gröf B,í sama móa. Hún er einnig um 1 m í




Kolagröf SÞ220:071, horft til austurs

þvermál en grynnri (um 0,3 m) og með sléttari botni. Þriðja gröfin, C, er um 30 m suður af vörðunni. Hún er óvenju stór, hátt í 2 m í þvermál og 0,3-0,5 m djúp, gróin í botni.
Hættumat: engin hætta

SÞ-220:072 gata leið 65°37.393N 17°11.701V

Götur hafa legið úr NNA til SSV að holtinu þar sem rústir og garðlög 056 eru. Göturnarsjást vel á loftmynd Árna Einarssonar en eru ekki ýkja greinilegar á jörðu niðri. Þær hafa þó legið í lág sem snýr NNA-SSV og legið alveg að holtinu. Ekki er ljóst á hvaða leið þær eru enda eru talsverðar mýrar norðvestan við holtið og göturnar alveg ógreinilegar þar. Suðvestan við holtið skiptast á mýrar og holt en gatan var ekki rakin lengra til suðvesturs. Göturnar liggja í lyngivaxinni lág.



Götur SÞ-220:072, göturnar sjást í láginni, og liggja að holti 056. Ljósmynd Árni Einarsson

Göturnar eru vel greinilegar af loftmynd sem Árni Einarsson tók af staðnum. Þær eru ekki sérstaklega greinilegar á jörðu niðri. Þær liggja NNV-SSA og liggja að ásendanum þar sem tóftirnar eru,
Hættumat: engin hætta

SÞ-220:073 gryfja kolagröf 65°38.735N 17°12.125V

Víða sjást kolagrafir fast við götu 003, sem lá til vesturs frá Brettingsstöðum og allt í Máskot. Vel gróinn lyngmói með kjarri hér og þar.

Kolagrafirnar eru á svæði sem er um 750 x 150 m stórt. Austasta kolagröfin (A) er nákvæmlega 1 km suðvestur af suðvesturhlið garðlags utan um rústir sem hafa verið nefndar Holt, sjá 059. Hún er óvenju stór og vegleg, um 3 x 2 m stór, snýr norður-suður og er um 0,6 m djúp, vel gróin. Þessi gröf er fast norðan við götuna. Gröf B er um 50 m

vestar, einnig fast við götuna. Hún er heldur minni um sig eða um 2 m í þvermál og um 0,5 m djúp, með mjög skörpum og greinilegum brúnum. Um 260 m vestar er gröf C, einnig um 2 m í þvermál, fast norðan við götuna. Gröf D er um 380 m vestar, enn norðan við götuna sem reyndar er orðin heldur óljósari á þessum slóðum. Hún er fremur lítil eða um 1 m í þvermál og um 0,4 m djúp. E er fast norðaustan við hana og af stærri gerðinni, hátt í 3 x 2 m að stærð, mjög greinileg og allt að 0,7 m djúp. Að lokum er kolagröf F tæpum 50 m vestnorðvestar, um 2 m í þvermál. Alls er svæði þetta þá um 750 x 150 m stórt frá austri til vesturs. Á hinn bóginn eru kolagrafir um allt á þessu svæði, sjá t.d. 053, 075, 082, 096.



Kolagröf SÞ-220:073 B, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:074 gata leið 65°37.251N 17°11.369V

Götur hafa legið norður-suður austan við holtið sem rústir og garðlög 056 eru á. Göturnar sjást vel á loftmynd Árna Einarssonar og þær má rekja á talsverðum kafla meðfram holtinu. Göturnar voru raktar á kafla austan í ásnum þar sem 056 eru. Þar eru þær utan í ásnum og allt umhverfis er kjarri vaxið.



Götur SÞ-220:074, horft til NNV

Þar sem göturnar eru greinilegastar má sjá 3-4 slóða samsíða meðfram holt/ásrótum. Líklega hafa þessar götur legið áfram til norðurs meðfram austurvegg gerðis 056 og svo áfram til NNA og þær gætu hafa sameinast Miðgötum 044 talsvert norðar. Því má gera ráð fyrir að göturnar hafi legið til norðausturs frá bæ og að svæðinu norðan við 056 eða

mögulega lengra til norðurs að Stöng eða Helluvaði og gætu þær verið sömu götur og eru skráðar í Helluvaðslandi undir þeim heitum.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:075 gryfja kolagröf 65°39.220N 17°12.889V

Klasi af kolagröfum er á heiðinni vestur af Holti 059. Sú kolagröf sem næst er Holti er um 900 m beint vestur af suðurenda Holts. Heiðlendi og lyngmóar, smákjarr á stöku stað.

Grafirnar eru á svæði sem er um 500 x 400 m stórt en þess ber að geta að þyrpingar af kolagröfum finnast þar mjög víða og varla



Ein kolagrafanna (SÞ-220:075), horft til norðvesturs



Kolagrafir SÞ-220:075.Grafirnar sjást sem dökkir dílar á myndinni. Ljósmynd Árni Einarsson.

hægt að skilja milli svæða með góðu móti, sjá t.d. 020, 053, 043 og 073. Kolagröf A er utan í litlu, lyngivöxnu holti nálægt suðvesturhorni Gunnvörðumýrar. Ofan við hana á holtinu er hundaþúfa. Gröfin er 1 x 1 m stór og um 0,4 m djúp. Gröf B er um 250 m norðvestar. Hún er heldur stærri, um 1,2 x 1,5 m á stærð. Um 350 m vestur af henni er stór kolagröf C, hátt í 3 m í þvermál með hvelfdum botni. Tæpum 100 m suðaustar er nokkuð dæmigerð gröf D sem er um 1 m í þvermál og að lokum tvær stórar kolagrafir 60-70 m sunnar. Sú nyrðri, E, er um 3 x 2 m stór og snýr norður-suður og um 0,6 m djúp en sú syðri, F, er heldur minni eða um 2 m í þvermál og um 0,5m djúp.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:076 varða hlutverk óþekkt 65°37.899N 17°11.086V



Vörðubrot SÞ-220:076, horft til norðausturs

Vörðubrot er á blásnum mel um 1,4 km suðvestan við bæ 001 og um 230 m norðan við þar sem merkjagarður 032 hefur legið yfir heiðina.

Varðan er austan í heiðartoppinum. Á milli þessa blásna áss og annars norðar sem er ennþá blásnari er gil sem gengur austur-vestur. Er á einum af hóltoppum melsins en sést ekki ofan úr dal. Varðan er á hóltoppi sem er gróinn og um 2 m í þvermál.

Í toppnum eru nokkrir steinar sem virðast úr hruninni vörðu. Þarna er einn stór steinn og nokkrir minni umhverfis og er hundaþúfa uppá. Samanlögð hæð er 0,3-0,4 m og eru mannvistarleifarnar um 0,8 m í þvermál.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SÞ-220:077 tóft smalakofi 65°33.616N 17°13.161V

Smalakofatóft, varða og steinalögn eru um 65 m norðan við 057 en 2,1 km vestan við bæ 001 á stórum ás sem er líklega Vatnshólaás.

Mannvirkin eru á ás sem snýr norður-suður og er ber í toppinn. Gróið er í kringum vörðu og smalakofa en steinlagnirnar eru á bersvæði. Á sama ás er varða 057.

Lítill og hruninn smalakofi, varða fast við hann og talsvert af steinaröðum þar sem



Á mynd til vinstri er varða og óljós smalakofi, horft til suðurs. Á mynd til hægri sjást raðir af smásteinum sem settar hafa verið saman við kofann, horft til suðvesturs

smásteinum hefur verið raðað upp í línur og hólf. Varðan er nyrst á svæðinu og er smalakofinn fast við hana. Varðan er enn stæðileg en skófum vaxin. Hún er 0,6 m á hæð en 1 m í þvermál. Hún mjókkar upp. Út frá vörðunni gengur um 1 m löng steinaröð til austurs. Hún er samansett úr litlum steinum (5 cm há) og einföld. Fast við vörðuna að sunnan virðist hafa verið smalakofi. Norðurhleðsla kofans markar suðurbrún vörðu. Smalakofinn er 1,6 x 1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Aðeins sést einföld hleðsla sem mer gróin lyngi og 0,1 m á hæð. Sunnan við þessi mannvirki eru svo talsverðar leifar mannvistar þó ekki rísi þær hátt upp úr melnum. Um einhvers konar steinsetningar/steinlagnir er að ræða og eru þær víða 10-15 m sunnan við vörðu og smalakofa en þó sjást óljósar leifar einnig til suðurs (þ.e. norður-suður) frá suðausturhorni smalakofa). Greinilegustu leifarnar eru röð steina sem er um 7 m löng og snýr austur-vestur. Út frá henni virðast hafa verið settir steinar sem mynda eins konar hólf við hana. Allt er þetta mjög smágert, úr einni röð af litlum steinvölum og er líklegast að ummerkin séu leifar dægrastyttingar smala.

Varða og smalakofi SÞ-220:077

Hættumat: hætta, vegna rofs

SÞ-220:078 varða hlutverk óþekkt 65°38.003N 17°11.188V

Varða er á stórum, blásnum mel 1,3-1,4 m SSV við bæ 001. Vörður eru í svipaðri hæð á stórum melum bæði sunnan og norðan. Nyrðri varðan 080 er um 180 m NNV við þá sem hér er skráð og sú syðri 076 um 210 m SSA. Hár og langur melur, ber í toppinn.



Varða SÞ-220:078, horft til norðausturs

Varðan er um 0,8 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Í henni sjást 2 umför af hleðslu. Varðan er grasi gróin. Við hliðina á vörðunni stendur járnstaur upp úr jörðinni. Gott útsýni er frá vörðunni að Hofstöðum, Helluvaði og fleiri bæjum. Eins má sjá heim að Hólkoti og að Másvatni en ekki sést heim að bæ að Brettingsstöðum. Vel má vera að varðan sé í stofninn til forn en henni hefur þá verið haldið við og gæti hafa verið e.k. mælipunktur þarna.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

SÞ-220:079 gryfja kolagröf 63°38.611N 17°10.592V



Kolagröf SÞ220:079, horft til vesturs

Rúmum 200 m vestan við bæ 001 er dæld í lyngivaxinni hlíð sem virðist manngerð og minnir mest á kolagröf. Lyngi- og kjarrivaxin fjallshlíð.

Gröfin er 1,8 x 1,2 m í þvermál og snýr norður-suður. Hún er 0,6 m á dýpt. Mikið kjarr- og lyng vex í bökkum hennar en svolítið af grasi og lyngi í botninum. Náttúrulegur steinn er í austurhlið hennar.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:080 varða hlutverk óþekkt 65°38.090N 17°11.295V

Fremur fornleg varða er um 180 m norðvestan við vörðu 078 og 390 m norðvestan við vörðu 076. Varðan er um 1,2 km suðvestan við bæ 001, rétt vestan við stórt flag sem liggur frá vörðunni og til ANA. Flag er ANA við vörðuna en annars er lyngivaxinn ás umhverfis.



Varða SÞ-220:080. Á ljósmynd til vinstri er horft til ASA.
Á ljósmynd til hægri er steinninn sem fannst í/við vörðu.

Varðan er sigin og skófum vaxin. Hún er um 1 m NNA-SSV en 0,6 m á hinn veginn og er svolítið tígullaga. Frá henni sést í Helluvað, Hofstaði og Másvatn en ekki niður í Laxárdal. Við vörðuna fundust tvö brot af hringlaga, flötum steini, mögulega steinsteyptum. Hann hefur verið um 28 cm í þvermál og 2-3 cm á þykkt. Brotin tvö mynda um 2/3 af upprunalegri stærð. Í miðju steinsins virðist hafa verið þrí-arma op og á báðum brotum eru áletrun. Á öðru er tölustafurinn 5 og upphaf af öðrum staf sem ekki hefur varðveist mikið af, á hinum er bókstafurinn E. Ekki er ljóst hvaða hlutverki steinninn gegndi eða í hvaða tilgangi hann var færður í vörðuna en mögulegt að þarna hafi verið mælipunktur.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SÞ-220:081 tóft hlutverk óþekkt 65°38.468N 17°13.179V

Einföld, sporöskjulaga tóft er um 60 m suðvestan við tóftir og garðlag 033. Hún er um 2,2 km vestan við bæ 001. Tóftin er á lyngi- og mosavöxnum ás. Skammt frá henni er drag sem liggur austur-vestur á milli ásanna og skammt vestan við fer land að lækka að Másvatni.



Tóft SÞ-220:081, á ljósmynd er horft til SSV

Skýrasti hluti tóftar er 6 x 6 m stór. Tóftin virðist einföld og mögulega hefur op verið syðst á vesturvegg. Tóftin er algróin. Fast sunnan við tóftina er mikill runnagróður en mögulegt er að þar hafi verið hólf/önnur tóft. Svæðið sem um er að ræða er í framhaldi af tóftinni til suðurs á um 4-5 m kafla. Austan við tóftina eru einnig óljós ummerki sem gætu verið mannvistarleifar. Þau eru 2 x 1 m að stærð og snúa norður-suður. Þar er reglulegt þýfi. Tóftin er ekki langt frá tóftum og túngarði 033 og ekki er ólíklegt að hún hafi verið byggð í tengslum við það sem þar fór fram.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:082 gryfja kolagröf 65°38.212N 17°11.323V



Kolagröf A (SÞ220:082), horft til SSV

Nokkrar kolagrafir eru á ás sem er tæpum 900 m ofan (suðvestan) við bæ 001. Aðrar grafir (sjá 053a-i) eru á næsta ási austan við (neðan við).

Ásinn er lyngivaxinn og flatur í toppinn. Mikið af kolagröfunum eru í jöðrum ássins. Samtals

fundust 6 kolagrafir á svæði sem er 400 x 70 m stórt og snýr NNV-SSA. Kolagröf A er sunnarlega á svæðinu, 50 m norðan við götu 042 og 25 m norðvestan við kolagröf B. Kolagröf A er um 1,5 m í þvermál og 0,3 m á dýpt. Hún er lyngivaxin. Kolagröf B er allra syðst grafanna og um 30 m norðan við götu 042. Hún er um 1,5 x 1 m stór og er 0,5 m á dýpt. Kolagröf C er 245 m norðvestan við kolagröf A. Hún er stór eða 3 m í þvermál og 0,5-0,6 m djúp. Kolagröf D er 65 m norðvestan við kolagröf C. Kolagröfin er um 2 m í þvermál og 0,6 m á dýpt. Kolagröf E er um 60 m norðvestan við kolagröf D. Hún er um 2 m í þvermál og 0,6-0,7 m á dýpt. Kolagröf F er um 70 m norðaustan við kolagröf E og er eiginlega "úr línu" við hinar kolagrafirnar. Hún er 1,2-1,5 m í þvermál og 0,3 m á dýpt. Kolagröfin er óskýrari en grafir A-E.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:083 gryfja kolagröf 65°38.187N 17°11.120V

Kolagröf um 10 m sunnan við Miðgötur 044 um 260 m suðaustan við þar sem hún greinist frá Húsgötum 042. Gröfin er um 650 m suðvestan við bæ 001. Sunnan við gröfina er dálítið gildrag. Lyngivaxið allt í kring.



Kolagröf SÞ-220:083, horft til austurs

Kolagröfin er um 2 m í þvermál (að innanmáli) með svolítinn kraga í kring, nálega hringlaga. Gröfin er 0,4-0,5 m á dýpt. Gröfin er lyngivaxin.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:084 gryfja kolagröf 65°38.340N 17°10.851V



Kolagröf SÞ-220:084, horft til NNA

Um 640 m suðvestan við bæ 001 er stök kolagröf, fast vestan við götu 044. Lyngivaxinn hlíð er umhverfis.

Kolagröfin er stök. Hún er um 1,5 m í þvermál og 0,8 m djúpt. Í kringum hana er kragi sem er 0,8 m breiður.

Hættumat: engin hætta

SÞ-220:085 örnefni kvíar

Sunnan túns, neðan brekkna: "Kvíholt, rétt sunnan við túnið, ofan við Helluvaðsgötur [líklega sömu götur og skráðar eru á Helluvaði sem SÞ193:053]," segir í örnefnaskrá. Kvíholt var ekki skráð á vettvangi.

SÞ-220:086 heimild

Eftir að skráningu á Brettingsstöðum lauk barst bréf frá Jóni Benediktssyni á Auðnum með eftirfarandi viðbót: “Talsverðan spöl norðan túngirðingar á Brettingsstöðum – ég treysti mér ekki til nákvæmari staðsetningar – er garðlag frá hrauninu upp hlíðina en hverfur þar í gróður. Það er mjög greinilegt og óvenju hátt í brekkulögginni. Ég hef ekki rakið það en talið að þarna muni vera enn einn þvergarðurinn í vörslugarðakerfinu margnefnda.” Ekki er hægt að fullyrða hvort þetta garðlag sé eitt þeirra sem skoðað við viðs kráningu og því er athugasemdin höfð með hér.

Heimild: Bréf JB


SÞ-220:087 heimild fjárskýli

Eftir að skráningu á Brettingsstöðum lauk barst bréf frá Jóni Benediktssyni á Auðnum með eftirfarandi viðbót: “Ofan við Ferjuflóa er Ferjuhellir, sjá K.E. bls. 5-6. Talsverðar

hleðslur eru úti fyrir munna hans og hefur þar greinilega veriðamstrað með kindur.” Líklega hefur þessi hellir ekki verið skráður á vettvangi og fær því að fljóta með hér.”

Heimild: Bréf JB

SÞ-221 Hamar



Túnakort Hamars, byggt á túnakorti frá 1919

1712: Jörðin var metin á 12 hdr. (sbr. JÁM XI, 208), þá eru meðtaldar eyðihjáleigurnar Hamarsgerði og Hvitakot, og eyðibýlið Hólkot [SÞ-221 b].
1945: Hamar fór í eyði.

Landslag og landgæði


1919: Tún 2,8 ha. þar af sléttað h.u.b. 1/4. (sbr. túnakort frá 1919)

1712: „Engjar öngvar, nema hvað henda má hjer og hvar í úthögum, sem mjög er smáfengið. Úthagar nægir.“ (sbr. JÁM XI, 208). „Hamar nefnist syðsta jörð í Laxárdal austan ár. Bærinn stendur á hjalla í norðanverðri hlíð, og er túnið bæði á hjalla og niður á sléttlendið. Klöpp er neðan við bæinn , og dregur hann nafn af. Landrými er mikið um heiðar og langa vegu til næstu bæja og landkjarni mikill. Víðsýnt er um dalinn,“ Segir í Lýsingu Þingeyjarsýslna (LÞ I, 278). Hamarsengjar eru að mestu leyti í landi eyðijarðanna Hólkots og Hrappstaða (Hrafnsstaða).

SÞ-221:001 *Hamar* tóft bústaður 65°40.261N 17°10.612V

Bærinn Hamar stóð austan Laxár, heldur sunnar en gegnt Varastöðum og 3,7 km norður af Hólkoti 221b:001. Þar eru nú töluverðar rústir, bæði af bæ og útihúsum. Hamar fór í eyði 1945. Efsti hluti túnsins er inni í geil en ásinn sem markar dalinn að austan er ofan við túnið. Bærinn og flest útihúsin eru efst í túninu, á sléttum stalli. Fram af túninu er bratt klettabelti niður á jafnsléttu; þar fyrir neðan heitir Fit.





Hamar SÞ-221:001. Á ljósmynd er horft til vesturs

Bæjarrústin er ósködduð efst í túninu. Hún er 22 x 16 m stór og snýr norður-suður. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti nema austurveggurinn sem er úr samansteyptu grjóti. Í rústinni sjást 5-6 hólf og að auki upphækkaður, ferkantaður stallur að suðaustanverðu þar sem hús hefur staðið (6 x 8 m). Í norðurhluta tóftarinnar eru tvö mjög greinileg hólf. Hið eystra er um 3 x 1 m og gæti hafa verið brunnhús, a.m.k. rennur lítill lækur þar í gegn nú og svo meðfram rústinni að austan. Vestur af því er stæðilegt hólf og niðurgrafið, um 5 x 3 m, gæti hafa verið hlaða. Litlu stærra hólf en ekki

niðurgrafið er vestan í tóftinni fyrir miðju, opið mót vestri. Inn af því eru 2-3 hólf en miðsvæðis er tóftin mjög óljós og full af hruni. Þó er heillegt hólf innst eða austast, um 4 x 4 m. Veggir standa víðast hvar vel, allt að 7-8 umför af hleðslum og víða torf ofan á þeim, allt að 1 m hátt. Í framhaldi af vesturhlið liggur 5-6 m langur, grjóthlaðinn garður til vesturs, líklega hluti kálgarðs sem sést á túnakorti frá 1919.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919

SÞ-221:002 tóft útihús 65°40.287N 17°10.631V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús um 50 m norður af bæ 001. Þar er nú tóft. Efst í túni, á mjög reglulegum stalli sem liggur norður-suður og er allt að 2-3 m hár að vestan. Töluverður bratti er fram af honum.

Einföld tóft, 10 x 6 m sem snýr austur-vestur með dyr í vestur. Meðfram suðurlangvegg mótar fyrir 0,8 m hárri hleðslu, hugsanlega jötu. Dálítið innskot er í austurvegginn neðst, líkast skáp eða geymsluhólfi. Það er 0,8 m hátt, 0,5 m breitt og 0,5 m djúpt. Veggir standa óhaggaðir og lítið hrundir. Vestur- og suðurveggur eru hlaðnir úr grjóti upp í allt að 2 m hæð en torfhleðsla er þar ofan á. Á austurvegg byrjar torfhleðslan í um 1,2 m hæð. Hæð jötunnar svo og há grjóthleðsla í veggjum benda fremur til að hér hafi verið stórgripir en sauðfé.




Tóft SÞ-221:002

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919

SÞ-221:003 tóft útihús 65°40.334N 17°10.677V



Leifar útihúss SÞ-221:003

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús í norðausturhorni túns, tæpa 120 m norður af bæ 001. Þar er tóft. Efst í túni, á mjög reglulegum stalli sem liggur norður-suður og er allt að 2-3 m hár að vestan. Töluverður bratti er fram af honum.

Húsið er byggt utan í túngarð 024 og hefur líklega verið notað skemur en útihús 002 og 004, a.m.k. er það ekki nærri því eins heillegt. Það snýr austur-vestur og eru skammhliðar greinilegar en sennilega hefur grjót verið fjarlægt úr langhliðum því að af þeim er ekkert eftir. Dæld er í austasta hluta tóftarinnar og þar eru tveir stórir steinar. Stærð er alls um 15 x 6 m en dyr sjást á hvorugri skammhliðanna.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919

SÞ-221:004 tóft fjárhús 65°40.302N 17°10.638V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús um 80 m norður af bæ 001. Þar er nú tóft. Efst í túni, sléttur bakki er fram af húsinu en hallar til vesturs niður af honum.

Tóftin er stæðileg og líklega ekki mjög langt síðan þakið féll. Hún skiptist í tvennt með vegg, sem dyr eru á, og er alls 15 x 6 m. Tóftin snýr norður-suður og í norðurhlutanum er fjárhús með garða. Dyr eru á því syðst á báðum langhliðum og eins á suðurvegg yfir í hitt hólfið. Yfir dyrunum eru leifar af torfhleðslu og tvær stoðir standa enn uppi. Syðra hólfið gæti verið af hlöðu en reyndar er það ekki niðurgrafið. Veggir eru aðeins grjóthlaðnir 3-4 umför, þá tekur torf við. Ofan á grjóthleðslunum eru yfirleitt flatar hellur, sumar hverjar mjög veglegar, áður en torfið tekur við. Veggir eru allt að



Fjárhús SÞ-221:004. Á ljósmynd er horft til norðvesturs


1,5-2 m þykkir og hleðslur mjög vandaðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919

SÞ-221:005 tóft útihús 65°40.257N 17°10.809V

Tóft af útihúsi er við hraunjaðar, um 150 m vestur af bæ 001. Á þeim slóðum er sýnt útihús á túnakorti frá 1919. Bogamynduð hvilft er neðan túnsins og klettar í bratta upp af henni. Niður og vestur af hvilftinni eru sléttar flatir innan túns, allt að hraunjaðri.



Útihústóft SÞ-221:005. Á ljósmynd er horft til vesturs

Tóftin er sérdeilis glæsileg, líklega af gripahúsi með hlöðu. Allar hleðslur eru vandaðar. Húsið snýr austur-vestur og er vesturhliðin upp við túngarð 024 en dyr norðarlega á austurhlið. Enn er torfhleðsla yfir þeim. Hlaðan er að vestan og er hún um helmingur hússins sem alls er 12 x 6 m. Hlaðinn veggur skilur hana frá gripahúsinu og eru dyr á honum miðjum. Vesturgafl hlöðunnar hefur verið eingöngu úr grjóti. Hann er bogamyndaður efst, allt að 3,2 m hár og hefur þakið væntanlega hvílt þar á. 10-11 umför af stórgerðu hraungrýti eru í veggjunum. Hleðslumaðurinn hefur greinilega gætt þess að snúa flötum hliðum steinanna inn, þannig er innra byrði veggjarins sérlega slétt. Vestast á suðurlanghlið er op í um 0,5 m hæð á hlöðuveggnum, um 1 x 1 m og hefur hey líklega verið sett þar inn. Hlaðan er mikið niðurgrafin. Húsið er annars einfalt og norðurveggur þess hruninn inn. Torf er ofan á grjóthleðslum bæði á millivegg og austurgafli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919

SÞ-221:006 garðlag hlutverk óþekkt 65°39.990N 17°10.501V

Gamalt, stakt garðlag liggur norður-suður 30-40 m suður af túngarði sem markar túnið að sunnan (sjá 024) og um 70 m vestur af rótum brekkunnar sem markar dalinn að austan. Garðurinn er í jaðri hrauns sem nær allt að Laxá. Austan hans er gróðurræma að hlíðinni.

Garðurinn sést á 30-40 m kafla en er ógreinilegur og rennur næstum saman við hraunið. Hann er lágur og óreglulega hlaðinn úr hraungrýti, mest 3-4 umför. Tilgangur með garðhleðslunni er ekki augljós en þó má benda á að túngarðurinn 024 sem er norðar er einnig í hraunjaðri. Þá er garðlag og rúst sem kallað er "Á Kotinu" 010 tæpum 100 m norðaustur af garðinum. Ekki er óhugsandi að þessi garður hafi verið í samhengi við það.




Garður SÞ221:006, horft til norðurs

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö- Hamar, 1

SÞ-221:007 *Kvíar* hleðsla kvíar 65°38.526N 17°09.865V

"Milli brekkunnar og hraungarðsins... er alldjúp og löng dokk, sem heitir Kvíar. Réttara er að telja Kvíarnar eins og niðurfall í hraunið sjálft. En hraunið þekur hér allan dalbotninn," segir í örnefnaskrá. Dokkin sem nefnist Kvíar snýr norður-suður og á upptök sín nánast beint vestan við Hólkot 221b-001. Aflöng dokk, mjög grösug í botni en hraunkambar eru beggja megin við.



Kvíar SÞ-221:007

Líklegt er að Kvíar heiti svo vegna þess hve þröngar og afmarkaðar þær eru. Reyndar örlar á hleðslum nálægt suðurenda þeirra, tveimur sokknum görðum sem hlaðnir eru þvert yfir þær. Um 6 m eru á milli þeirra en hvor um sig er um 10 m langur. Syðri garðurinn er gleggri en hvorugur rís hærra en 0,2 m. Ekki er útilokað að þetta séu leifar aðhalds.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö- Hamar,2

SÞ-221:008 hleðsla 65°38.312N 17°09.825V

Hellir er hátt í 200 m suðvestan við Hólkot 221b-001 og um 50 m austan Laxár. Hlaðið hefur verið fyrir hann að hluta. Hraunhellur- og gangar eru víða undir yfirborði á þessum slóðum og sumstaðar op undir hraunið. Það á einmitt við hér. Skammt norðar er gróin dokk.



Hellir og hleðsla SÞ-221:008, horft til NNA

Hellirinn gengur inn til norðaustur og þannig er munninn mót suðvestri. Hlaðið hefur verið upp að honum bæði að norðan og sunnan og er því e.k. gangur niður í hellinn sem er lágur og nokkuð langt frá því að vera manngengur. Hleðslur eru allt að 5-6 mför, rúmlega 1 m háar og skófum vaxnar. Stærð hellisins er líklega nálægt 10 x 5 m og hann er mest rúmlega 1 m hár. Kindur nota hann greinilega til skjóls.

Hættumat: engin hætta

SÞ-221:009 hellir fjárskýli 65°40.289N 17°10.754V

"Fit er mjó rönd milli hrauns og hlíðar, rennislétt. Á Fit var nafnlaus hellir, sem fé var haft í, nokkuð stór," segir í örnefnaskrá. Fit er nafn á stórum hvammi neðan við túnið á Hamri. Stór hvilft, girt klettaveggjum. Fram af henni til vesturs opnast sléttar flatir við hraunjaðarinn.


Aðeins er eitt hellisop greinilegt á Fit, norður af grasgefinni dokk. Hellirinn er aðeins um 1 m hár og virðist ekki stór en hefur fyllst upp að mestu leyti. Engar hleðslur sjást við hellisopið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö- Hamar,4

SÞ-221:010 *Á kotinu* tóft+garðlag býli 65°40.070N 17°10.487V

"Rétt norður af Sjónarhól og sunnan Bæjargils [rétt sunnan Hamarstúns], norður af Breiðugrund, var við endann á Hjallanum nefnt Á kotinu. Þarna voru smárústir, e.t.v. Hamarskot, og af flestum talið það," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir frá tveimur eyðikotum í landi Hamars: "Hamarsgerde og Hvita kot



Á kotinu SÞ-221:010. Á ljósmynd er horft til austurs

heitir hjer fyrir sunnan í landinu tvennar litlar girðíngar með mög fáum tóftarústum, og efast menn um hvort á þeim hafi nokkurn tíma bygt verið, eða þetta kynni vera þrælagerði, sem og er eintómis gáta. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi,". Hugsanlegt er að annað hvort þeirra sé sama og Hamarskot. Um 15 m austur af fjárhúsi 023 er garðlag sem liggur til suðurs. Staðsetning þess á vel við lýsingu örnefnalýsingar en ekki er þó fullvíst að það hafi tilheyrt Hamarskoti. Óslétt, lítið holt. Lækur rennur milli þess og hæðarinnar sem fjárhúsrústir 023 eru á.

Garðurinn er býsna fornlegur, vaxinn fjalldrapa og lyngi, víðast hvar um 0,5 m hár og 1 m breiður. Hægt er að rekja hann um 70 m til suðurs og liggur hann með brekkurótum. Eftir fyrstu 10 metrana liggur hann yfir læk. Eftir 30 m til viðbótar er á

honum op eða rof en tæpum 40 m sunnar rennur hann saman við móaþýfi og sést ekki eftir það. Sunnan við garðinn, 1 m frá honum og skammt norðan við opið er stök, einföld tóft með alveg signum veggjum og grónum fjalldrapa. Stærð hennar er 4,5 x 6 m og dyr að vestan. Fleiri tóftir sjást ekki á holtinu innan garðsins en það er mjög þýft.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö- Hamar,4; JÁM XI

SÞ-221:011 *Varastaðavað* heimild um vað 65°40.239N 17°11.064V[e1]
"Rétt norður frá bæ er vað á Laxá, sem heitir Varastaðavað, og hraunið allt nefnt Laxárdalshraun.", segir í örnefnaskrá. Líklegt er að vaðið hafi verið nálægt endanum á garðinum sem markar túnið að norðanverðu (024) og nær allt út að Laxá. Vaðið er einnig skráð vestan Laxár, sjá 219:071. Þar er breidd á ánni en ofar mjókkar hún og virðist ekki líklegt að þar hafi verið farið yfir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö- Hamar,4


SÞ-221:012 gata leið 65°38.641N 17°07.795V
"Suður af...[Sjónarhóli] er brattur og mikill ás, sem heitir Brattás. Þegar komið var lestarferðir, var farið hér suður. Hér hjá Brattás eru gamlar götur, lestavegur Mývetninga úr suðursveit og hér að utan," segir í örnefnaskrá. Miklar götur sjást á heiðinni vestan við Sandvatn, í grunnri lægð milli ávalra hæðadraga. Heiðagróður, fjalldrapi og lyng. Fremur sléttlent er á þessum stað.

Greinilegar götur sjást á þessum stað, þær liggja norður-suður. Ein þeirra er sýnu mest en margir uppgrónir paldrar sjást bæði vestan og austan við hana, líklega hátt í 10 talsins. Götunum var fylgt á nokkur hundruð metra kafla á heiðinni og eru þær alls staðar mjög greinilegar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö- Hamar,5

SÞ-221:013 *Hvítakot* tóftir+garðlag hlutverk óþekkt 65°40.653N 17°11.090V
"Suður og upp af Kiðuhvammi...út og upp af Hestholti í miðri brekku, eru rústir, sem gætu verið eftir Hvítakot, en eru aldrei nefndar það. Þar mótar fyrir garðlögum fornlegum, bæði um tún og niður á hraun," segir í örnefnaskrá. Um Hvítakot segir í

Jarðabók Árna og Páls: "Hamarsgerde og Hvita kot heitir hjer fyrir sunnan í landinu tvennar litlar girðíngar með mög fáum tóftarústum, og efast menn um hvort á þeim hafi nokkurn tíma bygt verið, eða þetta kynni vera þrælagerði, sem og er eintómis gáta. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi." Þannig virðast bæði Hvítakot og Hamrsgerði hafa verið sunnan Hamarsbæjar. Þar eru nú einungis þekktar einar rústir, sjá 010. Á stalli í brekkunni suðaustan við Kiðuhvamm, um 100 m upp og austur af geitakofa 016 og rétt rúma 800 m norður af bæ eru garðlög og tóftir sem eiga við lýsingu í örnefnaskrá. Dálítið aflíðandi og aflangur stallur í brekku um miðja vegu milli dalbotns og heiðarbrúnar. Upp af stallinum er brött brekka upp á hábungu ássins en niður af henni til vesturs er einnig bratti allt niður á jafnsléttu. Fjalldrapi og lyng eru allsráðandi.





Hvítakot SÞ-221:013, horft til vesturs

Fornlegt garðlag liggur norður-suður með brekkurótunum og vestan þess eru a.m.k. tvær stórar tóftir. Garðurinn er mikill um sig, allt að 4-5 m breiður og 0,5 m hár. Vesturbrún hans er skýrari en sú eystri, enda fjær brekkunni. Norðurendi hans er nálega beint upp af geitakofa 016. Þaðan er hægt að rekja hann um 140 m til suðurs en þrátt fyrir það er ekki óhugsandi að hann nái lengra, enda þýfi töluvert. Fast vestan við garðinn, norðarlega, er tóft, byggð utan í hann. Hún skiptist í 4 hólf og er alls 20 x 11 m að stærð. Tóftin snýr norður-suður, langsum með brekkunni. Vestast er óskipt, aflangt hólf, 15 x 6 m, langveggir þess eru bogadregnir. Norðan þess eru tvö lítil hólf samhliða,

hvort um sig um 5 x 5 m. Sunnan við þau og austan stóra hólfsins er fjórða hólfið, 5 x 7 m. Líklega hafa verið dyr á vesturlanghlið stóra hólfsins. Þegar garðinum hefur verið fylgt um 50 m til suðurs frá tóftinni er skarð í hann þar sem lækur hefur runnið í gegn en farvegurinn er nú þurr. Fast sunnan við farveginn og um 5 m vestan við túngarðinn er rúst, töluvert ógreinilegri en sú sem fyrr var lýst og markast fremur af dældum en veggjum. Þó virðist hún skálalaga, alls 14 x 6,5 og snýr líkt og hin, norður-suður. Hún sýnist skiptast í tvennt með þvervegg í tvö ámóta stór hólf . Garðurinn er glöggur um 30 m áfram til suðurs en þá fer að draga úr honum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö- Hamar,5; JÁM XI, 209

SÞ-221:014 garðlag hlutverk óþekkt 65°40.276N 17°11.012V


Mjög fornlegt garðlag er í hrauninu við Laxá, rúma 300 m vestur af bæ 001. Úfið hraun.

Garðlagið sést fyrst 50-70 m norðan við nyrðri túngarðinn í hrauninu (sjá 024) sem nær að Laxá. Vart stendur steinn yfir steini þar en ef vel er að gáð sést hvernig garðurinn hlykkjast til norðurs um hraunið. Hann verður öllu skýrari norðar, þó hvergi mjög stæðilegur, víða mosavaxinn og yfirbragðið fornlegt. Garðinn er unnt að rekja tæpa 170 m til norðurs, að klettanefi sem gengur fram í ána. Á þeim stað liggja raflínur yfir hana. Garðurinn er á mörkum úfnasta hraunsins og þess hluta sem nær að ánni þar sem gróður fer vaxandi. Ekki er ólíklegt að hann hafi verið hlaðinn til að girða af lengju við ána sem gæti hafa þjónað hlutverki skepnuaðhalds eða nátthaga. Lengjan hefur þá verið a.m.k. 170 m löng og allt að 20-30 m breið.

Hættumat: engin hætta

SÞ-221:015 tóft rétt 65°40.114N 17°10.749V

2-300 m suðvestur af Hamrabænum 001, eru rústir af rétt. Réttin, eða a.m.k. almenningurinn, sést á túnakorti frá 1919 og hefur því talist til töðuvallar þá. Sléttur grasvöllur, býsna vel afmarkaður á tvær hliðar: Fremur brött hlið er að austan en hraunjaðar að vestan.



Rétt SÞ-221:015

Veggir réttarinnar eru grjóthlaðnir en nær alveg hrundir víðast hvar. Um er að ræða stórt hólf, almenning, og svo 9-10 lítil hólf, dilka við það að suðvestan. Almenningurinn er um 100 m langur, 70 m breiður syðst en mjókkar til norðurs og er þar 30-40 m. Rekið hefur verið inn í hann að austanverðu. Tvær meginraðir eru af dilkum, þrír í hvorri og liggja þær saman. Að auki er einn dilkur norðvestan við þessa sex og lítil, tveggja hólfa rétt hlaðin sunnan við þá. Stærstu dilkarnir eru allt að 20 x 20 m en minnsta hólfið ekki nema 4 x 5 m. Hæð hleðslna er mest um 1,2 m.

Hættumat: engin hætta


Heimildir:Túnakort 1919

SÞ-221:016 *Kiðuhvammur* tóft geitakofi 65°40.634N 17°11.204V

"Kiðuhvammur er djúpur hvammur inn í brekkuna [í Hestholti]. Myndast hjalli þar norður af frá Hellnagili suður að hvamminum, bratt upp úr honum að norðan og austan. Að sunnan gengur fram holtanef. Þar var geitakofi. Hér voru hafðar geitur til 1941," segir í örnefnaskrá. Leifar kofans eru uppi á nefi sunnan hvammsins, um 800 m norður af bæ 001. Rani sem gengur fram úr grónu holti.

Tóftin er greinileg og valllendisblettur í kringum hana. Hún er 6 x 4 m, snýr austur-vestur með dyr í vestur, fram af brún ranans. Hún er að mestu grafin inn í brekkuna og sjást hvergi grjóthleðslur nema í vesturparti suðurveggjar. Ávalt grjót er í

þar, 5-6 umför og er veggurinn 1,3 m hár sé staðið inni í tóftinni. Ekki sjást leifar af jötu en líklegra er að hún hafi verið að norðan, annars vottaði eflaust fyrir henni að



Geitakofatóft SÞ-221:016. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

sunnaverðu þar sem veggurinn er óhruninn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hamar, 5-6

SÞ-221:017 *Baldagarður* garðlag hlutverk óþekkt 65°40.706N 17°11.312V "Forn garður er frá [holta]nefinu [við Kiðuhvamm] og niður yfir hraunið og heitir Baldagarður. Sagt er, að Baldvin Jónatansson, skáld á Hamri, hafi hlaðið hann, og er garðurinn við hann kenndur," segir í örnefnaskrá. Garðurinn sést um 800 m norður af bæ 001. Hann liggur fyrst fáeina metra frá nefinu norðan við Kiðuhvamm til suðurs, að ávölum lynghól. Svo liggur hann frá hólnum vestanverðum í hlykkjum til vesturs, að hraunbrún. Kiðhvammur er grösugur og bratt upp úr honum.

Hugsanlega hefur garðurinn verið hlaðinn til að halda skepnum á svæðinu milli hans og túngarðs 024. Garðurinn liggur fyrst um sléttlendi en svo inn á hraunkambinn og endar þar eftir um 100 m. Hann er fornlegur að sjá og yfirleitt ekki nema tvö umför af hleðslum. Vegur liggur í gegnum hann um miðbikið. Um 20 m vestan við vesturenda garðsins liggur annar garður þvert á hann. Því mynda garðarnir næstum T þótt þeir mætist ekki alveg. Þessi síðarnefndi garður hlykkjast um hraunið í stefnu norður-suður og sést á tæplega 100 m kafla en endar beggja megin í miðju hrauni án sýnilegra skýringa. Garðurinn er unglegri en Baldagarður og rís allt að rúmum metra, 4-5 umför.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hamar, 6

SÞ-221:018 *Seltangi* þúst sel 65°38.678N 17°05.686V

Á Hamarsheiði: "Seltangi gengur vestarlega fram í [Sand]vatnið úr Óttarshaga. Þar eru selrústir," segir í örnefnaskrá. Seltangi er auðfundinn eftir þessari lýsingu, hann gengur fram í Sandvatn 3,2 km austur af bæ 001.

Mikill gróður er á tanganum, yfirleitt þó ekki hærri en í mitt lær og rýrastur á hæstu bungunum. Ráðandi eru víðir og fjalldrapi. Á hæsta hól tangans er vörðubrot.



Þúst SÞ-221:018, á Seltanga

Gengið var um allan Seltanga og óhætt er að fullyrða að þar eru engar greinilegar rústir. Þó er smáþúst um 100 m suður af Hagatjörn, austast á tanganum en ekkert er vitað um hvort hún er af seli. Hún lítur við fyrstu sýn út sem þétt kjarr en þegar betur er að gáð sést að gróðurinn er einkum í dæld og utan um hana er upphækkun sem gætu verið mjög bólgnir veggir. Þeir eru skeifulaga og mynda hólf sem er um 9 x 10 m. Op gæti verið í suður og óljós þúst hulin runnum er fast austan við þennan stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hamar, 6

SÞ-221:019 *Hvita kot* heimild um býli


"Hamarsgerde og Hvita kot heitir hjer fyrir sunnan í landinu tvennar litlar girðíngar með mög fáum tóftarústum, og efast menn um hvort á þeim hafi nokkurn tíma bygt verið, eða þetta kynni vera þrælagerði, sem og er eintómis gáta. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi.", segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekki er nú vitað hvar Hvítakot var, gæti þó verið sama og annaðhvort 013 eða 010.

Heimildir:JÁM XI, 209

SÞ-221:020 tóft rétt 65°39.658N 17°10.243V

Hlaðið aðhald er 1,1 km suður af Hamarsbænum 001. Það er í hraunkrika vestan við kindagötu sem liggur með hraunjaðrinum að austan. Grösugt sléttlendi er í krikanum.





Réttartóft SÞ-221:020. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Tóftin er af tvískipt rétt sem hlaðin er úr hraungrýti. Stærra hólfið er norðar, snýr austur-vestur og er 6 x 9 m að innanmáli með op í suður. Hitt hólfið er sambyggt að suðvestan, 6 x 3 m stórt að innan og með op á suðausturhorni. Hleðslur eru mest um 3 umför, 0,5-0,8 m háar. Þessi tóft gæti verið af stekk.

Hættumat: engin hætta

SÞ-221:021 *Stúlkuhellir* hleðsla 65°38.748N 17°09.908V



Stúlkuhellir SÞ-221:021

"Sunnan við þá [Stólpahella] er smáhellir, Stúlkuhellir, með opi norðaustur úr Kvíum [007]. Í þessum helli varð úti stúlka fyrir 1700, en bein hennar fundust ekki fyrr en einhvern tíma á árunum 1842-60. Þá var hlaðið fyrir skútann, og sjást þess enn merki (Gríma XX, 41)," segir í örnefnalýsingu. Hellir sem passar við þessa lýsingu er austan við Kvíar 007, tæpa 700 m norður af Hólkoti 221b-001. Berggangur liggur á þessum stað undir hraunið. Grasgefið er framan við hellisopið.

Op hellisins vísar til norðvesturs. Hann er lágur og ekki manngengur og lækkar eftir því sem innar dregur. Hlaðinn stallur er framan við hellisopið, gróinn að

framanverðu og sést vart nema gægst sé inn um hellisopið. Hleðslan er rúmlega 2 m löng og mest 3-4 umför, 0,5 m há.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö- Hamar,2-3

SÞ-221:022 gata leið 65°38.671N 17°09.897V

"Hann [Stúlkuhellir 021] er í hraunkambinum austan við dokkina, skammt frá götunni, sem liggur eftir dokkinni (Kvíunum [007])," segir í örnefnalýsingu. Slóðinn liggur eftir aflangri dokk, a.m.k. 500 m langri, sem liggur milli tveggja hraunkamba en hefur valllendi í botni.

Um 500 m norður af Hólkoti sjást paldrar í Kvíunum, allt upp í 5-6 samhliða. Það hefur legið beint við að fara eftir dokkinni þegar farið var í norður frá Hólkoti, enda undirlendi lítið í dalnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö- Hamar,2-3

SÞ-221:023 tóft fjárhús 65°40.091N 17°10.544V

Fjárhúsatóftir eru rúma 300 m suður af Hamri, 001 á lágum hól. Mjög grösugur og ávalur hóll er utan í ásnum sem markar dalinn að austan. Hóllinn er býsna rústalegur og ekki óhugsandi að byggt hafi verið á rústum eldri húsa. Skammt suður af er fornlegt garðlag



Fjárhústóft SÞ-221:023. Á ljósmynd er horft til vesturs

og rúst 010.

Stæðileg, tvískipt tóft af fjárhúsi með hlöðu, tveimur görðum og steyptu kindabaði í syðri garða. Hún snýr austur-vestur og er með einar dyr hér um bil á miðjum vesturvegg. Stærð alls 14 x 14 m. Neðri hluti veggja er að mestu hlaðinn úr reglulegu hraungrýti en þó sést annarskonar grjót hér og þar. Veggirnir eru lítið farnir að hrynja og standa enn allt að 9 umför grjóts í hlöðunni sem er mikið niðurgrafin. Torfhleðslur, allt að 1 m þykkar, eru nær allsstaðar ofan á grjóthleðslum sem eru tvö- eða þrefaldar neðst og mjókka upp. Dyr eru í hlöðuna í framhaldi af báðum görðum.

Hættumat: engin hætta

SÞ-221:024 garðlag túngarður 65°40.203N 17°10.625V

Heillegur túngarður er um túnið á Hamri. Túnið er í dálitlum hvammi sem opnast mót vestri. Niður af því eru klettar og annar hvammur sem nefnist Fit. Fram af honum er sléttlendi allt að hraunjaðri og það svæði hefur a.m.k. í seinni tíð talist til túns á bænum.

Annars vegar er torf- og grjótgarður umhverfis túnið uppi í hvamminum en hins vegar grjótgarðar neðan hvammsins, frá sléttlendinu austast í dalbotninum og allt vestur að Laxá. Byrjað skal að lýsa torf- og grjótgarðinum. Hann stendur enn gríðarlega vel og er líklega skepnuheldur á köflum, allt að 1,6 m hár. Efnið í garðinn hefur verið tekið utan með honum og eykur það á hæðina. Sumstaðar grillir í grjótundirstöður neðst í garðinum og hlið hefur verið á honum austan bæjarins, upp við hlíðina, en einnig að sunnan; þar á garðurinn reyndar upptök sín þeim megin. Annars liggur garðurinn nánast í hring, niður fyrir Fit en er þar orðinn eingöngu úr grjóti. Hann endar skammt norðan við réttarrústina stóru 015. Þá er komið að grjótgörðunum. Sá nyrðri liggur út frá heimatúngarðinum beint aftan við útihústóft 005 og nær allt að Laxá. Sá syðri hefst á valllendinu sunnan við réttartóftina, breitt op er því austan hans að hlíðinni sem markar




Túngarður SÞ221:024, horft til vesturs

dalbotninn að austanverðu. Þessi garður liggur nákvæmlega samsíða þeim fyrri að Laxá. Alls afmarkar túngarðurinn svæði sem er um 300 x 200 m en hinir vörslugarðarnir eru hvor um sig um 250-300 m á lengd.

Hættumat: engin hætta

SÞ-221:025 hleðsla hlutverk óþekkt 65°40.483N 17°11.208V



Hleðsla SÞ-221:025

Tóft er rúma 600 m norðvestur af bæ 001, um 30 m austan við Laxá, norður af klettanefi em gengur fram í ána.

Hraun sem hér er að mestu uppgróið. Grösugur bolli er beint niður af tóftinni, við ána. Náttúrulegur hraunbolli, næstum ferkantaður, tæplega 1 m djúpur og op snýr í suðvestur. Hlaðið hefur verið með innanverðum hliðum bollans að vestan og að auki er hleðsla þvert yfir hann miðjan. Alls er bollinn um 6 x 6 m og skiptist því í tvö hólf með hleðslunni. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi.

Hættumat: engin hætta

SÞ-221:026 garðlag hlutverk óþekkt 65°40.533N 17°11.290V

Norður af bæ 001 liggur mikil raflína niður Hamarsheiði og áfram yfir Laxá. Skammt norður af henni er hólmi í ánni, Varastaðahólmi. Þar hjá er veiðistaður, Vaðpollur. Uppfrá bakkanum við suðurenda hólmans er grjóthlaðinn garður. Hann er rúma 700 m norðvestur af bæ.


Úfinn hraunkambur liggur með ánni.


Garðurinn liggur frá árbakkanum til austurs, upp á hraunkambinn en sveigir þar til norðurs. Er hægt að rekja hann áfram um 150 m en þar endar hann í miðju hrauni. Skammt frá endanum er lítil varða, laglega hlaðin. Hugsanlegt er að menn hafi viljað girða af flatt nes norðan hólmans í ánni. Það er grasgefið og hefur vafalaust verið gott slægjuland.

Hættumat: engin hætta

SÞ-221:027 tóft rétt 65°40.639N 17°11.391V

Um 50 m norður af garðlagi 026, uppi á hraunkambinum beint vestur af suðurenda Kiðuhvamms, er hlaðin rétt. Hún er 20 m norðaustur af lítilli vörðu í úfnu hrauninu. Mosagróið hraun.






Rétt SÞ-221:027. Á ljósmynd er horft til suðausturs

Einföld rétt, óregluleg en ekki fjarri því að vera skeifulaga. Stærð er 7 x 8 m. Veggir eru hlaðnir úr hraungrýti og hvergi hærri nú en 0,5 m. Innan veggja jafnt sem utan er fremur mishæðótt, enda hraun undir. Réttin opnast í austur.

Hættumat: engin hætta

SÞ-221:028 gerði hlutverk óþekkt 65°40.680N 17°11.690V

Norður af bæ liggur mikil raflína niður Hamarsheiði og áfram yfir Laxá. Skammt norður af henni er hólmi í ánni, Varastaðahómi. Þar hjá er veiðistaður, Vaðpollur. Nes er norðan við hólmann (Hamarsnes). Þar sem nesið mætir landi að norðan er garðlag. Graslendi við ána, upp af því er hraunbrún.



Hleðslur SÞ-221:028

Garðlagið hefst á þessum stað hjá ánni en sveigir svo til norðurs. Það liggur í boga og girðir þannig af svæði við ána sem er um 100 m langt og 30 m breitt. Innan reitsins er lynggróður en garðurinn er á mörkum gróðurlendis og hrauns. Garðurinn er mest tæpur 1 m á hæð. Hann virðist fremur gamall og er t.d. alveg sokkinn á graslendi þar sem hann mætir Laxá að sunnan. Norðan við enda garðsins er dálítill hóll, uppi á honum er stök, L-laga hleðsla. Handan hólsins er svo annað gerði, mjög líkt hinu fyrra. Það er um 30 m breitt en nokkuð innan við 100 m langt. Þetta gerði er töluvert fornlegra og virðist hafa verið skemur í notkun. Einnig á þessum stað er girt á mörkum hrauns og lynggróðurs. Geta má þess til að beit á þessum gróðurræmum við ána hafi verið nýtt og vafalaust hefur mátt rækta þar upp slægjuskika með áburði.

Hættumat: engin hætta

SÞ-221:029 gerði hlutverk óþekkt 65°40.813N 17°11.748V

Gerði, líkt 028, er við Laxá þar sem Hellnagil mætir henni. Hellnagil er á mörkum Árhóla og Hamars. Hálfgróið hraun.

Garðhleðslan er fremur ungleg, allt að rúmum metra á hæð. Hún á upptök sín um 100 m sunnan við Hellugil, liggur yfir það og heldur áfram í Árhólalandi. Þegar yfir Hellnagil kemur tekur gróðurfar stakkaskiptum, birkiskógur og valllendi skiptast á en Hamarsmegin er gróður allur rýrari. Breidd svæðisins sem þannig er afgirt er um 30 m en ekki var kannað hve langt inn í Árhólaland hleðslan nær.

Hættumat: engin hætta

SÞ-221:030 tóft hlutverk óþekkt 65°40.717N 17°11.263V

Tóft er innst í Kiðuhvammi norðaustanverðum, um 160 m norður af geitakofa 016. Hvammurinn er gróinn og skjólsæll.



Tóft SÞ-221:030. Á ljósmynd er horft til suðurs

Tóftin er fremur sigin en samt mjög greinileg og veggir um 0,3 m háir, algrónir. Hún er þrískipt, 8 x 4 m stór og snýr suðvestur-norðaustur. Stærsta hólfið er í miðjunni, opnast í vestur. Norðan við það er rúmlega helmingi minna hólf sem einnig hefur dyr í vestur en syðst er agnarlítið hólf, varla 1 m breitt og á því sjást engar dyr. Ekkert er vitað um tóftina eða til hvers hún var notuð.

Hættumat: engin hætta


SÞ-221:031 *Hamarsgerði* heimild um býli

"Hamarsgerde og Hvita kot heitir hjer fyrir sunnan í landinu tvennar litlar girðíngar með mög fáum tóftarústum, og efast menn um hvort á þeim hafi nokkurn tíma bygt verið, eða þetta kynni vera þrælagerði, sem og er eintómis gáta. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi", segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekki er nú vitað hvar Hamarsgerði og Hvítakot voru. Á tveimur stöðum fundust þó rústir sem gætu verið af öðru hvoru býlinu sjá nr. 010 og 013.

Heimildir:JÁM XI, 209

SÞ-221b Hólkot

1712: Hólkot er metin á 8 hdr. (sbr. JÁM XI, 208). Fór í eyði um bóluna og hefur ekki byggst síðan. "Þetta kot brúkar nú til slægna Hamars ábúandi.." Hrafnstader [Hrappstaðir] forn eyðihjáleiga Hólkots í landinu. Nú er Hólkot innan Hamarslands.



Heimatúnið í Hólkoti. Ljósmynd Árni Einarsson.

Landslag og landsgæði

1712: „Túnið mjög lítið. Engjar eru smáfengnar með tveimur giljum. Úthagar eru bjarglegir“ (JÁM XI, 208).

„Hólkot er eyðibýli syðst í Hamarslandi, og er djúpt gil sunnan við hreppamörkin...,“ segir í Lýsingu Þingeyjarsýslna (LÞ I, 278).


SÞ-221b:001 *Hólkot* bæjarhóll býli 65°38.386N 17°09.665V

"Hólkot var sunnarlega í [Hamars]landinu. Það fór í eyði um Stórubólu. Rétt sunnan við býlið eru tvö gil ofan úr brún og niður á jafnsléttu...Syðra-Hólkotsgil, sem er á merkjum, og Ytra-Hólkotsgil, sem er norðar," segir í örnefnalýsingu. "Beitarhús voru frá Hamri á hól þar í hlíðinni, og náði völlur þeirra niður á jafnsléttu og var sleginn til skamms tíma.

Ekki er víst hvort [Hólkots]bærinn hefur staðið í brekkurót eða á hólnum, en á báðum stöðunum eru tættur," segir í Lýsingu Þingeyjarsýslna. Hóllinn sem um ræðir er á



Bæjarhóllinn í Hólkoti SÞ-221b:001. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til vesturs á mynd til hægri.



Rústir SÞ-221b:001

norðurbarmi Ytra-Hólkotsgils, beint austan við brú á Laxá sem kemur í framhaldi af vegarslóða um Brettingsstaðaland. Hár og mikill valllendishóll. Gil er við hann að sunnan en að norðan er mýrlent svæði. Framan eða vestan við hólinn er annar lægri hóll með grjót í kolli.

Hóllinn er allt að 15 m hár að norðanverðu og örugglega náttúrumyndun að mestu, um 60 x 60 m stór. Hann sker sig mjög úr landinu umhverfis, er áberandi ávalur og mjög grösugur. Á honum eru unglegar beitarhúsatóftir. Þær snúa austur-vestur með dyr sunnarlega á vesturhlið. Hlaða hefur verið austast og tveir garðar eftir húsinu endilöngu en þeir sjást ekki vel vegna gróðurs. Stærð hússins er alls 16 x 10 m. Veggir hafa verið grjóthlaðnir upp í rúmlega 1 m hæð en þar ofan á hefur verið torfhleðsla. Reyndar sést allstór bútur af vegg úr strengjatorfi austast á norðurhlið en hann er mikið rofinn og lætur líklega hratt undan veðri og vindum. Á hólnum sjálfum er mjög skörp brún 10-15 m sunnan við tóftina og er þar dæld eða skora, þá tekur við annar hóll sem er mun lægri og minni um sig, um 10 x 10 m. Fremst á honum er grjóthrúga á jarðfastri klöpp en annars er hann

algróinn. Vestanundir stóra hólnum með beitarhúsatóftunum er stök rúst. Hún snýr austur-vestur og er mjög greinileg, 8 x 5 m. Samt eru veggir lítið áberandi, enda hefur húsið að mestu verið niðurgrafið. Engar dyr sjást á þessari rúst sem gæti verið heytóft.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hamar, 1; LÞI, 278

SÞ-221b:002 *Hrappstaðir* bæjarstæði býli 65°39.228N 17°09.931V
"Eins og miðja leið milli Hólkots og Hamars er annað eyðibýli, enn eldra en Hólkot. Það heitir Hrappstaðir,...voru forn hjáleiga frá Hólkoti og fóru í eyði miklu fyrr [en Hólkot]" segir í örnefnaskrá. Samkvæmt lýsingunni hafa Hrappstaðir verið uppi í brekku hér um bil beint austur af suðurenda Hrappstaðaeyjar, sem er í Laxá, og um 1,6 km norður af Hólkoti.

Á þessum stað er stór geil inn í ásinn sem markar Laxárdal að austan, mjög grasgefin en sumstaðar mýrlend. Niður frá henni er valllendisbrekka niður á jafnsléttu í dalbotninum. Víða eru stæðileg birkitré og runnar í brekkunni.
"Þess mætti geta um Hrappstaði, að þar er enn vel grasgefið," segir í örnefnaskrá. Ekki er ofsögum sagt að grasgefið sé á Hrappstöðum. Þar eru hinsvegar engar sjáanlegar rústir. Gras er hátt í brekkunni og lítur út fyrir að þar sé enn áburður af einhverjum sökum. Engar áberandi þústir sjást en ekki er óhugsandi að einhverjar rústir séu komnar á kaf í trjágróður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hamar, 3,5

SÞ-221b:003 *Kerlingarblettur* álagablettur 65°38.326N 17°09.798V
"Niður undir ytra [Hólkots]gilinu, rétt ofan við hraungarðinn, er lítill mýrarblettur, er heitir Kerlingarblettur. Er hann kenndur við einkennilegan hraunklett rétt sunnan við hana. Mýri þessa má ekki slá. Ef Kerlingarmýri var slegin, varð sá, er það gerði, heylaus," segir í örnefnaskrá. Mýrin er 80-100 m suðvestur af bæjarhól 001.
Sléttur blettur, nokkru lægri en sléttlendið við mynni Ytra-Hólkotsgils. Ekki mjög mýrlent en litlir lækir úr gilinu seytla allt um kring.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hamar, 1-2

SÞ-221b:004 *Hólkotsklappir* heimild um huldufólksbústað 65°38.280N 17°09.714V "Að norðanverðu í syðra [Hólkots]gilinu er klöpp eigi alllítil, enda er hún alltaf höfð í fleirtölu, Hólkotsklappir; þetta er gamall og nýr huldufólksbústaður," segir í örnefnaskrá. Uppi á norðurbrún syðra gilsins er stakur, stór og áberandi klettur, allt að 3 m hár og líklegt að átt sé við hann. Klettabelti er í gilinu en flatar klappir á gilbrúninni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hamar, 1

SÞ-221b:005 *Dagmálavarða* varða eyktamark 65°38.384N 17°09.342V "Upp af Hólkoti er á brún Dagmálavarða; það voru dagmál frá Brettingsstöðum," segir í örnefnaskrá. Tvær vörður eru uppi á brúninni, önnur beint austur af bænum og hin tæpa 100 m suður af henni. Gróin heiðarbrún með stöku melhólum og klapparholtum.

Ekki er fyllilega ljóst hvor varðan er Dagmálavarða og því verður báðum lýst hér.



Dagmálavarða SÞ-221b:005, horft til norðurs

Sú syðri er allsérstæð. Neðst í henni eru þrír stórir og flatir steinar reistir upp á rönd svo að hólf, opið í vestur, myndast á milli þeirra. Ofan á þeim liggur flöt hella líkt og þak og uppi á henni er svo varðan hlaðin. Hún er alls um 1,6 m há og lítil um sig. Norðan við þessa vörðu liggur greinilegur götutroðningur til austurs og eru fleiri vörður við hann þegar austar á heiðina kemur. Hugsanlegt er að það sé reiðvegur heim að Hólkoti frá götum 221:012, en þær voru lestarvegur Mývetninga. Nyrðri varðan er líkari hrúgaldi. Hún stendur á gróðurtorfu á annars blásnum melhól. Undirstöður hennar eru mjög grónar og umfangið neðst um 1,5 x 1,5 m en hæð rúmur metri. Skófir vaxa á steinunum. Líklegra virðist að síðarnefnda varðan sé Dagmálavarða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hamar, 2

SÞ-221b:006 tóftir beitarhús 65°38.301N 17°09.724V

Tóftir eru á rana sem aðskilur Ytra- og Neðra-Hólkotsgil, rúma 160 m suður af 001. Grösugur rani í halla mót vestri.

Aðaltóftin er líklega af beitarhúsi með einum garða og hlöðu. Hleðslur eru svo grónar að hvergi sér í grjót, gras er mjög hátt. Tóftin er að mestu grafin inn í dálítinn hól og hleðslur hvergi mjög háar. Stærð er um 5 x 12 m og tóftin snýr austur-vestur. 5 m austan við hana er gryfja sem virðist manngerð, utan í hól, stærð 5 x 8 m. Inni í henni er hleðsla sem líkist garða og skiptir tóftinni næstum í tvennt eftir endilöngu, því kann að vera að skepnur hafi verið hafðar þar. Fast sunnan og suðaustan við þessa tóft vottar fyrir hlöðnu hólfi, 7 x 5 m sem snýr norður-suður með op norðvestast. Þetta hólf virðist fornlegra en tóftirnar sem áður var lýst. Framan við það, syðst, er djúp dokk, um 4 x 3 m sem gæti verið manngerð. Um 30 neðan við þessar rústir er hóll á rananum sem er býsna rústalegur en ekki sjást þar einstakar hleðslur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hamar, 3

SÞ-221b:007 *Strákavað* heimild um vað 65°39.186N 17°10.392V

"Stutt suður af Hrappstaðaey [allstór eyja, niður af Hrappstöðum 002] er Strákaflói, og þar er Strákavað á ánni, nú sjaldan farið," segir í örnefnaskrá. Strákavað var einnig skráð í landi Brettingsstaða vestan ár, sjá 220:025. Áin breiðir úr sér sunnan við eyjuna, þar hefur vaðið verið.

Heimildir:Ö-Hamar, 3

V. Niðurstöður

Laxárdalur er rómaður fyrir náttúrufegurð. Dalurinn er vel gróinn, víða í honum er birkiskógur í örum vexti og í dalsbotni rennur Laxá. Þótt búskapur hafi þar í seinni tíð lagst af að talsverðu leyti er dalurinn enn fremur fjölfarinn, enda er hann vinsæll áningarstaður ferðamanna, s.s. veiðimanna, göngu- og hestafólks. Vegarslóðar liggja inn á dalinn úr norðri og suðri en þeir ná ekki saman og um miðbik dalsins er ófært nema gangandi- eða ríðandi umferð.

Menningarlandslag Laxárdals hefur tekið örum breytingum á síðustu áratugum. Æ fleiri bæir hafa lagst í eyði, verulega hefur dregið úr beit og birkiskógur dreift mikið úr sér. Dalurinn hefur breyst frá því að vera búsældarlegt landbúnaðarsvæði yfir í að vera á stórum köflum yfirgefin náttúruperla. Þessi umskipti hafa haft mikil áhrif á ástand minja bæði til góðs og ills. Í sumum tilfellum eru minjar að hverfa í skóg en á móti kemur að afar lágt hlutfall minja hefur horfið í framkvæmdir og túnasléttun. Sökum þessara breytinga á menningarlandslagi Laxárdals hefur mikilvægi þess að skrá minjar á dalnum lengi verið ljóst. Allt frá því 2002 hafa Hið þingeyska fornleifafélag og Fornleifastofnun Íslands staðið að skráningu á dalnum, með hléum þó. Í skýrslu þessari birtast niðurstöður skráningarinnar en nú hafa samtals verið skráðar 224 fornleifar í sunnanverðum Laxárdal, á því svæði sem tilheyrir Þingeyjarsveit. Sumir minjastaðanna eru í raun minjaþyrpingar s.s. fjöldi kolagrafa eða sel- og býlisrústir með fjölda tófta og garða og því eru skráðar minjaeiningar á þessu svæði mun fleiri eða um eða yfir 300.

Minjar í sunnanverðum Laxárdal

Þær minjar sem skráðar hafa verið í Laxárdal eru afar fjölbreytilegar og almennt verður varðveisla minja á svæðinu að teljast framúrskarandi góð. Á svæðinu leynast fjölmargir áhugaverðir minjastaðir, bæði fornir og yngri, sem vel eru þess virði að þeim sé betri gaumur gefinn (t.d. með frekari rannsóknum og/eða kynningu). Á svæðinu eru talsvert margir minjastaðir sem vel gætu sómt sér á friðlýsingaskrá þó enn sem komið er sé þar engin friðlýst fornleif.

Sérstaka athygli vekur hversu vel varðveittar minjar frá ólíkum tímaskeiðum finnast á dalnum. Á dalnum og á Laxárdalsheiðum er að finna talsvert mikið af fornleifum sem við fyrstu sýn mætt ætla að væru frá fyrstu öldum byggðar. Á það bæði við um umfangsmikil garðakerfi sem þar liggja í flóknu mynstri um dalinn en ekki síður

fjölmargar tóftaþyrpingar og fjölda kolagrafa sem finnast víðs vegar á heiðinni. En þó að margir þessara staða séu án efa frá fyrstu öldum byggðar í landinu eru yngri minjar í Laxárdal ekki síður merkilegar og er varðveisla þeirra sérlega góð. Yngstu staðirnir sem skráðir voru eru raunar of ungir til að geta talist til fornleifa samkvæmt skilningi laganna sem tekur aðeins til minjastaða sem eru 100 ára og eldri. Þar sem talið var að um væri að ræða staði sem gætu gefið mikilvæga innsýn í sögu og byggðarþróun svæðisins var ákveðið að skrá slíka staði og við skráningu því fylgt víðari skilgreiningu á fornleifum en þeirri sem lágmarkskröfur laganna kveða á um. Því voru allir þeir staðir sem taldir voru byggðir samkvæmt fornri hefð skráðir. Þetta var m.a. gert þar sem það þótti mikilvægt að safna sem mestu af þeim upplýsingum sem heimildamenn um dalinn lumuðu á varðandi hús og mannvirki, enda gefa þær fágæta innsýn í þróun búskaparhátta á svæðinu. Hér á eftir verður stiklað á stóru um helstu flokka minja sem skráðar voru á dalnum.

Samtals voru skráðir 17 staðir þar sem talið er líklegt að búseta hafi verið, árstíðabundið eða allt árið um kring.[2] Ástand þessara minjastaða var mjög gott. Á öllum þremur lögbýlunum (á Ljótsstöðum (SÞ-219:001), Brettingsstöðum (SÞ-220:001) og Hamri (SÞ-221:001)) hafa varðveist heillegar tóftir síðustu torfbæjanna. Á Brettingsstöðum hefur aukinheldur verið bent á ógreinilega þúst í túninu skammt frá bæ sem mögulega eldri bæjar- eða skálatóft (SÞ-220:013). Í Hólkoti (SÞ-221b:001) voru, eftir að býlið féll í eyði, byggð beitarhús á bæjarrústunum og því sjást eldri leifar ekki.

Ástand meintra býla á dalnum var oftast fremur gott. Engin ummerki fundust þó um Hrapp- eða Hrafnsstaði (SÞ-221b:002) sem er sögð forn hjáleiga frá Hólskoti og ekki reyndist unnt að staðsetja Hamarsgerði (SÞ-221:031) og Hvítakot (SÞ-221:019) en þessar hjáleigur voru báðar, samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1712, sunnan við Hamar. Á „Kotinu“ (SÞ-221:010) eins og rústir skammt sunnan við heimatún Hamars voru nefndar fundust leifar af túngarði og tóft. Vel má vera að kotið sé það sama og nefnt er Hvítakot eða Hamarsgerði í Jarðabók Árna og Páls en ekki var hægt að skera úr um það með vissu. Örnefnið Hvítaholt (SÞ-221:013) þar sem skráð var bæði garðlag og tvær tóftir verður einnig að teljast grunsamlega líkt Hvítakoti sem Jarðabókin getur um en minjarnar eru norðan við Hamarsbæ en ekki sunnan eins og Jarðabókin segir og því erfitt að vera viss um að um einn og sama staðinn sé að ræða. Á flestum öðrum býlum á

[2] Reyndar er einn staður í viðbót á mörkum Brettingsstaða og Helluvaðs: Geldingatóftir þar sem tvær tóftir og hringlaga gerðir sjást vel. Rústirnar voru skráðar með Helluvaði. Sjá Orri Vésteinsson. 1998:36-37.

skráningarsvæðinu sáust umfangsmeiri rústir sem margar hverjar virtust mjög fornlegar. Ummerki Varastaða (SÞ-219:055) sem getið er í Jarðabók Árna og Páls eru nú að verða ógreinileg sökum mikils gróðurs á svæðinu. Þó má enn greina óljósar tóftir og garðlag í hlíðinni en við skráninguna fundust aðrar og umfangsmeiri, nafnlausar rústir um 500 m ofar og sunnar (SÞ-219:048). Þar fundust nokkrar óræðar rústir, kolagrafir og túngarður í ásenda Gunnvörðuáss. Sporöskjulaga gerði eða vallargarður með 1-2 rústum í og við (SÞ-219:043) voru einnig skráðar á Laxárdalsheiði í landi Ljótsstaða og hefur staðurinn gengist undir nafninu Þrælagerði eða Hringar en er hvergi getið í fornum heimildum. Einnig voru skráðar fjölmargar minjaþyrpingar býla eða útstöðva sem líklega eru frá sama tímabili, þó að um það verði ekki skorið nema með uppgreftri.

Jarðabók Árna og Páls getur aðeins um eina hjáleigu í landi Brettingsstaða, Brettingsstaðasel (SÞ-220:058). Þar sjást enn nokkrar, misgreinilegar tóftir en ekki virðist umfang þeirra þannig að augljóslega skuli telja að þar hafi verið býli. Í landi Brettingsstaða voru hins vegar skráðar tóftaþyrpingar og garðlög á þremur stöðum til viðbótar. Nafnlaust hringlaga gerði (SÞ-220:033) með 3-4 tóftum fannst skammt austan við Másvatn. Tóftirnar eru fornlegar en ekkert er vitað um hlutverk þeirra en ekki er ólíklegt að þær hafi verið sel/útstöð fremur en að þar hafi verið heilsársbúseta. Sömu sögu er að segja um fornlegar tóftir og garðlög (SÞ-220:056) sem byggð eru norðan í ásenda um 2 km suðvestan við Brettingsstaðabæ. Á rústasvæði, sem í seinni tíð hefur verið kallað Holt (SÞ-220:059) og er rúmlega 1,5 km norðvestur af Brettingsstöðum gat að líta eina umfangsmestu rústaþyrpingu sem skráð var í sunnanverðum Laxárdal. Alls umlykur garðlag þar svæði sem er um 430 x 230 m stórt og alls fundust 11 rústir innangarðs auk nokkurra þústa og dælda sem gætu einnig verið mannvirkjaleifar. Rústasvæðið er óvenjulegt, bæði stærð þess svæðis sem er afmarkað með garði og dreifing rústanna, en þær eru flestar í hnapp syðst á svæðinu. Sigurður Þórarinsson og Jón Sigurgeirsson frá Helluvaði skoðuðu staðinn árið 1984 og tóku þá prufuskurði sem bentu til að svæðið hefði verið fallið úr notkun fyrir um 1100. Staðurinn er nafnlaus, þ.e. hans er ekki getið svo vitað sé í fornum heimildum en leiddar hafa verið að því líkur að rústirnar séu af þeim bæ sem nefndur er Holt í Reykdælasögu og hefur nafnið síðan gjarnan verið notað um rústirnar.

Um nákvæmt hlutverk flestra þeirra tóftaþyrpinga sem fjallað hefur verið um hér er ekki vitað. Líklegast er að sumir staðanna hafi verið e.k. útstöð/sel en sumir þeirra gætu jafnvel verið býli þar sem búið var allt árið um kring. Forvitnilegt væri að kanna

marga af umræddum minjastöðum betur, t.d. í þeim tilgangi að varpa betra ljósi á aldur þeirra og hlutverk og reyna þannig að dýpka skilning á upphafi búsetu og þróun hennar á þessum slóðum sem og landnýtingu.

Samtals voru skráð 29 garðlög í suðurhluta Laxárdals. Aldur garðlaganna spannar án efa mestalla búsetusögu svæðisins, þau elstu eru líklega frá fyrstu öldum byggðar en þau yngstu voru hlaðin á 20. öld. Skráðir voru túngarðar, landamerkjagarðar og vörslugarðar og voru styðstu garðlögin aðeins bútar, örfáir metrar að lengd en það lengsta var rakið á tæplega 3 km löngum kafla. Á tíu stöðum fundust leifar garðlaga sem skrásetjarar töldu að tilheyrðu fornu garðakerfi dalsins og voru allir garðarnir vestan megin í dalnum. Í hlíðinni ofan við Ljótsstaði var skráður langgarður á tveimur stöðum.[3] Garður (SÞ-219:096) liggur allt frá landamerkjum í norðri og að Bæjarmýri þar sem hann endar í sveig. Hugsanlega hefur þó garðurinn greinst áður en hann sveigir að mýrinni og angi haldið áfram til suðurs. Sunnan við Grundará má aftur greina garðlag á svipuðum stað í hlíðinni (SÞ-219:076) og er vel mögulegt að garðarnir hafi upprunalega náð saman þó að hluti þess garðs sé þá horfinn í deiglendi. Langgarðurinn sunnan Grundarár liggur til suðurs í um 400 m áður en hann sveigir til austurs og liggur niður hlíðina. Hann endar í suðurhlið túngarðs tóftaþyrpingar (SÞ-219:048). Frá langgarði SÞ-219:096 liggja a.m.k. tveir þvergarðar til austurs (SÞ-219:016 og 068) langleiðina niður hlíðar Laxárdals þó hvorugan mætti rekja alla leið að Laxá. Annar þvergarður (SÞ-219:095) sem gæti mögulega verið framhald 068 fannst svo nokkru vestar, á Laxárdalsheiðum og virtist hann liggja í átt að Sauðhóli á heiðinni en hverfur fremur fljótt í mýrina. I landi Brettingsstaða voru skráðir 3-4 fornlegir garðar sem áttu það allir sameiginlegt að enginn þeirra getur talist eiginlegur langgarður. Engar leifar langgarðs fundust sum sé í Brettingsstaðalandi en ljóst er að afar líklegt er að þar hafi verið slíkur garður. Áframhaldandi rannsóknir gætu leitt hann í ljós enda var aðeins gengið á þekkta minjastaði við skráninguna en heiðarnar ekki þaulgengnar.[4] Þvergarður var skráður nyrst í landareigninni, til norðurs frá norðurvallargarði Holts (SÞ-220:059). Sunnarlega í landareign Brettingsstaða var skráður annar þvergarður (SÞ-220:058) allt frá Másvatni og slitrótt yfir alla heiðina og yfir í Laxárdal. Hann varð ógreinilegur þegar halla tók

[3] En langgarður er garður sem liggur eftir endilöngum hlíðum, samsíða hæðarlínum í landinu.
[4] Skráningu hamlaði líka talsvert að skrásetjarar höfðu ekki loftmyndir við hönd sem eru eitt mikilvægasta hjálpartæki skrásetjarans. Loftmyndaleysi ásamt þeirri staðreynd að hlíðarnar þar sem langgarð kynni helst að vera að finna voru víða á kafi í skógi gætu skýrt þá staðreynd að slíkur garður fannst ekki að þessu sinni langgarðsleysið.

undan fæti í Laxárdal en vel er mögulegt að norðurhlið vallargarðs Brettingsstaðasels (SÞ-220:058) sé í raun eiginleg framhald af honum þó hann sé ekki á merkjum. Á milli þessara garða fundust svo mjög óljós ummerki þar á svipuðum slóðum og Vatnshólastígur (SÞ-220:045) lá yfir heiðina og var skráður með þeim. Hann verður ógreinilegur áður en komið er að vallargarði tóftarþyrpingar SÞ-220:033. Fjórði forngarðurinn (SÞ-220:036) sem skráður var í landi Brettingsstaða lá skáhallt eftir lág utan í blásnu holti. Hann var aðeins hægt að rekja á stuttum kafla og því lítið hægt að segja um áframhaldandi legu hans. Fornu garðarnir í Laxárdal geta gefið mikilvægar vísbendingar um skipulag lands og landnýtingu á fyrri öldum og eru áhugavert rannsóknarefni sem vert væri að kanna betur.

Í Laxárdal og heiðunum ofan hans er að finna þéttriðið net leiða en samgönguminjar reyndust einn stærsti minjaflokkurinn sem var skráður (48 minjar). Samtals voru skráðar 32 leiðir. Sumar þeirra voru á milli staða innan landareigna eða á milli nágrannabæja en einnig voru skráðar fjölmargar leiðir sem tengdu Laxárdal við nærliggjandi sveitir eða voru þjóðleiðir um landshluta. Auk leiðanna voru skráðir 16 aðrir staðir sem flokka mætti sem samgönguminjar s.s. vöð, ferjustaðir, brýr.

Einn stærsti minjahópurinn voru ýmiskonar útihús og mannvirki í heimatúnum lögbýlanna. Samtals voru skráð 29 slík mannvirki í heimatúnum jarðanna fjögurra en mun fleiri tóftir sem líklega hafa gegnt svipuðum hlutverkum voru skráðar með býlum, útstöðvum og hjáleigum og fengu því ekki sérstakt númer. Þau hús sem voru skráð í heimatúnum jarðanna fjögurra voru flest voru útihús af ýmsum toga (24 slík hús) svo sem fjárhús, lambhús, hesthús og geitakofar en einnig voru skráðar smiðjur (þrjár sem allar voru á Ljótsstöðum SÞ-219:024-26), kálgarður (á Brettingsstöðum 220:061 en annar var reyndar sambyggður bænum á Ljótsstöðum SÞ-219:001) og meint kirkju/bænhústóft sem er við bæinn á Brettingsstöðum og er enn óröskuð (SÞ-220:002). Ástand þessa minjahóps er einstaklega gott en þessar minjar eru jafnan þær sem verst verða úti á bæjum sem enn eru í byggð og hafa þá undantekningalítið þurft að víkja fyrir yngri húsum, í sléttun eða öðrum framkvæmdum.

Á 31 stað í sunnanverðum Laxárdal fundust leifar mannvirkja sem vitna um skepnuhald í úthögum. Meðal þessara staða voru tveir nátthagar (SÞ-219:077 og 220:052) og sex kvíar (tvennar í landi Ljótsstaða SÞ-219:015 og 035, þrennar í landi Brettingsstaða SÞ-220:012, 031 og 063 og einar í landi Hamars SÞ-221:007). Ummerki

um öll þessi mannvirki sáust ef frá eru taldar aðrar kvíarnar á Ljótsstöðum (SÞ-219:015).

Aðeins var skráður einn stekkur (SÞ-220:030)á svæðinu og ekki fundust leifar hans. Líklegt má hins vegar telja að annar stekkur hafi verið þar sem skráð voru beitarhús í landi Ljótsstaða (SÞ-219:056). Umræddar beitarhúsarústirnar voru byggðar við Stekkjarlæk og sáust ummerki um fleiri en eitt byggingarstig mannvirkja á staðnum. Samtals voru skráðar átta réttir. Flestar þeirra voru dæmigerðar heimaréttir, annað hvort einfaldar eða skiptust í 2-3 hólf (t.d. SÞ-219:027 og 067, SÞ-220:018 og SÞ-221:020 og 027). Tvær réttanna í landi Brettingsstaða (SÞ-220:016 og SÞ-220:027) voru í svokölluðu Haldi við Laxá og hafði þar verið hlaðið í hraunjaðarinn og svæðið nýtt til samreksturs að vori og hausti. Ein skilarétt var skráð (SÞ-221:015) í landi Hamars. Réttin, eða a.m.k. almenningurinn, er teiknuð inn á túnakort frá 1919 og hefur því talist til töðuvallar þá. Réttin skiptist í almenning og 9-10 lítil dilka og er enn nokkuð stæðileg.

Skráð voru fjárskýli á sjö stöðum og voru öll nema eitt í landi Ljótsstaða (SÞ-219:029, 049, 050, 057, 058 og 029 og SÞ-221:008). Flest fjárskýlin samanstóðu af hellum sem hlaðið hafið verið fyrir, í kringum eða innan í. Vitneskja um nýtingu þessara gömlu hella er nú óðum að týnast og var nokkrum erfiðleikum bundið að staðsetja suma þeirra með vissu.

Ummerki beitarhúsa voru skráð á fimm stöðum á svæðinu. Í landi Ljótsstaða voru skráðar 2-3 tóftir og garðlag (SÞ-219:056) þar sem síðast var beitarhús en líklega hefur verið stekkur áður, enda við Stekkjarlæk eins og áður var getið. Í landi Brettingsstaða voru beitarhús þekkt á tveimur stöðum. Önnur beitarhúsin nefndust einfaldlega Hús (SÞ-220:039) og eru nærri Másvatni en beitarhúsin þar lögðust af undir lok 19. aldar þó að þau hafi allt fram til 1920 verið nýtt sem vargskýli. Þar sjást leifar frá eldri byggingarstigum og má vel vera að þar hafi einhvern tíma verið haft í seli. Hin beitarhúsin í landi Brettingsstaða voru byggð upp á leifum Brettingsstaðasels (SÞ-220:058) löngu eftir að það hafði fallið úr notkun. Húsin í Brettingsstaðaseli sem jafnan voru nefnd Húsatóft voru í notkun fram yfir 1874. Í landi Hólkots voru skráð tvenn beitarhús. Önnur þeirra (SÞ-221b:001) voru byggð á bæjarhól jarðarinnar eftir að hún féll úr byggð og nýtt frá Hamri, sjálfsagt fram undir eða yfir 1900. Hin beitarhúsin (SÞ-221b:006) í landi Hólkots voru skammt utan við tún en þeirra er ekki getið í heimildum svo vitað sé og ekkert er vitað um hvenær þau voru í notkun.

Á skráningarsvæðinu fundust aðeins vísbendingar (í örnefnum og öðrum heimildum) um sel á tveimur stöðum. Annað þeirra, Brettingsstaðasel (SÞ-220:058), sem áður er getið hefur verið selstaða og jafnvel býli á fyrri öldum. Þar sást áður vallargarður sem girti svæðið af alveg niður í Laxá og innan hans nokkrar rústir. Rústirnar og hluti vallargarðs sjást enn þó að þær séu óðum að hverfa í gróður. Hitt örnefnið á skráningarsvæðinu sem bendir til selstöðu er Seltangi í landi Hamars (SÞ-221:018) sem gengur út í Sandvatn rúma 3 km austan við bæ. Þar sjást nú engar greinilegar rústir en svæðið er á kafi í viði. Vert er að benda á að ekki er ólíklegt að einhverjar af hinum fjöldamörgu rústaþyrpingum sem fjallað er um fyrr í þessum kafla kunni einmitt að hafa verið sel/útstöðvar þó erfitt sé að fullyrða um hlutverk þessara staða án frekari rannsókna.

Laxárheiðar eru geysi víðlendar og á þeim fundust minjar um margvíslega landnýtingu. Sérstaka athygli vöktu umfangsmiklar kolagrafir sem skráðar 16 stöðum og oft voru miklar þyrpingar (SÞ-219:051, 059, 073, 085 og SÞ-220:020, 026, 043, 053, 056, 071, 073, 075, 079, 082, 083 og 084). Grafirnar sem fundust við vettvangsgöngur voru í heiðinni ofan við bæina á Ljótsstöðum og Brettingsstöðum og einnig í vesturhlíðum heiðarinnar, nærri Másvatni. Kolagrafir er víða að finna um heiðina þvera milli Brettingsstaða og norðurenda Másvatns og benda þær til að skógur í Laxárdal og Reykjadal kunni að hafa náð saman fyrr á öldum.Grafirnar eru skemmtilegt minnismerki um þann mikla skóg sem var á svæðinu á fyrri öldum.

Ýmsar aðrar minjar fundust sem vitna um landnýtingu í úthögum. Mógrafir og rista voru skráðar á nokkrum stöðum (mógrafir SÞ-219:046 og 091, SÞ-220:054 og rista SÞ-220:051) og á þremur stöðum voru skráð tjaldstæði þar sem legið var við í grasaferðum (SÞ-219:047 og 079 og SÞ-220:038). Fjögur heystæði/heygarðar voru skráð sem voru öll við engjar og mýrar þar sem slegið var. Öll heystæðin reyndust í landi Ljótsstaða (SÞ-219:034, 042, 054 og 078) en þau hafa vafalaust verið mun víðar þó að ekki hafi fundist vísbendingar um það í þessari yfirferð.

Auk þeirra minjaflokka sem hér hefur verið minnst lauslega voru margvíslegar fleiri minjar skráðar, s.s. eyktarmörk, áveitur, naust, huldufólksbústaðir og fjölmargar tóftir og vörður sem ekki er vitað í hvaða tilgangi voru byggðar.

Almennt verður ástand minja í Laxárdal sunnanverðum að teljast framúrskarandi gott. Aðeins um 13% þeirra minjastaða sem voru skráðir reyndust alveg horfnir, en á öðrum stöðum sáust einhverjar minjar. Þetta hlutfall er afar lágt og skýrist það að hluta til með þeirri staðreynd að jarðirnar sem skráðar voru eru allar komnar í eyði og því hafa stórfelldar framkvæmdir, sem gjarnan fylgja búskaparháttum á seinni hluta 20. aldar, haft þar minni áhrif en ella. Jarðirnar eru einnig landmiklar og hefur það sitt að segja, þ.e. ekki var eins mikil þörf að því að nýta og endurnýta sérhvern skika lands með sama hætti og gjarnan reynist nauðsynlegt á landlitlum jörðum. Á vettvangi var alls staðar lagt mat á þá hættu sem steðjaði að hverjum minjastað og reyndist mikill meirihluti minjastaða ekki í hættu (ríflega 90%). Þeir staðir sem töldust í hættu reyndust vera ógnað af náttúrlegum orsökum, s.s. vaxandi birkiskógi í dalnum eða uppblæstri/rofi.

Brettingsstaðir, Ljótsstaðir og Hamar eru allt víðfeðmar jarðir með gott heiðarland og útbeit og aðgang að veiði í ám og vötnum. Engu að síður töldust þær ekki sérstakar kostajarðir á síðari öldum og í lýsingu frá lokum 19. aldar eru Brettingsstaðir t.d. kallaðir harðbalakot og jörðin sögð sú versta í Laxárdal. Fyrstu niðurstöður skráningar gefa vísbendingar um að jarðirnar innst í Laxárdal megi muna fífil sinn fegri og að þær hafi mögulega verið álitnar mun meiri kostajarðir á fyrri öldum en undir það síðasta. Um það bera m.a. fornleifar á jörðunum vitni.

Næstu skref

Með skýrslu þessari er stigið mikilvægt skref í áttina að fullnaðarskráningu Laxárdals. Efsti hluti dalsins tilheyrir Skútustaðahreppi og er að fullu skráður og þegar bætt er við þeim fornleifum sem nú hafa verið skráðar í þeim hluta sem tilheyrir Þingeyjarsveit má segja að skráningu á um þriðjungi Laxárdals sé lokið. Undirbúningur að frekari skráningu er hafinn og haustið 2013 voru tekin ítarleg viðtöl við ábúendur á næstu jörðum norðan við það skráningarsvæði sem hér er til umfjöllunar (á Þverá og Auðnum). Stefnt er að því að reyna með öllum tiltækum ráðum að fjármagna áframhaldandi skráningu norður eftir Laxárdal á næstu árum.

Byggingararfur Laxárdals og búskaparhættir hafa tekið miklum stakkaskiptum á 20. öld. Enn er fólk á lífi sem mann myndarlegan búskap á eyðijörðum sem við fyrstu sýn gætu virst úr grárri forneskju. Aldraðir Laxdælingar muna tímanna tvenna: horfna

búskaparhætti, aflagðar tóftir og gömul munnmæli. Heimildamenn sem búa eða bjuggu á dalnum kunna frásagnir af því hvernig það var að alast upp í torfbæ og hvernig það er að halda við torfbyggingum og berjast gegn niðurbroti tímans. Á dalnum býr fólk sem man eftir því hvernig mór var stunginn í mýrinni ofan við bæinn, getur sagt frá því hvernig beðaslétturnar þurftu að víkja þegar dráttarvélin kom og hvernig umferð um dalinn breyttist þegar akvegur var lagður. Allt eru þetta afar mikilvægir þættir við skráningu menningararfsins. Heimildamönnum sem muna mikilvæg umbrotaár á fyrri hluta 20. aldar og horfna búskaparhætti fer óðum fækkandi. Það er því brýnt verkefni að halda áfram skráningu í Laxárdal og safna kerfisbundið frásögnum heimildamanna. Dýpstan og skemmtilegastan fróðleik um menningarlandslag í Laxárdal og sögu dalsins fáum við með því að flétta saman við skráninguna frásögnum þeirra sem þekkja dalinn og þann menningarheim sem nú er óðum að hverfa.

Stefnt er að því nýta þá þekkingu sem safnað er um minjar í Laxárdal til að miðla fróðleik um menningarlandslag, búskaparhætti, húsakynni og lífið í Laxárdal á fyrri öldum. Ljóst er að heildarskráning á minjum í Laxárdal hefur alla burði til að verða mikilvægur upplýsingagrunnur fyrir framtíðina og gæti hún jafnframt orðið grunnur að frekari rannsóknum og kynningu á menningararfinum á svæðinu. Það er ljóst að dalinn prýðir flest það sem prýtt getur spennandi minjasvæði. Þar liggja voldugir garðar eftir heiðum, forn og yngri eyðibýli leynast víða í lautum og hvömmum, kolagrafir frá fyrstu öldum finnast í hópum víða og bæjarrústir síðustu bæja og útihúsa sem byggð voru á 19. og 20. öld standa lítt hreyfðar. Saman gefa minjar á dalnum dýrmæta innsýn í sögu svæðisins.

Útgangspunktur í kynningu dalsins gæti orðið heimatún Þverár (sem enn er óskráð) og jarðirnar þar sunnan við (þar sem skráningu er nú að mestu lokið). Þverárbærinn, sem er nú hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands þykir afar haglega gerður og gott dæmi um norðlenskan torfbæ. Auk er að finna innantúns kirkju og kirkjugarð og fjölmörg útihús með gömlu byggingarlagi . Allt svæðið er umgirt túngarði úr torfi og grjóti og öllum mannvirkjunum hefur verið haldið við af natni allt til þessa, en ábúendur hafa ætíð verið í forystuhlutverki við viðhald mannvirkja á jörðinni. Minjaheildin á Þverá er að mörgu leyti einstæð á landsvísu og ljóst er að bærinn gæti hentað vel til að sýna byggingarhefð og jafnvel forna búskaparhætti en m.a. hafa komið

upp hugmyndir um að gera hann að lifandi safni.[5] Bærinn er í eigu Þjóðminjasafns Íslands og Menningarráð Eyþings veitt nýverið lítinn styrk til að vinna í því að því að marka upphafið að umfangsmeiri, menningartengdri ferðaþjónustu á jörðinni. Enn hefur engin fornleifaskráning farið fram þar en brýnt er að slík skráning fari fram sem allra fyrst.

Heimamenn á svæðinu hafa áhuga á því að Þverárminjar verði nýttar betur í framtíðinni til að kynna menningarsögu svæðisins og að menningarlandslag og minjar í Laxárdal verði að einhverju leyti nýttar í sama tilgangi, þ.e. til að gera dalinn ákjósanlegri til gönguferða og skoðunar. Til að byggja slíka vinnu á traustum grunni þarf að stefna að því að halda áfram og ljúka skráningu á minjum í Laxárdal á allra næstu árum.

[5] sbr. orð Hjörleifs Stefánssonar í fréttinni „Miklar framkvæmdir á Þverá í Laxárdal“ sem birtist í *Morgunblaðinu* 30. september 1998.

Heimildaskrá

BBSÞ: Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson. *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*. [Án útgáfustaðar], 1986.

Bruun, Daniel. *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island.* Kaupmannahöfn, 1928.

Brynjúlfur Jónsson. „Rannsóknir á Norðurlandi sumarið 1900. Reykdælaleið.“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1901*,13-14.

Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905.“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1906*, 3-27.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* II. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar.

Hjörleifur Stefánsson. „Miklar framkvæmdir á Þverá í Laxárdal“ *Morgunblaðið* 30. september 1998.

ÍF I: *Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma.* Reykjavík, 1968.

ÍF X: *Íslensk fornrit X. Ljósvetningasaga með þáttum, Reykdælasaga og Víga-Skútu.* Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag 1940.

JÁ: Jón Árnason. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri.* I-VI bindi. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfu. Reykjavík, Þjóðsaga, 1954-60.

JÁM XI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þingeyjarsýsla.* XI bindi. Kaupmannahöfn, 1943.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn, 1847.

Jóhann Skaptason. „Reykdælahreppur og Aðaldælahreppur.“ *Árbók 1978. Ferðafélag Íslands.* Reykjavík, 11-63.

KEKH 2000: Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi.* Reykjavík, Mál og menning, 2000.

KK: Kålund, Kristian. *Íslenskir sögustaðir. Norðlendingafjórðungur* III. Reykjavík, Örn og Örlygur, 1986.

LÞ I: Jón Sigurðsson. *Lýsing Þingeyjarsýslu* I. *Suður Þingeyjarsýsla.* Helgafell, Reykjavík 1954.

Matthías Þórðarson. „Smávegis. Um staði og fornminjar.“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1924*, 42-58.

Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi I.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS022-96011, 1998.

Sigurður Þórarinsson. „Gjóskulög og gamlar rústir. Brot úr íslenskri byggðasögu.“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1976*, 5-38.

SSÞ: Þingeyjarsýslur. *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844.* Reykjavík, Gott mál, 1994.

Sturlunga saga. I-II bindi. Reykjavík, 1946.

Óútgefnar heimildir

Túnakort: Uppdrættir af túnum í Reykdælahreppi 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Brettingsstaðir viðb. og ath.: Viðbætur og athugasemdir við örnefnaskrá Brettingsstaða. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnasafn.

Ö-Brettingsstaðir: Örnefni Brettingsstaða. Konráð Erlendsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnasafn.

Ö-Hamar: Örnefni Hamars. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnasafn.

Ö-Hamrar: Örnefni Hamra. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnasafn.

Ö-Hólkot: Örnefni Hólkots. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnasafn.

Ö-Ljótsstaðir: Örnefni Ljótsstaða. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnasafn.

Ö-Máskot: Örnefni Máskots. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnasafn

Ö-Hallbjarnarstaðir: Örnefni Hallbjarnarstaða. Teitur Björnsson og Björn Teitsson skráðu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnasafn

Ö-Halldórsstaðir: Örnefni Halldórsstaða í Laxárdal. William Pálsson og Þór Pálsson skráðu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnasafn.

Ö-Þverá: Örnefni Þverár. Jónas Snorrason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnasafn.

Minjastaðir með sérheiti – í stafrófsröð

Sérheiti	Samtala
Aðhald	SÞ-219:035
Á kotinu	SÞ-221:010
Baldagarður	SÞ-221:017
Bóndhóll	SÞ-219:044
Braut	SÞ-220:003
Brettingsstaðasel	SÞ-220:058
Brettingsstaðir	SÞ-220:001
Brunaklettur	SÞ-219:031
Brunnhús	SÞ-220:019
Búkonuhóll	SÞ-220:050
Bæjarvað	SÞ-219:070
Bæjarvað	SÞ-219:052
Dagmálavarða	SÞ-221b:005
Efri-Brekkustígur	SÞ-219:009
Ferjubjarg	SÞ-220:029
Ferjuflói	SÞ-220:023
Fúshólmavað	SÞ-220:022
Gamligarður	SÞ-220:060
Garðsendavað	SÞ-219:069
Gatan	SÞ-219:053
Geirastígar	SÞ-219:039
Geitakofi	SÞ-220:035
Grófarvað	SÞ-219:040
Gunnuvarða	SÞ-220:051
Gunnuvörðustígur	SÞ-220:024
Hald	SÞ-220:016
Hald	SÞ-220:027
Hallagata	SÞ-219:065
Hallsgötur	SÞ-219:099
Hamar	SÞ-221:001
Hamarsgerði	SÞ-221:031
Haughóll	SÞ-219:025
Holt	SÞ-220:059
Hólkot	SÞ-221b:001
Hólkotsklappir	SÞ-221b:004
Hólmavað	SÞ-219:072
Hrappstaðir	SÞ-221b:002
Hringar	SÞ-219:043
Hringhellir	SÞ-219:050
Hróhellir	SÞ-219:060
Hús	SÞ-220:039
Húsgötur	SÞ-220:042
(Hvítaholt)	SÞ-221:013
Hvita kot	SÞ-221:019
Jarðbrú	SÞ-219:087
Karlmannstjarnarstígur	SÞ-220:047
Kerlingarblettur	SÞ-221b:003
Kerlingarklettur	SÞ-219:030
Kiðuhvammur	SÞ-221:016
Kirkjuhóll	SÞ-220:002
Klifið	SÞ-219:033
Kofabrotshóll	SÞ-219:018
Kofabrotspollur	SÞ-219:075
Kofi	SÞ-220:007
Kolagrafarmelur	SÞ-220:053
Kolalág	SÞ-220:026
Kúahlöðuhóll	SÞ-219:002
Kúastígar	SÞ-220:048
Kvíaból	SÞ-219:015
Kvíar	SÞ-221:007
Kvíholt	SÞ-220:031
Kvíhús	SÞ-219:006
Lambahellir	SÞ-219:058
Lambhús	SÞ-220:005
Langholtsmýrargata	SÞ-219:066
Ljótsstaðagata	SÞ-219:100
Ljótsstaðir	SÞ-219:001
Lækjargarður	SÞ-220:015
Lækjarhús	SÞ-219:004
Máskotsgötur/ Efri-Máskotsgötur	SÞ-219:067
Merkjaflötur	SÞ-219:008
Merkjagarður	SÞ-220:032
Miðgötur	SÞ-220:044
Naust	SÞ-220:040
Neðri- Brekkustígur	SÞ-219:063
Reykjadalsgötur	SÞ-219:086
Samföstuhús	SÞ-220:008
Sauðahellir	SÞ-220:052
Seltangi	SÞ-221:018
Sjónarhólsvarða	SÞ-219:012
Skjöldugata	SÞ-219:101
Skotið	SÞ-219:062
Smiðjuhóll	SÞ-219:024
Stekkjarlækur	SÞ-219:056

Strákavað	SÞ-221b:007
Strákavað	SÞ-220:025
Stúlkuhellir	SÞ-221:021
Svarðargróf	SÞ-219:091
Syðra-Flag	SÞ-220:012
Syðri Heygarðar	SÞ-219:042
Tjaldlág	SÞ-219:079
Tjaldlág	SÞ-219:047
Tjaldlág	SÞ-220:038
Tvídyrahús	SÞ-219:005
Út- og upphús	SÞ-220:006
Varastaðavað	SÞ-219:071
Varastaðavað	SÞ-221:011

Varastaðir	SÞ-219:055
Vatnsásvarða	SÞ-220:037
Vatnshólastígur	SÞ-220:045
Vörðuflói	SÞ-220:021
Vörðugeiri	SÞ-219:036
Vörður	SÞ-220:055
Ytri-Gunnvarða	SÞ-219:045
Ytri-Heygarðar	SÞ-219:034
Ytri-og Syðri-Hróhelliskot	SÞ-219:061
Yzthellir	SÞ-219:057
Ærstígar	SÞ-220:049
Ærvað	SÞ-219:038

HNITASKRÁ Í LANDSHNITAKERFI (ISN93)

Samtala	Longitude	Latitute
SÞ-219:001	582567	577734.8
SÞ-219:002	582560.1	577770.3
SÞ-219:003	582572.92	577877.6
SÞ-219:004	582553.98	577680.37
SÞ-219:005	582543.73	577608.18
SÞ-219:006	582572.72	577543.88
SÞ-219:007	582586.92	577564.39
SÞ-219:008	582605.26	578503.23
SÞ-219:009	582275.29	578738.93
SÞ-219:010	582465.62	578411.52
SÞ-219:011	581996.99	577604.23
SÞ-219:012A	582010.21	578231.64
SÞ-219:012B	582009.22	578231.24
SÞ-219:013	581711.99	580710.49
SÞ-219:014	582371.15	577908.17
SÞ-219:015	582521.05	577702.46
SÞ-219:016	582144.92	577613.9
SÞ-219:017A	582692.84	577916.65
SÞ-219:017B	582559.7	577908.37
SÞ-219:017C 1	582559.31	577908.17
SÞ-219:017C 2	582507.63	577805.81
SÞ-219:017C 1	582559.31	577908.17
SÞ-219:017C 2	582507.63	577805.81
SÞ-219:017D	582730.51	577505.02
SÞ-219:018	582595.01	577896.34
SÞ-219:019	582540.18	577829.28
SÞ-219:020	582501.32	577810.34
SÞ-219:021	582572.13	577695.75
SÞ-219:022	582563.25	577654.72
SÞ-219:023	582631.1	577707.39
SÞ-219:024	582528.15	577725.73
SÞ-219:025	582592.64	577748.02
SÞ-219:026	582501.32	577690.42
SÞ-219:027	582681.59	577497.92
SÞ-219:028	582654.97	577653.34
SÞ-219:029	582601.52	577549.8
SÞ-219:030	582650.43	577797.72
SÞ-219:031	582663.65	577728.69
SÞ-219:032	582683.96	577703.44
SÞ-219:033	582645.11	577916.85
SÞ-219:034	582040.78	577578.39
SÞ-219:035	582802.7	577161.83
SÞ-219:036	582546.29	577043.89
SÞ-219:037	582385.15	577278.79
SÞ-219:038A	582673.51	576998.72
SÞ-219:038B	582697.18	577029.09
SÞ-219:038C	582709.6	577041.52
SÞ-219:039	582670.15	577010.16
SÞ-219:040	582363.85	576809.97
SÞ-219:041	582102.51	577619.22
SÞ-219:042	582095.21	577543.88
SÞ-219:043A	580797.6	577586.68
SÞ-219:043B	580770.19	577591.02
SÞ-219:044A	580792.48	577023.97
SÞ-219:044b	580797.21	577023.77
SÞ-219:045	583093.82	575580.6
SÞ-219:046	583036.22	575650.81
SÞ-219:047	580979.65	576000.12
SÞ-219:048A	583038.79	575845.49
SÞ-219:048B i	583052.99	575825.57
SÞ-219:048B ii	583057.13	575825.96
SÞ-219:048C	583090.66	575736.61
SÞ-219:048D	583048.45	575760.28
SÞ-219:048E	583083.56	575730.1
SÞ-219:049	583716.09	574916.51
SÞ-219:051A	581636.05	574340.19
SÞ-219:051B	581483.98	574682.19
SÞ-219:051C	581446.9	574738.6
SÞ-219:051D	581457.36	574773.12
SÞ-219:051E	581471.16	574807.63
SÞ-219:051F	581371.76	575120.25
SÞ-219:052	583509.98	575753.97
SÞ-219:053	583490.65	575727.54
SÞ-219:054	582475.68	575286.72
SÞ-219:055A	582895.2	576400.11
SÞ-219:055B	583051.21	576381.18
SÞ-219:055C	583075.47	576375.46
SÞ-219:055D	583077.25	576348.04
SÞ-219:056A	583067.58	576382.56
SÞ-219:055B	583051.21	576381.18
SÞ-219:055C	583075.47	576375.46
SÞ-219:055D	583077.25	576348.04
SÞ-219:056A	583067.58	576382.56
SÞ-219:057A	583060.48	576447.45
SÞ-219:057B	583056.14	576451.79
SÞ-219:057C	583058.31	576462.63

SÞ-219:058	583073.9	576414.12
SÞ-219:058_ op	583068.77	576418.06
SÞ-219:059	582820.84	575637.4
SÞ-219:060	583190.46	576207.22
SÞ-219:060 Hl	583184.35	576214.32
SÞ-219:060 hola	583188.69	576203.07
SÞ-219:060 l	583190.46	576206.62
SÞ-219:061A	583253.38	576235.03
SÞ-219:061B	583248.84	576243.7
SÞ-219:062	583024.78	576486.5
SÞ-219:063	582522.43	578537.35
SÞ-219:064	582639.39	578077.2
SÞ-219:065	581385.96	578046.24
SÞ-219:066	582385.15	576905.82
SÞ-219:067	581970.76	576928.5
SÞ-219:068	582259.91	577998.11
SÞ-219:069	582677.85	577900.87
SÞ-219:070A	582723.8	577535.79
SÞ-219:070B	582709.4	577598.91
SÞ-219:071	583275.67	576389.07
SÞ-219:072	583209	576427.92
SÞ-219:073A	582348.66	576896.16
SÞ-219:073B	582347.08	576896.55
SÞ-219:073C	582345.31	576899.31
SÞ-219:073D	582347.08	576896.16
SÞ-219:073E	582346.69	576890.83
SÞ-219:073F	582343.73	576887.28
SÞ-219:073G	582339.98	576888.66
SÞ-219:073H	582337.42	576885.7
SÞ-219:073I	582349.65	576878.41
SÞ-219:073J	582361.09	576875.65
SÞ-219:073K	582361.48	576875.45
SÞ-219:073L	582368.78	576875.84
SÞ-219:073M	582366.02	576878.8
SÞ-219:073N	582365.03	576890.04
SÞ-219:073O	582356.16	576893.2
SÞ-219:073P	582356.55	576893.99
SÞ-219:073Q	582359.11	576900.89
SÞ-219:073R	582336.63	576894.97
SÞ-219:073S	582397.38	576901.88
SÞ-219:073T	582356.35	576902.07
SÞ-219:074	581375.5	574867.79
SÞ-219:075	582724.79	578494.55
SÞ-219:076a	582509.01	575733.06
SÞ-219:076b	582396	576154.16
SÞ-219:077A	582804.87	576943.1

SÞ-219:077B	582859.11	576924.95
SÞ-219:078	583055.95	576490.05
SÞ-219:079	582874.1	576123.98
SÞ-219:080	582740.57	577111.34
SÞ-219:081	582647.47	578187.65
SÞ-219:082	582709.21	577592.6
SÞ-219:083	582112.37	576208.99
SÞ-219:084	582771.14	577193.19
SÞ-219:085a	583587.5	575366.8
SÞ-219:085b	583539.76	575474.68
SÞ-219:086A	582037.82	577817.05
SÞ-219:086B	581728.95	577989.83
SÞ-219:087	581990.29	576887.68
SÞ-219:088	582309.41	577503.64
SÞ-219:089a	583300.12	576203.67
SÞ-219:089b	583370.73	576247.45
SÞ-219:090	582288.31	577559.07
SÞ-219:091	581969.97	576659.08
SÞ-219:092	583127.54	576169.15
SÞ-219:093	583069.56	575648.45
SÞ-219:094	582894.21	576448.63
SÞ-219:095	581705.08	578016.85
SÞ-219:096a	582046.89	577685.1
SÞ-219:096B	582067.01	577731.65
SÞ-219:096C	581937.82	578478.38
SÞ-219:096D	582055.77	578895.73
SÞ-219:097	582116.91	577552.56
SÞ-219:098	583091.05	576242.32
SÞ-219:102	582523.81	577691.02
SÞ-220:001	584137.39	572954.61
SÞ-220:002	584169.34	572950.27
SÞ-220:003a	583951.2	573074.73
SÞ-220:003b	583884.93	573120.48
SÞ-220:003c	583563.24	573152.04
SÞ-220:003d	583772.5	573161.11
SÞ-220:004	584242.51	572995.63
SÞ-220:005	584181.57	573033.9
SÞ-220:005_Op?	584348.63	571343
SÞ-220:006	584097.15	573015.75
SÞ-220:007	584136.2	572846.33
SÞ-220:008	584115.69	572829.37
SÞ-220:009	584113.32	572816.35
SÞ-220:010	584165.99	572961.51
SÞ-220:011	584252.18	572820.29
SÞ-220:012	584114.31	572892.28
SÞ-220:013	584132.85	573018.12

SÞ-220:014	584189.85	572963.88
SÞ-220:015	584107.8	572962.1
SÞ-220:016	584219.63	573508.05
SÞ-220:017	584164.8	573141.59
SÞ-220:018	584275.65	572821.67
SÞ-220:019	584141.53	572974.33
SÞ-220:020A	583347.46	572932.91
SÞ-220:020B	583359.29	572833.31
SÞ-220:021	584405.23	570864.51
SÞ-220:022	584556.32	571716.76
SÞ-220:023	584437.19	572385.19
SÞ-220:024	583352.98	573500.16
SÞ-220:025	584068.16	573861.5
SÞ-220:026A	583579.21	574461.09
SÞ-220:026B	583563.24	574411.59
SÞ-220:027	584456.32	572493.47
SÞ-220:028	583985.32	573566.43
SÞ-220:029	584380.18	573013.98
SÞ-220:030	584554.34	571741.61
SÞ-220:031	584375.06	572848.69
SÞ-220:032A	583253.38	571364.7
SÞ-220:032B	581810.41	571409.27
SÞ-220:032C	582379.43	571349.51
SÞ-220:033A	582015.53	572709.84
SÞ-220:033B	582018.29	572725.42
SÞ-220:033C	581997.58	572732.72
SÞ-220:033D	581969.58	572735.68
SÞ-220:033E	581962.28	572745.34
SÞ-220:034	584103.86	573367.42
SÞ-220:035	584155.53	573080.25
SÞ-220:036	583547.85	574321.25
SÞ-220:037	582730.71	572747.51
SÞ-220:038	581864.65	573085.18
SÞ-220:039A	582182.19	571730.37
SÞ-220:039B	582183.77	571718.93
SÞ-220:039C	582187.72	571726.62
SÞ-220:039D	582193.63	571727.02
SÞ-220:040	581657.15	572819.5
SÞ-220:041	584185.91	573040.01
SÞ-220:042	583047.86	572059.56
SÞ-220:043A	583036.82	572164.88
SÞ-220:043B	583037.41	572170.6
SÞ-220:043C	583028.14	572264.09
SÞ-220:043D	583019.26	572361.13
SÞ-220:044	583590.06	572066.06
SÞ-220:045A	582714.53	572723.25
SÞ-220:045B	583209.4	572944.35
SÞ-220:046	581768.4	571418.74
SÞ-220:047	581532.3	574317.11
SÞ-220:048	584398.13	572648.7
SÞ-220:050	584213.52	572900.76
SÞ-220:051	583163.83	574667.2
SÞ-220:052	584419.83	572516.75
SÞ-220:053A	583287.7	572130.96
SÞ-220:053B	583246.28	572121.09
SÞ-220:053C	583290.07	572167.44
SÞ-220:053D	583268.96	572216.16
SÞ-220:053E	583224.98	572198.02
SÞ-220:053F	583097.96	572540.61
SÞ-220:053G	583224.58	572342.39
SÞ-220:053H	583230.89	572343.57
SÞ-220:053I	583274.88	572244.37
SÞ-220:054A	582551.02	571947.72
SÞ-220:054B	582593.43	571854.04
SÞ-220:055	583772.11	572846.52
SÞ-220:056A	583159.1	571093.5
SÞ-220:056B	583187.11	571077.92
SÞ-220:056C	583187.31	571125.45
SÞ-220:057	581991.27	572850.07
SÞ-220:058A	584197.35	571129.39
SÞ-220:058B	584206.03	571102.97
SÞ-220:058C	584226.54	571144.98
SÞ-220:058D	584156.72	571098.43
SÞ-220:058E	584317.86	571348.33
SÞ-220:058F garður	584219.04	570883.05
SÞ-220:058G toft	584158.89	570932.16
SÞ-220:059A	583116.1	574108.04
SÞ-220:059B	583113.93	574226.97
SÞ-220:059C	583083.56	574301.33
SÞ-220:059D	583171.13	574196.4
SÞ-220:059E	583174.68	574480.82
SÞ-220:059F	583228.13	574243.74
SÞ-220:059G	583199.14	574258.33
SÞ-220:059H	583201.7	574196.6
SÞ-220:059I	583224.78	574190.09
SÞ-220:059J	583175.08	574142.36
SÞ-220:059K	583172.51	574152.81
SÞ-220:059M	583123.2	574523.02
SÞ-220:059N	583378.62	574537.82
SÞ-220:059O	583136.22	574090.09
SÞ-220:059_p	583242.33	574278.85

SÞ-220:059_Op1	583192.04	574523.42
SÞ-220:059_Thus	583024.19	574524.01
SÞ-220:059_	583148.25	574624.4
SÞ-220:059 A	583089.48	574212.77
SÞ-220:059 B	583089.87	574231.31
SÞ-220:060A	584404.25	572856.98
SÞ-220:060B	584035.81	572953.03
SÞ-220:061A	584248.23	572982.62
SÞ-220:061B	584254.55	572989.32
SÞ-220:062	584461.05	572565.27
SÞ-220:063	584067.57	572865.26
SÞ-220:064	584150.6	572975.91
SÞ-220:065	584037.78	572862.7
SÞ-220:066	584196.56	572995.04
SÞ-220:067A	583987.69	573087.74
SÞ-220:067B	583989.26	573079.85
SÞ-220:068	584227.13	572993.66
SÞ-220:069	584129.7	573550.65
SÞ-220:070	581910.6	572143.78
SÞ-220:071A	583285.73	574615.92
SÞ-220:071B	583250.62	574780.02
SÞ-220:071C	583160.48	574635.65
SÞ-220:072	583148.65	570669.44
SÞ-220:073A	582752.01	573152.83
SÞ-220:073B	582711.38	573185.37
SÞ-220:073C	582501.91	573349.67
SÞ-220:073D	582146.3	573500.36
SÞ-220:073E	582143.34	573505.29
SÞ-220:073F	582112.77	573543.55
SÞ-220:074	583411.17	570413.63
SÞ-220:075A	582140.58	574038.02
SÞ-220:075B	581952.22	574207.25
SÞ-220:075C	581645.12	574032.3
SÞ-220:075D	581705.08	573954.59
SÞ-220:075E	581699.95	573885.95
SÞ-220:075F	581697.98	573877.87
SÞ-220:076	583593.61	571622.48
SÞ-220:077A	581963.86	572909.44
SÞ-220:077B	581971.74	572892.28
SÞ-220:078	583510.18	571814.39
SÞ-220:079	583934.63	572955.4
SÞ-220:080	583423	571972.58
SÞ-220:081	581958.14	572634.89
SÞ-220:082A	583394.99	572198.41
SÞ-220:082B	583413.34	572183.22
SÞ-220:082C	583301.5	572425.62
SÞ-220:082D	583276.46	572484.6
SÞ-220:082E	583259.49	572544.56
SÞ-220:082F	583319.26	572581.24
SÞ-220:083	583628.52	572160.15
SÞ-220:084	583750.61	572446.73
SÞ-221:001	583830.69	576021.03
SÞ-221:002	583814.91	576068.56
SÞ-221:003	583777.43	576154.36
SÞ-221:004	583808.79	576097.36
SÞ-221:005	583679.8	576008.4
SÞ-221:006	583930.29	575520.05
SÞ-221:007	584496.75	572814.57
SÞ-221:008	584538.96	572417.93
SÞ-221:009	583720.43	576069.74
SÞ-221:010	583936.8	575668.37
SÞ-221:011	583485.72	575970.14
SÞ-221:012	586077.98	573074.92
SÞ-221:013	583443.71	576738.57
SÞ-221:014	583523.59	576039.96
SÞ-221:015	583733.45	575744.3
SÞ-221:016	583357.32	576700.7
SÞ-221:017	583270.74	576832.06
SÞ-221:018	587693.34	573191.88
SÞ-221:019	584599.12	572517.73
SÞ-221:020	584145.87	574909.01
SÞ-221:021	584451.58	573225.22
SÞ-221:022	584464.4	573083.4
SÞ-221:023	583892.03	575706.63
SÞ-221:024	583823.98	575913.53
SÞ-221:025	583362.25	576420.23
SÞ-221:026	583297.17	576510.76
SÞ-221:027	583214.13	576706.61
SÞ-221:028	582982.77	576775.06
SÞ-221:030	583308.01	576854.54
SÞ-221B:001	584657.69	572559.15
SÞ-221B:002	584408.19	574117.11
SÞ-221B:003	584558.88	572444.76
SÞ-221B:004	584625.74	572360.54
SÞ-221B:005	584905.62	572562.9
SÞ-221B:006	584617.26	572399.59